FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

24. TÖLUBLAÐ 18. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — MÁNUDAGUR 29. JANÚAR 2018

Nýliðar í Hjálparsveit skáta í Kópavogi skunduðu í gær upp í Skálafell þar sem þeir æfðu björgun úr snjó á snjóflóðanámskeiði sem þar var haldið. Þess má geta að Slysvarnafélagið Landsbjörg heldur í dag upp á að níutíu ár eru frá stofnun Slysvarnafélags Íslands eins og félagið hét þá. Af því tilefni fylgir veglegt sérblað frá félaginu með Fréttablaðinu í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Passinn seinkar heimför Sunnu

SAMFÉLAG Stefnt er að því Sunna Elvira Þorkelsdóttir komi heim til Íslands í dag. Áður hafði verið stefnt að því að hún kæmi á laugardag.

„Það var eitthvert vandamál með vegabréfið hennar en það var hjá lögreglunni í Málaga," segir Jón Kristinn Snæhólm, talsmaður fjölskyldu Sunnu. Ómögulegt reyndist að nálgast vegabréfið um helgina vegna helgarleyfis lögreglu þar ytra.

Jón Kristinn segir að fjölskyldan hafi verið í sambandi við borgaraþjónustu utanríkisráðuneytisins. Það staðfestir Urður Gunnarsdóttir, upplýsingafulltrúi ráðuneytisins, en segir að ráðuneytið geti ekki tjáð sig um einstaka mál.

„Ef allt gengur eftir leggur sjúkravélin af stað frá Þýskalandi á morgun og þaðan verður flogið til Íslands hið fyrsta," segir Jón Kristinn. Haldi vandamálin áfram ætlar hann að fljúga út.

„Líðan Sunnu heldur áfram að versna svo það er mikilvægt að hún komist heim sem fyrst." – **jóe**

Þingvallavatni er ógnað

Efstu lög Þingvallavatns hafa hlýnað vegna veðurfarsbreytinga. Fordæmalausar breytingar urðu 2016. Fiskistofnar gætu hrunið með hnignun kísilþörunga.

NÁTTÚRA „Við óttumst að þetta geti haft ófyrirséðar afleiðingar," segir líffræðingurinn Hilmar J. Malmquist um breytingar í Þingvallavatni.

Stofnar tveggja kísilþörunga, undirstöðu lífríkisins í Þingvallavatni, hrundu árið 2016 en fundust aftur í fyrra. Skýringin er líklega sú að vatnið hlýnaði um 0,2 gráður á áratug frá miðjum níunda áratugnum.

Mest er hlýnunin yfir sumarið. Í júní, júlí og ágúst hefur hitinn hækkað um 1,3 til 1,6 gráður borið saman við meðaltal áranna 1962 til 2016. Haustin og fram í janúar eru líka umtalsvert hlýrri nú en þá.

Uppruni níu tíundu hluta af vatnsbúskap Þingvallavatns er úr vatnsuppsprettum. Það vatn er þriggja til fjögurra gráðu heitt. Þrátt fyrir þessar miklu uppsprettur hefur Þingvallavatn hlýnað marktækt á 30 til 35 árum.

Hilmar Malmquist

Yfirborðið hefur hlýnað meira en neðri lögin. Hilmar segir það rakið til hnattrænnar hlýnunar. Sambærilegar breytingar hafa orðið í öðrum vötnum á norðlægum slóðum.

Fordæmalaus breyting varð í Þingvallavatni 2016 er stofnar tveggja helstu kísilþörunga í vatninu hurfu. „Menn vita ekki til breytinga af þessu tagi áður," segir Hilmar. Þörungarnir fundust í fyrstu rannsóknum á vatninu fyrir tæplega 120 árum.

Hilmar segir hlýnun stöðuvatna hafa áhrif á fiskistofna. Hún hafi bein áhrif á grunn fæðukeðjunnar.

„Við sjáum þess ekki merki á fiskinum í Þingvallavatni. En það má búast við, ef þessir tveir kísilþörungar hrynja og aðrir taka við, að það geti haft áhrif upp í gegn um fæðukeðjuna."

Þá segir Hilmar óvíst að krabbadýrin – sem murtan, það bleikjuafbrigði sem langmest er af í vatninu, éti – geti étið þá þörunga. „Þá hrynur fæðuframboð fyrir murtuna."

Hilmar kveðst síður eiga von á að áhrif á fiska komi jafn sterkt fram í Þingvallavatni og í grynnri vötnum á borð við Elliðavatn.

„Það eru blikur á lofti og eitt og annað sem blasir við," segir Hilmar J. Malmquist um framtíð Þingvallavatns. – **bg**

Fréttablaðið í dag

SKOÐUN Ágúst Ólafur Ágústsson skrifar um ný fjárlög. 8

SPORT Lærisveinar Kristjáns Andréssonar fengu EM-silfur. 10

TÍMAMÓT Fjölmiðlakonan Rikka fagnar fertugsafmæli. 14

LÍFIÐ Förðunarfræðingurinn Fanney Dóra segir frá förðunartísku sumarsins. 20

PLÚS 3 SÉRBLÖÐ
● FÓLK
● FASTEIGNIR
● LANDSBJÖRG

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015

Veður



Suðvestan og vestan 3-10 og él á vestanverðu landinu en víða léttskýjað austan til. Snýst í suðaustan 5-10 í kvöld. Frostlaust með S- og V-ströndinni, en frost annars 1 til 10 stig, kaldast NA-til. SJÁ SÍÐU 16

Sagt nauðgað í fíknimeðferð

FÉLAGSMÁL „Við Rótarkonur þekkjum aragrúa frásagna kvenna sem lent hafa í valdbeitingu, áreitni og ofbeldi innan meðferðarkerfisins,“ segir Kristín I. Pálsdóttir, talskona Rótarinnar.

Kristín segir sögurnar vera af ýmsum toga. Dæmi séu um að konur komi ófrískar úr meðferð, kynnist þar síbrotamönnum sem síðan „berja þær alvarlega“ þegar út er komið.

„Það er oft einkennandi að þetta eru yfirleitt sambönd þar sem er mjög mikið valdamisræmi. Sambönd með eldri körlum og mjög ungum konum,“ segir Kristín.

Í nóvember sendu samtökin félagsmálaráðherra bréf þar sem kallað var eftir því að gerð yrði gangskör í málaflokknum. Því bréfi hefur ekki verið svarað. Í gær sendu samtökin síðan frá sér yfirlýsingu þar sem ákallið var ítrekað.

Hvað þarf að gera til að koma í veg fyrir að þetta gerist og að þessi mál séu tekin alvarlega?

Kristín I. Pálsdóttir, talskona Rótarinnar

„Við erum að biðla til heilbrigðis- og félagsmálayfirvalda, sem bera ábyrgð á þessum málum, að farið verði yfir málið og það rannsakað. Eru þessar sögur sannar, hvað þarf að gera til að koma í veg fyrir að þetta gerist og að þessi mál séu tekin alvarlega en ekki látin liggja óbætt hjá garði,“ segir Kristín.

Í yfirlýsingu Rótarinnar er meðal annars kallað eftir því að hið einsleita meðferðarkerfi sem nú er við lýði verði tekið til endurskoðunar, þá sérstaklega með tilliti til þarfa kvenna með áfengis- og fíkniefnavanda sem samtökin vinna fyrir. **– jóe**

Sigur í höfn

Keppt er í fjölmörgum íþróttagreinum á Reykjavíkurleikunum. Í Laugardalshöll leyndi fölskvalaus gleði sigurvegara í dansi sér ekki. Júlían J. K. Jóhannsson setti Evrópumet í sínum þyngdarflokki er hann lyfti 372,5 kílóum í réttstöðulyftu. Leikunum lýkur á sunnudaginn. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Þorsteinn frá Hamri látinn



Þorsteinn Jónsson frá Hamri lést í gær á heimili sínu í Reykjavík 79 ára að aldri. Þorsteinn fæddist að Hamri í Þverárhlíð í Borgarfirði þann 15. mars 1938 og var kenndur við bæinn.

Eftir Þorstein liggja 26 ljóðabækur. Sú fyrsta, Í svörtum kufli, kom út 1958. Einnig liggja eftir Þorstein skáldsögur og sagnaþættir auk fjölmargra þýðinga. Þá voru verk Þorsteins þýdd á fjölmörg tungumál.

Þorsteinn var fimm sinnum tilnefndur til Bókmenntaverðlauna Norðurlandaráðs. Árið 1996 fékk hann riddarakross hinnar íslensku fálkaorðu og árið 2001 heiðurslaun Alþingis.

Þeir pirruðu geta bara farið til Bolungarvíkur

Ísfirðingar eru ekki sammála um ágæti stóraukins fjölda ferðamanna með tíðari komum skemmtiferðaskipa. Skipafjöldinn tvöfaldaðist á þremur árum. Sumir segjast til sýnis eins og í Disneylandi. Aðrir benda á líflegri bæ og miklar tekjur.

BYGGÐAMÁL Mikil fjölgun hefur verið á komum skemmtiferðaskipa til Ísafjarðar síðastliðin sumur. Gert er ráð fyrir að 110 skemmtiferðaskip komi til bæjarins í sumar, en 100 komu þangað síðastliðið sumar.

Árið 2014 komu 50 skemmtiferðaskip til Ísafjarðar og 4.500 farþegar með þeim en farþegarnir voru 10.000 síðasta sumar.

Í niðurstöðum viðhorfskönnunar meðal íbúa bæjarins í september síðastliðnum segja 40 prósent svarenda að farþegar skemmtiferðaskipa hafi góð áhrif á bæjarlífið en 35 prósent telja svo ekki vera.

„Fólk sem kemur í land frá skipunum virðist halda að það sé komið í eitthvert Disneyland. Það þarf kannski bara að fræða þetta ferðafólk um að við séum venjulegt fólk sem er í vinnu. Við erum gestrisin, en það er óþægilegt að horfast í augu við einhvern í gegnum risa Canon-linsu þegar þú ert að fá þér morgunkaffið á brókinni,“ segir Matthildur Helgadóttir Jónudóttir, íbúi á Ísafirði.

Karítas Pálsdóttir, sem býr einnig á Ísafirði, tekur undir þessi orð Matthildar. Hún bætir við að umgengni ferðafólks í bænum sé mjög góð.

„Hann verður líflegri bæjarbragurinn á þeim dögum sem farþegarnir eru hér í bænum. Ég verð ekki vör við þennan mannaskít sem sumir segja að þeir skilji eftir sig hingað og þangað. Ég á heima efst í bænum og það er kjörinn staður til að gera þarfir sínar en ég hef ekki orðið vör við það,“ segir Karítas.

Það er gaman að spássera um Ísafjörð í góðu veðri. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Það er óþægilegt að horfast í augu við einhvern í gegnum risa Canon-linsu þegar þú ert að fá þér morgunkaffið á brókinni.

Matthildur Helgadóttir Jónudóttir

Þá segir Gunnar Þórðarson, sem einnig býr í bænum, að það muni um tekjurnar sem skipin skili inn.

„Ég hef sagt við þá sem eru að pirra sig yfir þessu að þeir geti farið yfir til Bolungarvíkur, það er enginn á götunum þar. Þetta skapar miklar tekjur, þetta er helmingurinn af öllum hafnargjöldum sem Ísafjarðarbær fær. Ég veit um verslanir og þjónustuaðila sem myndu ekki þrífast nema hafa tekjur af þessu,“ egir Gunnar Þórðarson.

aroningi@frettabladid.is

Smærri viðgerðir

Hraðþjónusta HEKLU.
Hringdu í 590 50 30 eða renndu við.
Hekla.is

HEKLA

TOYOTA

ALWAYS A
BETTER WAY

FYRIR ÁST ÞÍNA Á

TVEGGJA ÁRA ÞJÓNUSTUPAKKI FYLGIR

Verð frá: 1.680.000 kr.

ÍSLENSKA/SIA/ISTOY 87233 01/18

Þjónustan kemur af sjálfu sér

Þú vilt allt það besta fyrir þinn AYGO og nú fylgir **með í kaupunum þjónustuskoðun og smurning í tvö ár**.
Njóttu þess að leggja ást við það sem veitir þér gleði. Farðu og slepptu þér af því að þjónustan fylgir í kaupbæti.

Kynntu þér Toyota FLEX, nýja leið til að eignast Toyota bifreið, á www.toyota.is

VILDARPUNKTAR ICELANDAIR MEÐ ÖLLUM NÝJUM TOYOTUM

5 3+2 ÁBYRGÐ · 2 ÁRA ÞJÓNUSTA · FLEX

Toyota Kauptúni
Kauptúni 6
Garðabæ
Sími: 570-5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
Reykjanesbæ
Sími: 420-6600

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
Selfossi
Sími: 480-8000

Sjá nánar um Vildarpunktasöfnun á www.toyota.is. Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er. Fyrirvari við 5 ára ábyrgð: Ökutækinu skal viðhaldið samkvæmt vörulýsingu og leiðbeiningum framleiðandans. Sé það ekki gert getur það valdið ógildingu ábyrgðar varðandi hluti sem þarfnast viðhalds. Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur.

Frambjóðandi í Eflingu undrast að verkfallsvopni sé ekki beitt

FÉLAGSMÁL „Við höfum öll upplifað það persónulega mjög sterkt að það væri kominn tími til að hrista upp í verkalýðsforystunni," segir Sólveig Anna Jónsdóttir, formannsefni lista til stjórnar í stéttarfélaginu Eflingu.

Sigurður Bessason, formaður Eflingar til átján ára, hættir í apríl. Lista með núverandi stjórnarmönnum hefur þegar verið stillt upp.

Sjö manns auk Sólveigar eru á nýja listanum sem hún segir skipaðan fólki í ýmsum störfum innan Eflingar, þar með töldum þremur innflytjendum. Sjálf vinnur hún sem ófaglærð á leikskóla.

Aðspurð um helstu áherslumál segir Sólveig málefnin hreinlega hrannast upp. „Fólk er náttúrlega ótrúlega ósátt við að strita langan og erfiðan vinnudag fyrir laun sem ekki er hægt að lifa af. Hér er fullorðið fólk sem þarf að sjá fyrir fjölskyldu að vinna á lágmarkstöxtum og það er engin leið til að láta enda ná saman."

Sólveig segir að staðan væri væntanlega ekki svona slæm ef hér væri háð sú róttæka verkalýðsbarátta sem fyrir löngu sé kominn tími á.

„Hún felst í því að vera raunverulega fulltrúi fólksins sem vinnur verkmannavinnuna, fólksins sem stritar hér í þessu arðránssamfélagi," útskýrir hún. „Eitt af stóru vandmálunum er að við erum orðin algjörlega ósýnileg. Við eigum hvergi pláss, það talar enginn máli okkar og við fáum enga athygli."

Sólveig Anna Jónsdóttir, frambjóðandi í Eflingu. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Aðspurð hvernig nákvæmlega þau hyggist ná fram launahækkunum og öðrum bótum segist Sólveig ekki tilbúin að svara því að svo stöddu. Það komi þó til greina að beita verkfallsvopninu oftar. „Eftir að kreppan reið yfir með öllum niðurskurðinum sem fylgdi taldi ég að það hlyti að koma að því að verkfallsvopninu yrði beitt til þess að bæta kjör okkar. Og ég er algjörlega undrandi á því að það hafi ekki verið gert." **– gar**

Hörð mótmæli úr Grímsnesi

SVEITARSTJÓRNIR Samband íslenskra sveitarfélaga er harðlega gagnrýnt af sveitarstjórn Grímsness- og Grafningshrepps fyrir þátt sinn í samkomulagi um breytingar á skipan lífeyrismála opinberra starfsmanna.

Sveitarstjórnin gerir athugasemdir við að Sambands íslenskra sveitarfélaga fyrir hönd sveitarfélaganna geti skuldbundið sveitarfélög um 40 milljarða án þess að nokkurt sveitarfélag hafi samþykkt slíkar skuldbindingar formlega," segir sveitarstjórnin sem kveðst aldrei hafa heimilað „sambandinu né öðrum að skuldbinda sveitarfélagið fyrir tugum milljóna króna". **– gar**

Lambakjöt er þjóðarréttur Íslendinga. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Sala lambakjöts jókst um 3,5%

LANDBÚNAÐUR 10.619 tonn voru framleidd af lamba- og kindakjöti í fyrra. Þar af var dilkakjöt um 9.200 tonn og ærkjöt um 1.200 tonn.

Heildaraukning varð í fyrra á sölu lambakjöts um 3,5 prósent. Hins vegar var salan á dilkakjöti einungis 6.200 tonn eða heilum þrjú þúsund tonnum – þremur milljónum kílóa – minni en framleiðslan. Einnig seldist ekki nema helmingur þess ærkjöts sem íslenskir sauðfjárbændur sendu í sláturhús.

Verð á mörkuðum erlendis hefur gert íslenskum sauðfjárbændum skráveifu. Greinin er skuldbundin því að flytja út nærri 30 prósent af framleiðslu sinni því framleitt er mun meira en við torgum. **– sa**

Tilkynnt um 51 kynferðisbrot gegn börnum til lögreglu 2017

Tilkynningum um kynferðisbrot gegn börnum fækkaði í fyrra samanborið við árin þar á undan. 40 prósent brota sem tilkynnt voru í fyrra eru enn í rannsókn. Nærri þrjú hundruð börn komu í Barnahús á síðasta ári og var mikið álag í kringum jólin. Hælisleitandi börnum fjölgaði mjög að sögn forstöðumanns Barnahúss.

LÖGREGLUMÁL Fimmtíu og ein tilkynning um kynferðisbrot gegn börnum barst lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu í fyrra, sem er 25 prósentum færri tilkynningar en bárust að meðaltali síðustu þrjú ár þar á undan.

Þetta kemur fram í svörum lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu við fyrirspurn Fréttablaðsins. Líkt og Fréttablaðið hefur greint frá eru nú 29 mál er varða kynferðisbrot gegn börnum til rannsóknar hjá lögreglu. Þykja þau óvenju mörg og hefur farið fjölgandi síðustu mánuði.

Í samantekt lögreglunnar á upplýsingum um fjölda tilkynntra kynferðisbrota gegn börnum árin 2011 til 2017 og stöðu þeirra segir að rúm 40 prósent kynferðisbrota gegn börnum sem tilkynnt voru til lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu í fyrra séu enn í rannsókn. Ákært var í 22,7 prósentum mála í fyrra en rannsókn hætt hjá ákæruvaldi í rúmlega 12 prósentum mála.

Árið 2013 sker sig verulega úr í fjölda tilkynninga sem skýrist af umfjöllun fjölmiðla um kynferðisbrot gegn börnum, meðal annars mál Karls Vignis Þorsteinssonar.

Barnahús sinnir málefnum barna sem grunur leikur á að hafi sætt kynferðislegri áreitni eða ofbeldi. Ólöf Ásta Farestveit, forstöðumaður Barnahúss, segir að þar á bæ hafi fólk ekki fundið fyrir óeðlilegu álagi undanfarið, á því kunni þó að vera skýringar.

„Það er búið að vera jafnt og þétt álag á okkur. En það getur komið seinna til okkar. Sérstaklega ef um er að ræða unglinga sem eru 15-17 ára sem fara í skýrslutöku hjá lögreglu, þá líður alltaf ákveðinn tími þar til óskað er eftir meðferð í Barnahúsi fyrir þau. Þunginn kemur til lögreglu fyrst og við finnum seinna fyrir því," segir Ólöf Ásta. Hún segir sömu sögu vera að segja af yngstu börnunum, þar hafi verið jafnt og þétt álag.

„En þar var svolítið mikið um jólin, mikill þungi."

Samkvæmt upplýsingum frá Barnahúsi komu 294 börn þangað í fyrra. Könnunarviðtöl fyrir barnaverndarnefnd, þar sem grunur er um kynferðisbrot eða gerandi er ósakhæfur, voru 116. Skýrslutökur fyrir dómi voru 114 og því samtals 230 rannsóknarviðtöl í það heila árið 2017.

„Svo er að fjölga hjá okkur vegalausu börnunum. Það var talið að það yrðu fjögur til fimm á ári en við fengum tuttugu vegalaus, eða hælisleitandi, börn í fyrra. Það er aukning þar." **mikael@frettabladid.is**

Lögreglu barst 51 tilkynning um kynferðisbrot gegn börnum í fyrra. Heldur færri en undanfarin ár. Myndin er sviðsett. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Fjöldi tilkynninga um kynferðisbrot gegn börnum
2011-2017

HEIMILD: LRH



> **Svo er að fjölga hjá okkur vegalausu börnunum. Það var talið að það yrðu fjögur til fimm á ári en við fengum tuttugu vegalaus, eða hælisleitandi, börn í fyrra.**
>
> Ólöf Ásta Farestveit, forstöðumaður Barnahúss

Framboðslistinn endurspegli breiddina

STJÓRNMÁL „Ég held að enginn hafi átt von á því að þetta yrði svona afgerandi," segir Eyþór Arnalds, oddviti Sjálfstæðismanna í komandi borgarstjórnarkosningum. Eyþór hlaut rétt tæp sextíu prósent í leiðtogaprófkjöri flokksins sem fram fór á laugardag.

„Ég fann mikla jákvæðni í garð þeirra áherslna sem ég bauð upp á. Ég hef skýra sýn á hvaða breytingar þarf að gera og ég tel að það hafi skilað þessum árangri," segir Eyþór.

Aðeins var kosið um fyrsta sæti listans í prófkjörinu en uppstillingarnefnd mun nú taka við og skipa í hin 45 sætin sem fylla þarf.

„Ég hef heyrt af miklum áhuga frá fólki sem vill taka sæti á listanum og held að nefndin muni glíma við þann lúxusvanda að hafa úr mörgum að velja," segir Eyþór. „Það er mikilvægt að framboðið í vor endurspegli vilja íbúa borgarinnar og þá breidd sem er í flokknum. Það er uppi skýr krafa um breytingar. Markmiðið er að koma núverandi borgarstjórnarmeirihluta frá."

Eyþór Arnalds og meðframbjóðendur hans í kjörinu. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Borgarfulltrúinn Áslaug Friðriksdóttir varð önnur í kosningunni með fimmtung atkvæða. Kjartan Magnússon fékk tæp tólf prósent, Vilhjálmur Bjarnason tæp fimm og Viðar Guðjohnsen 1,7 prósent. Ekki náðist í aðra frambjóðendur en í viðtali við Kjarnann segir Kjartan að hann gæti hugsað sér að taka sæti á lista verði til hans leitað. **– jóe**

440 4000

Fimm sinnum takk!

Samkvæmt Íslensku ánægjuvoginni eru ánægðustu viðskiptavinir á bankamarkaði hjá Íslandsbanka – **fimmta árið í röð.**

Við erum afar stolt af árangrinum því ánægja viðskiptavina okkar skiptir öllu máli. Kærar þakkir.

ÍSLENSKA ÁNÆGJUVOGIN 2017

@islandsbanki

islandsbanki.is

Unnur Þormóðsdóttir er formaður bæjarráðs Hveragerðis. FRÉTTABLAÐIÐ/MAGNÚS HLYNUR

Á móti lækkun kosningaaldurs

STJÓRNSÝSLA „Við í Hveragerði teljum að líta verði á málið í heild sinni. Ef 16 ára börn eiga að mega kjósa, á þá lögræðisaldur ekki að vera 16 ár líka?“ segir Unnur Þormóðsdóttir, formaður bæjarráðs Hveragerðisbæjar, um hugmyndir um lækkun kosningaaldurs úr 18 ára aldri í 16 ár.

„Ef 16 ára barn má taka sæti í sveitarstjórn þá þarf það nú eiginlega að vera fjárráða,“ segir Unnur jafnframt. Bæjarráðið segir í bókun að nauðsynlegt sé að þeir sem taki þátt í sveitarstjórnarmálum hafi lagalegu stöðu til að taka ákvarðanir fyrir hönd sveitarfélagsins, en séu ekki ófjárráða og heyri undir lög um barnavernd og forræði foreldra. **– mhh**

Malbika á 47 kílómetra í Reykjavík í sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Met í malbikun í ár í Reykjavík

REYKJAVÍK Lagðir verða 43 kílómetrar af malbiki næsta sumar í Reykjavík og hljóðar kostnaðaráætlun borgarinnar fyrir malbiksframkvæmdir á þessu ári upp á tæpa tvo milljarða króna.

Aldrei hefur verið malbikað jafn mikið í borginni á einu ári. Árið 2017 voru malbikaðir rúmlega 30 kílómetrar af götum í Reykjavík. 43 kílómetrar eru um 10 prósent af heildarlengd gatnakerfis borgarinnar. Áhersla er á götur þar sem umferð er mikil. **– la**

Hyggjast framleiða rafmagn úr heitu vatni á Flúðum

SVEITARSTJÓRNIR Hrunamannahreppur og Hitaveita Flúða hafa samið við Varmaorku um samstarf til framleiðslu rafmagns úr lághita. Nýstofnað fyrirtæki, Flúðaorka, heldur utan um framleiðsluna sem hefjast á í sumar úr heitavatnsholu í landi Kópsvatns við Flúðir.

Ætlunin er að framleiða 600 kW af raforku inn á kerfi Rarik. „Þetta snýst um þá tækni að það er verið að taka heitasta toppinn af vatninu, eða úr 115 gráðum og setja það niður í 75 gráður og framleiða rafmagn úr því. Í þessu tilfelli er hugsunin að nýta um 20 sekúndulítra í holunni í rafmagnsframleiðsluna en afkastageta holunnar er 45 sekúndulítrar,“ segir Jón G. Valgeirsson, sveitarstjóri Hrunamannahrepps.

Jón G. Valgeirsson

Framleiðslukerfið er byggt upp með smáum, sveigjanlegum einingum sem framleiða allt að 150 kW rafmagns. Hver eining er sjálfstæð svo einfalt er að auka við eða minnka framleiðsluna. Við framleiðsluna lækkar hitastig vatnsins án þess að breyta magni eða gæðum þess. Jón segir mikla eftirvæntingu vegna starfsemi Flúðaorku.

„Já, þetta er mjög spennandi verkefni og alveg nýtt fyrir okkur að framleiða rafmagn úr heitavatnsholu. Það er líka frábært því það er verið að nýta jarðhitaauðlindir sem mynda hreint og endurnýjanlegt rafmagn með tækni sem gerir kleift að nýta jarðhita mun betur en áður,“ segir sveitarstjórinn. **– mhh**

Krakkar og kennarar streyma úr Breiðholtsskóla vegna óróa

Foreldrar eru óánægðir með tíðar uppsagnir kennara og óstöðugleika sem þær skapa meðal nemenda í Breiðholtsskóla. Dæmi eru um að nemendur fái nýjan umsjónarkennara árlega. Skólastjóri telur nýja stjórnunarhætti og breytingar vera orsök ólgu meðal foreldra. Unnið er að úrbótum í samráði við borgaryfirvöld.

SKÓLAMÁL „Dóttir mín ákvað sjálf að þetta væri ekki hægt lengur,“ segir Silja Andradóttir, móðir stúlku í 9. bekk sem í nóvember skipti um skóla vegna slæmrar aðstöðu í Breiðholtsskóla.

„Hana vantaði betri aðstöðu. Þetta er hennar vinnustaður. Hún hefur verið með sjö mismunandi umsjónarkennara síðan hún byrjaði þarna fyrir fjórum og hálfu ári. Það er mjög lítill stöðugleiki í því,“ útskýrir Silja.

Silja er sjálf úr Breiðholti og var, að eigin sögn, í tíu gleðileg ár í Breiðholtsskóla. Hún flutti með börnin sín þrjú í Breiðholtið og var spennt fyrir því að þau gætu notið þess, eins og hún.

„Ég var svo ánægð með að þau kæmust í svona góðan skóla. Svo er maður bara að sjá eitthvað allt annað í dag,“ segir Silja.

Hún telur kennarana sjálfa ekki vera vandamálið, heldur tíðar uppsagnir þeirra og óstöðugleika.

„Kennararnir eru flestir frábærir. En málið er að þeir stoppa svo stutt í skólanum, eitt skólaár eða jafnvel bara eina önn. Það hefur skapað ójafnvægi og slæmt andrúmsloft í Breiðholtsskóla. Það segir sig kannski sjálft að þegar kennarar stoppa stutt, þá hlýtur eitthvað að vera að hjá stjórnendum skólans,“ segir Silja.

Samkvæmt Skóla- og frístundasviði hafa 54 börn hætt í skólanum síðastliðna tólf mánuði, af þeim fluttu 38 úr hverfinu. Sextán búa enn í hverfinu, en hafa kosið að sækja aðra skóla. Á sama tíma hafa níu kennarar sagt upp störfum, þar af hættu sjö kennarar síðasta vor og tveir núna um áramótin.

Dóttir Silju Daggar Andradóttur gafst upp á ástandinu í Breiðholtsskóla í haust og skipti um skóla. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

> **Svo hafa einhverjir einfaldlega hætt vegna þessarar ólgu. Ekki vegna minna stjórnunarhátta.**

Jónína Ágústsdóttir, skólastjóri í Breiðholtsskóla

Jónína Ágústsdóttir, skólastjóri í Breiðholtsskóla, er sammála staðhæfingum um óánægju innan skólans en segir margar ólíkar ástæður fyrir því að bæði kennararnir og börnin hafi hætt. „Tveir fluttu út á land og svo hafa einhverjir einfaldlega hætt vegna þessarar óánægju. Ekki vegna minna stjórnunarhátta. Heldur vegna þess að kennarar hafa talið þessar vinnuaðstæður ómögulegar.“

Hún telur enn fremur breytingar á skólastarfi og nýja stjórnunarhætti hafa eitthvað að segja. Hún segir nemendur ánægða, að skólinn komi framúrskarandi vel út úr mælingum á læsi og samræmdum prófum og faglegt og gott starf sé unnið í skólanum.

Mikil úrbótavinna var sett af stað innan skólans í kjölfar óánægju meðal foreldra síðastliðið ár. Umbótatillögur hafa helst snúið að skólabrag, samskiptum, stjórnun og mannauði. Áfangaskýrsla um umbótavinnu er væntanleg síðar í mánuðinum. **lovisaa@frettabladid.is**

Nýr Polo. Besta útgáfan af sjálfum sér.

Nýr Volkswagen Polo mætir gjörbreyttur til leiks.

Stærra innanrými, tæknilegri sæti og frábært upplýsinga- og afþreyingarkerfi gera allar bílferðir betri í nýjum Volkswagen Polo. Ný vélartækni skilar meira afli og sparar eldsneyti sem eykur enn á ánægjuna. Þú getur valið um fjölmörg aðstoðarkerfi og búnað svo að þinn Polo verði nákvæmlega eins og þú vilt hafa hann. Komdu og reynsluaktu nýjum Volkswagen Polo. Hlökkum til að sjá þig!

Verð frá:
2.390.000 kr.

FIMM ÁRA ÁBYRGÐ HJÁ HEKLU 5

EURO NCAP FOR SAFER CARS www.euroncap.com ★★★★★

Kynntu þér vistvænt tilboð á metanútfærslu Polo á volkswagen.is/vistvaent

Við látum framtíðina rætast.

Volkswagen

www.volkswagen.is

HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ

FRÉTTABLAÐIÐ
SKOÐUN

Orðin tóm

Magnús Guðmundsson
magnus@frettabladid.is

Mál unga flóttamannsins sem varð fyrir hrottafenginni líkamsárás á Litla-Hrauni af hálfu nokkurra fanga er íslenskum stjórnvöldum til háborinnar skammar. Allt frá árinu 2016 þegar drengurinn kom hingað til lands ásamt félaga sínum, báðir börn og fylgdarlausir hælisleitendur, hefur hann mátt þola óviðunandi framgöngu af hálfu íslenska ríkisins. Framgöngu sem dregur upp mynd af okkur sem þjóð sem þarf að horfast í augu við eigin fordóma, slælega framgöngu í málefnum hælisleitenda og innflytjenda og gera í kjölfarið róttækar breytingar til betri vegar.

Raunasaga drengsins sem varð fyrir líkamsárásinni á Litla-Hrauni verður ekki rakin hér í smáatriðum. Upp úr stendur þó að hann var látinn sæta aldursgreiningu á tönnum, sem er eitthvað sem mannréttindasamtök hafa lagst eindregið gegn enda niðurstöður óáreiðanlegar, en í kjölfarið var ákveðið að hann fengi að njóta vafans. Slík varð þó ekki raunin þegar á hólminn var komið heilu ári síðar og voru drengnum þá gefnir 30 dagar til þess að koma sér úr landi eða að öðrum kosti vera sendur aftur til Marokkó í lögreglufylgd. Afleiðingin var sú að drengurinn endaði örvinglaður og auralaus á götunni og reyndi ítrekað að komast um borð í skip á leið til Kanada.

Í framhaldi var drengurinn svo hnepptur í gæsluvarðhald og loks vistaður innan um harðsvíraða glæpamenn á Litla-Hrauni þar sem hann varð fyrir hrottalegri líkamsárás í síðustu viku. Talið er að árásin hafi átt sér stað annaðhvort vegna kynþáttahaturs eða þess að drengurinn var vistaður á deild fyrir kynferðisbrotamenn. Hvort sem er rétt, þá er ljóst að vistunin var á ábyrgð íslenskra stjórnvalda sem einfaldlega virðast of oft fótumtroða mannréttindi þeirra sem hingað leita og minna mega sín í krafti regluverksins.

Við getum rétt byrjað að ímynda okkur hver væru viðbrögð íslensks samfélags og íslenskra stjórnvalda ef mannréttindi íslensks ungmennis væru fótumtroðin á erlendri grund með sambærilegum afleiðingum. Við hljótum að þurfa að finna hjá okkur hugrekki til að skoða þessi mál út frá því þeim möguleika að í sporum drengsins stæði einhver okkur nákominn, ættingi eða ástvinur. Ef ekki, þá er allt tal um mannvirðingu og náungakærleik ekkert annað en orðin tóm og merkingarlaust hjal á tyllidögum.

Það er fátt sem segir meira um það hvaða mann við höfum að geyma en framkoma okkar gagnvart öðrum og þá ekki síst þeim sem standa höllum fæti. Einhver kann þá að segja að við eigum að byrja á því að gæta að lífsskilyrðum og réttindum þeirra sem hér búa. En að halda því að fram að það fríi okkur ábyrgð gagnvart þeim sem hingað leita skjóls er hreint út sagt galið, ef ekki beinlínis vitnisburður um mannvonsku. Ójöfnuðurinn á Íslandi fríar okkur ekki undan alþjóðlegum sáttmálum um mannréttindi eða öðrum skuldbindingum sem krefja okkur um að koma fram við fólk með mannsæmandi hætti. Aldrei og án undantekninga.

Það er fátt sem segir meira um það hvaða mann við höfum að geyma en framkoma okkar gagnvart öðrum og þá ekki síst þeim sem standa höllum fæti.

Halldór

Frá degi til dags

Smásölumarkaðurinn
Öllum að óvörum mældist ÁTVR hæst allra í Íslensku ánægjuvoginni. Góður árangur ÁTVR er eftirtektarverður fyrir margra hluta sakir og þá sérstaklega í ljósi þess að viðskiptavinir keðjunnar hafa haldið tryggð við hana þrátt fyrir gífurlega samkeppni á markaðnum. Áhugamenn um góða nýtingu á ríkisfé bíða síðan margir hverjir sveittir á efri vörinni eftir árlegri auglýsingaherferð fyrirtækisins þar sem framúrskarandi árangur þess er tíundaður og viðskiptavinum er þakkað fyrir það stórkostlega traust sem þeir sýna með innkaupum sínum. Það verður spennandi að sjá hvort landsmenn haldi áfram að kaupa sínar veigar í versluninni á árinu.

Þingræðið
Flokksráðsfundur Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs fór fram um helgina. Fleiri en einn og fleiri en tveir hafa klórað sér í kollinum yfir undarlegum skilningi Edwards H. Huijbens, varaformanns flokksins, á stjórnskipan landsins. Í máli hans skilaði hann skömminni af ráðherraskipan ríkisstjórnarinnar heim til kjósenda. Einhver þyrfti hins vegar að benda Edward á það að ráðherrar geta ekki setið í embætti nema þeir hafði stuðning, eða að minnsta kosti hlutleysi, þingsins.
johannoli@frettabladid.is

Vinstri svik

Ágúst Ólafur Ágústsson
þingmaður Samfylkingarinnar

Fjárlög eru besti vitnisburður um áherslumál ríkisstjórnar enda er verið að ráðstafa peningum skattgreiðenda. Fyrstu fjárlög ríkisstjórnar Vinstri grænna eru því mikil vonbrigði. Fjárlögin bera vott um svik við kjósendur og algjört metnaðarleysi í velferðarmálum. Hvorki er ráðist í nauðsynlegar fjárfestingar í innviðum samfélagsins né er ráðist í nauðsynlega tekjuöflun.

Þegar þessi fjárlög eru borin saman við fjárlagafrumvarp fyrri ríkisstjórnar sem sprakk í haust, frumvarp sem Vinstri græn kölluðu „hægri sveltistefnu“ og „ömurlegt“, kemur í ljós að einungis er gerð 2,2% breyting á milli frumvarpa. Vinstri græn lýsa hins vegar fjárlagafrumvarpi sínu sem „stórsókn“ og „björgun“ í velferðarmálum. Það sjá allir að 2,2% breyting á „ömurlegri hægri sveltistefnu“ getur seint talist vera „stórsókn“ eða vísbending um „stóraukin framlög“ eins og VG hefur lýst því. Fulltrúi Öryrkjabandalagsins kallaði frumvarp VG meira að segja „copy paste“ frá frumvarpi síðustu ríkisstjórnar sem VG átti ekki orð yfir hversu lélegt væri.

Það er sorglegt að sjá að Vinstri græn setja engar viðbótarfjárveitingar í barnabætur, vaxtabætur, húsnæðisstyrk, fæðingarorlof og húsnæðismál frá því sem fyrri ríkisstjórn hafði þegar ákveðið að gera áður en VG komst í ráðherrastólana. Allir forsvarsmenn heilbrigðisstofnana og framhaldsskóla, landssamtök eldri borgara og öryrkja lýstu yfir mikilli óánægju með fjárlagafrumvarpið. Landspítalinn fær ekki einu sinni nóg til að halda í horfinu. Heilbrigðisstofnanir úti á landi fá minna en helming af því sem þær óskuðu eftir svo hægt væri að tryggja óbreytta starfsemi.

Þegar tækifæri gafst til að leiðrétta þetta greiddu allir þingmenn VG með tölu atkvæði gegn velferðartillögum Samfylkingarinnar sem VG hafði sjálft lagt fram áður á Alþingi. VG kaus meira að segja gegn auknum fjármunum til aðgerða gegn kynferðislegu ofbeldi. Að sjálfsögðu er ekki hægt að mæta öllum óskum allra en engin af tillögum Samfylkingarinnar hefði sett ríkisfjármálin á hvolf og meira að segja hefðu þær tekjur sem ríkisstjórn ákvað að gefa eftir dugað til að fjármagna þær. Til hvers var eiginlega barist, Vinstri græn?

Það sjá allir að 2,2% breyting á „ömurlegri hægri sveltistefnu“ getur seint talist vera „stórsókn“ eða vísbending um „stóraukin framlög“ eins og VG hefur lýst því.

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Einar Þór Sverrisson FORSTJÓRI: Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI: Kristín Þorsteinsdóttir kristin@frettabladid.is
AÐSTOÐARRITSTJÓRAR: Kjartan Hreinn Njálsson kjartanh@frettabladid.is, Ólöf Skaftadóttir olof@frettabladid.is, Sunna Karen Sigurþórsdóttir sunnak@frettabladid.is.
Fréttablaðið kemur út í 85.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000, ritstjorn@frettabladid.is HELGARBLAÐ: Kristjana Björg Guðbrandsdóttir kristjanabjorg@frettabladid.is MARKAÐURINN: Hörður Ægisson hordur@frettabladid.is
MENNING: Magnús Guðmundsson magnus@frettabladid.is LÍFIÐ: Guðný Hrönn Antonsdóttir gudnyhronn@frettabladid.is LJÓSMYNDIR: Vilhelm Gunnarsson villi@frettabladid.is FRAMLEIÐSLUSTJÓRI: Sæmundur Freyr Árnason sfa@frettabladid.is

Ástæðulaust að lækka bókaskatt

Í DAG

Pawel Bartoszek

Ég finn til ábyrgðar gagnvart illa læsum börnum þessa lands. Ég vinn nefnilega við það að raða bókstöfum í orð. Þetta er afar nauðsynleg iðja, að því er virðist, af því að stjórnmálamenn eru alltaf til í að niðurgreiða framleiðslu á orðum og bókstöfum. Það má því ætla að þeir telji að fleiri orð og bókstafir skili sér sjálfkrafa í betur læsum börnum.

Þar sem pistlar mínir eru flokkaðir með listsköpun (takk, en samt), greiði ég af þeim engan virðisaukaskatt. Það er auðvitað heppilegt fyrir mig og ég kvarta ekki undan því, ekki frekar en neinn annar sem greiðir ekki virðisaukaskatt kvartar undan því og biður um að fá að gera það.

En þó að listrænar skoðanir mínar yfirgefi tölvuna vasklausar þá fá þær ekki að dvelja í skattaparadís að eilífu. Ef þær birtast á prenti í bók eða blaði og eru seldar þá þarf útgefandinn að greiða virðisaukaskatt af bókinni eða blaðinu. Auðvitað finnst honum það verra og hann fagnar þeim stjórnmálamönnum sem bjóða honum að losna við það.

Eflaust yrði það gott fyrir bóka- og blaðaútgáfu að fá að sleppa við virðisaukaskatt og ef skattkerfinu verður einhvern tímann breytt í þá veru, þá er það svo sem ekki ástæða til að pakka í töskur og flýja land. Það er ekkert nýtt við það að pólitíkusar hampi „göfugum“ rekstri á kostnað annars. Hins vegar er alls óvíst að þetta skili þeim árangri að fólk kaupi fleiri bækur og lesi meira, hvað þá að börn geri það.

Bækur eru gjafir

Bækur eru oftar en ekki gefnar sem gjafir. Gjafir haga sér eftir ákveðnum lögmálum. Segjum að við ætlum að gefa eldri ættingja, sem við virðum og metum, digra og metnaðarfulla bók í jólagjöf. Við förum í bókabúð (alls ekki matvöruverslun) og sjáum ævisögu fyrrverandi ráðherra, „Í stormi tímans“, til sölu á 4.990 kr. Ættinginn heldur upp á ráðherrann fyrrverandi, svo þetta er kjörið.

Hverju myndi það breyta ef bókin myndi kosta 4.495 kr. í staðinn, eins og hún ætti að gera ef það sem næmi 11% virðisaukaskatti færi af? Líklegast litlu. Líklegast eru þeir ekki margir sem væru á annað borð að velja gjafir á þessu verðbili sem myndu láta fimmhundruðkall til eða frá skipta sig máli. Því er líklegast að bókin myndi áfram vera seld á 4.990 kr. jafnvel þótt vaskurinn myndi lækka.

Gjafir virka oft þannig: fólk ákveður upphæðina, mismeðvitað, og fyllir svo upp í hana. Það er til dæmis ekki víst að ef við sæjum að búið væri að fjórlækka verðið á „Í stormi tímans“ og pikklíma á hana „2 fyrir 3.000“-límmiða, að

Bækur eru oftar en ekki gefnar sem gjafir. Gjafir haga sér eftir ákveðnum lögmálum.

bókin myndi við þetta batna sem gjöf í okkar huga. Hún væri orðin of ódýr. Þá eiginlega þyrfti að bæta einhverju við, gefa aðra bók, sem okkur finnst kannski asnalegt. Nei, við förum og leitum að einhverju öðru.

Skortur á bókstöfum ekki vandamálið

Þó svo að bóksala tæki einhvern kipp, þá er nú alls kostar óvíst að það hafi einhver þau áhrif að til dæmis börn læsu meira. Það er verulega hæpið að ástæða þess að börn lesi minna en sumir myndu vilja sé skortur á orðum og bókstöfum í nánasta umhverfi þeirra. Flest börn fá alveg bækur, í flestum skólum er ofgnótt bóka, á mörgum heimilum er fullt af bókum. Bækurnar eiga hins vegar í harðri samkeppni við aðra afþreyingu. Það er það sem telur, ekki verðlagið.

Svo vindur þetta náttúrlega upp á sig. Ef bækur eiga að vera undanþegnar skatti þá er spurning hvort dagblöð og tímarit eigi ekki að vera það líka. Og þá náttúrlega netmiðlar líka. Og þá kannski bara áskrift að öllum fjölmiðlum. Og þá erum við farin að mismuna afþreyingu ansi mikið nema við tökum tölvuleiki með. Svo fer fólk að biðja um að afnema skatt af biósýningum. Sem er þegar að gerast.

Auðvitað er freistandi fyrir stjórnmálamenn að reynda stöðugt að finna nýjar atvinnugreinar til að nostra við. En má ég frekar biðja um lága og einfalda skatta frekar en endalausar undanþágur frá þeim.

20% opnunarafsláttur í Hafnarstræti í dag

10% af lausasölulyfjum*.
20% af öllum öðrum vörum.
*Tilboð gilda ekki fyrir lyfseðilsskyld lyf.

LYFJA – Lifið heil

Alvöru atvinnubíll
Dacia Dokker

Janúar smellverð:
1.736.000 kr.
án vsk.
Verð frá: ~~2.340.000 kr.~~

Dacia Dokker er einn hagkvæmasti kosturinn sem í boði er fyrir þá sem leita að litlum sendibíl. Dacia Dokker er með 1,5 l, 90 hestafla dískvél sem notar einungis 4,5 l í blönduðum akstri*. Dacia bílarnir hafa komið einskalega vel út hvað varðar áreiðanleika í rekstri.

*Viðmiðunartölur framleiðanda um eldsneytisnotkun í blönduðum akstri. / Búnaður bíls á mynd kann að vera frábrugðin auglýstu verði

ENNEMM / SÍA / NM86368

GE bílar, Reykjanesbæ, www.gebilar.is, 420 0400
Bílasalan Bílás, Akranesi, www.bilas.is, 431 2622
Bílasala Akureyrar, Akureyri, www.bilak.is, 461 2533
Bílaverkstæði Austurlands, Egilsstöðum, www.bva.is, 470 5070
IB ehf., Selfossi, www.ib.is, 480 8080
BL söluumboð, Vestmannaeyjum, 481 1313, 862 2516

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

Raúl Entrerrios, fyrirliði Spánverja, lyftir sigurlaunum á EM. Spánn vann sex marka sigur á Svíþjóð, 29-23, í úrslitaleik Evrópumótsins í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Kristján og félagar fengu silfur

Annað Evrópumótið í handbolta í röð var íslenskur þjálfari í úrslitum. Kristjáni Andréssyni tókst þó ekki að leika sama leik og Degi Sigurðssyni, sem gerði Þýskaland að Evrópumeisturum fyrir tveimur árum.

HANDBOLTI Strákarnir hans Kristjáns Andréssonar í sænska handboltalandsliðinu urðu að gera sér silfurverðlaun að góðu eftir tap fyrir Spáni, 29-23, í úrslitaleik EM í Króatíu í gærkvöldi. Þetta er fyrsti Evrópumeistaratitill Spánverja sem unnu seinni hálfleikinn 17-9. Svíar voru yfir í hálfleik en leikur þeirra hrundi algjörlega í seinni hálfleik.

Kristján hefur gert frábæra hluti síðan hann tók við þjálfun sænska liðsins haustið 2016. Svíar enduðu í 6. sæti á HM í Frakklandi í fyrra og í ár komust þeir alla leið í úrslitaleik EM þrátt fyrir að hafa tapað þremur leikjum á leiðinni þangað. Þetta er besti árangur Svía á EM síðan þeir urðu Evrópumeistarar á heimavelli árið 2002.

Svíar voru sterkari aðilinn í fyrri hálfleik og náðu nokkrum sinnum þriggja marka forskoti. Mikael Appelgren var frábær í markinu og Svíþjóð fékk mörg ódýr mörk úr hraðaupphlaupum.

Spánverjar tóku völdin í upphafi seinni hálfleiks en 5-1 vörn þeirra sló vopnin úr höndum Svía. Töpuðu boltarnir hrönnuðust upp hjá sænska liðinu og þá gerði markvörðurinn reyndi, Arpad Sterbik, sænsku leikmönnunum lífið leitt.

Hann var kallaður inn í spænska hópinn fyrir úrslitahelgina vegna meiðsla Gonzalo Pérez de Vargas. Sterbik varði þrjú víti í sigrinum á Frökkum í undanúrslitunum og svo átta skot (38%) í úrslitaleiknum. Einstakur markvörður þar á ferð.

Svíar fundu engar leiðir í gegnum spænska varnarmúrinn en til marks um það skoruðu þeir bara tvö mörk á fyrstu 19 mínútum seinni hálfleiks. Á meðan röðuðu Spánverjar inn mörkum. Úrslitin voru nánast ráðin um miðjan seinni hálfleikinn og á endanum munaði sex mörkum á liðunum, 29-23. Svekkjandi niðurstaða fyrir Svía en árangurinn á EM verður samt að teljast stórgóður.

ingvithor@frettabladid.is

EHF EURO CROATIA 2018

Úrslitaleikur

Spánn - Svíþjóð 29-23

Markahæstir: Ferren Sole 5/3, David Balaguer 5, Raúl Entrerrios 4, Alex Dujshebaev 4, Aitor Arino 4 - Jesper Nielsen 5, Niclas Ekberg 4/1, Hampus Wanne 3.

Bronsleikur

Frakkland - Danmörk 32-29

Markahæstir: Nikola Karabatic 9, Kentin Mahe 5/1, Luc Abalo 5, Cédric Sorhaindo 5 - Hans Lindberg 12/1, Casper Mortensen 4, Rasmus Lauge Schmidt 4.

GOTTFRIDSSON BESTUR

Jim Gottfridsson, leikstjórnandi sænska handboltalandsliðsins, var valinn besti leikmaður EM í Króatíu. Úrvalslið mótsins var þannig skipað: Vincent Gérard (Frakklandi), Manuel Strlek (Króatíu), Mikkel Hansen (Danmörku), Sander Sagosen (Noregi), Alex Dujshebaev og Ferran Sole (Spáni) og Jesper Nielsen (Svíþjóð). Tékkinn Ondrej Zdrahala var markakóngur EM með 55 mörk.

ÍSLAND HEPPIÐ MEÐ DRÁTT

Íslendingar sluppu vel og drógust gegn Litháum í umspili fyrir HM 2019 í handbolta. Fyrri leikurinn verður í Litháen en sá síðari í Laugardalshöllinni. Fyrri leikirnir í umspilinu fara fram 8.-10. júní en þeir síðari 12.-14. júní. Lærisveinar Patreks Jóhannessonar í austurríska landsliðinu mæta Hvíta-Rússlandi. Holland, sem Erlingur Richardsson þjálfar, mætir Svíþjóð, silfurliðinu á EM 2018.



EKKI BARA GÆÐI

VINNUBUXUR STRETCH

Vinnubuxur með teygjubótum á vandlega völdum stöðum og beygðum hnjám sem tryggja hámarkshreyfanleika og þægindi.

11.900 m/vsk
Fullt verð 14.900

SMÍÐA-VESTI

12.900 m/vsk
Fullt verð 18.900

VINNU-SKYRTA

5.900 m/vsk
Fullt verð 7.400

STUTTERMA-BOLUR

1.490 m/vsk
Fullt verð 2.460

ÖRYGGIS-SKÓR

26.900 m/vsk
Fullt verð 33.990

BELTI

1.990 m/vsk
Fullt verð 3.370

FLÍSJAKKI

8.900 m/vsk
Fullt verð 14.816

HETTUJAKKI PRJÓNAÐUR

10.900 m/vsk
Fullt verð 17.686

VETRAR-JAKKI

24.603 m/vsk

SMÍÐABUXUR STRETCH

Slitsterkar vinnubuxur með lágu klofi og mjókkandi skálmum. Hefðbundið snið sem er vel þekkt í gallabuxnageiranum. Buxurnar eru úr Cordura® gallaefni með teygjueiginleika.

19.900 m/vsk
Fullt verð 25.900

www.sindri.is | sími 567 6000
Skútuvogi 1, Reykjavík
Smiðjuvegi 1 grá gata, Kópavogi

SINDRI VINNUFÖT

Enska bikarkeppnin

Úrslit 4. umferðar 2017-18

Peterborough - Leicester 1-5
0-1 Fousseni Diabaté (9.), 0-2 Kalechi Iheanacho (12.), 0-3 Iheanacho (29.), 1-3 Andrew Hughes (58.), 1-4 Diabaté (87.), 1-5 Wilfried Ndidi (90+2.).

Huddersf. - Birmingham 1-1
1-0 Steve Mounié (21.), 1-1 Lukas Jutkiewicz (54.).

Hull - Nott. Forest 2-1
1-0 Jarrod Bowen (18.), 2-0 Nouha Dicko (40.), 2-1 Apostolos Vellios (88.).

Boro - Brighton 0-1
0-1 Glenn Murray (90.).

Millwall - Rochdale 2-2
1-0 Jed Wallace, víti (17.), 1-1 Ian Henderson (32.), 1-2 Matt Done (53.), 2-2 Ben Thompson (90.).

MK Dons - Coventry 0-1
0-1 Maxime Biamou (64.).

Notts County - Swansea 1-1
0-1 Luciano Narsingh (45.), 1-1 Jon Stead (62.).

Sheffield Utd. - Preston 1-0
1-0 Billy Sharp, víti (80.).

S'oton - Watford 1-0
1-0 Jack Stephens (4.).

Wigan - West Ham 2-0
1-0 Will Grigg (7.), 2-0 Grigg, víti (62.).
Rautt spjald: Arthur Masuaku, West Ham (49.).

Newport - Tottenham 1-1
1-0 Padraig Amond (38.), 1-1 Harry Kane (82.).

Liverpool - West Brom 2-3
1-0 Roberto Firmino (5.), 1-1 Jay Rodriguez (7.), 1-2 Rodriguez (11.), 1-3 Joël Matip, sjálfsmark (45+2.), 2-3 Mohamed Salah (78.).

Chelsea - Newcastle 3-0
1-0 Michy Batshuayi (31.), 2-0 Batshuayi (44.), 3-0 Marcos Alonso (72.).

Cardiff - Man. City 0-2
0-1 Kevin De Bruyne (8.), 0-2 Raheem Sterling (37.).
Rautt spjald: Joe Bennett, Cardiff (90+2.).

Dregið verður í 5. umferð ensku bikarkeppninnar í kvöld. Leikirnir í 5. umferðinni fara fram helgina 17.-18. febrúar.

Okkar menn

Íslendingar í efstu tveimur deildunum á Englandi

Everton
Gylfi Þór Sigurðsson
Everton er dottið út úr ensku bikarkeppninni og átti þ.a.l. ekki leik um helgina. Næsti leikur liðsins er gegn Leicester.

Burnley
Jóhann Berg Guðm.
Burnley féll úr leik í 3. umferð bikarkeppninnar eftir tap fyrir Manchester City og spilaði því ekki um helgina.

Cardiff City
Aron Einar Gunnarsson
Er enn frá vegna meiðsla og lék ekki með Cardiff í tapi fyrir Manchester City.

Reading
Jón Daði Böðvarsson
Lék allan leikinn í fremstu víglínu Reading sem féll úr leik fyrir Sheffield Wednesday.

Aston Villa
Birkir Bjarnason
Birkir og félagar voru í frii um helgina en þeir eru dottnir úr leik í bikarkeppninni.

Bristol City
Hörður B. Magnússon
Lék síðustu 26 mínúturnar í sigri Bristol City á QPR í ensku B-deildinni.

Craig Pawson dæmdi vítaspyrnu á West Brom í leiknum gegn Liverpool eftir að hafa skoðað atvikið á sjónvarpsskjá á hliðarlínunni. Þetta var í fyrsta sinn sem dómari í l

VARhugaverð þróun í enska bolta

Myndbandsdómgæsla kom mikið við sögu þegar West Brom sló Liverpool út úr ensku bikarkeppninni. Ánægjan

FÓTBOLTI Það er óhætt að segja að myndbandsdómgæslan svokallaða (VAR) hafi verið í aðalhlutverki þegar West Brom vann Liverpool, 2-3, í 4. umferð ensku bikarkeppninnar á laugardagskvöldið.

Þýska og ítalska úrvalsdeildin hafa tekið myndbandsdómgæsluna í gagnið og hún er einnig að ryðja sér rúms á Englandi. Leikurinn á Anfield var sjötti leikurinn milli enskra liða þar sem notast er við myndbandsdómgæslu og hún setti sinn svip á leikinn.

Craig Pawson, dómari leiksins, notaðist í þrígang við myndbandsdómgæsluna í fyrri hálfleik. Í öllum tilfellum fékkst rétt niðurstaða en miklar tafir urðu á fyrri hálfleiknum vegna notkunar myndbandsdómgæslunnar.

Leikurinn byrjaði mjög fjörlega og strax á 5. mínútu kom Roberto Firmino Liverpool yfir þegar hann vippaði laglega yfir Ben Foster í marki West Brom. Gestirnir tóku miðju og Jay Rodriguez jafnaði metin með góðu skoti. Skömmu síðar kom hann West Brom yfir með sínu öðru marki.

Eftir um 20 mínútna leik skoraði Craig Dawson þriðja mark West Brom með skalla eftir hornspyrnu Chris Brunt. Markið var hins vegar dæmt af með hjálp myndbandsdómgæslunnar. Í endursýningu sást að Gareth Barry var rangstæður og hafði áhrif á Simon Mignolet, markvörð Liverpool.

Skömmu síðar féll Mohamed Salah í vítateig West Brom eftir viðskipti við Jake Livermore. Eftir að hafa ráðfært sig við myndbandsdómarann Andre Marriner fór Pawson út á hliðarlínu og skoðaði atvikið á sjónvarpsskjá. Eftir mikla rekistefnu dæmdi hann loks vítaspyrnu á Livermore fyrir brot á Salah. Rétt tæpar fjórar mínútur liðu frá brotinu og þangað til vítaspyrnan var tekin. Firmino fór á punktinn en skaut í slá.

Í uppbótartíma fyrri hálfleiks skoraði Joël Matip, varnarmaður Liverpool, sjálfsmark og kom West Brom í 1-3. Pawson dæmdi markið gilt eftir að hafa fengið staðfestingu á lögmæti þess hjá Marriner.

Staðan var 1-3 eftir fyrri hálfleikinn sem tafðist um 10 mínútur, aðallega vegna notkunar myndbandstæknninnar. Þrátt fyrir það var aðeins fjórum mínútum bætt við fyrri hálfleikinn.

Seinni hálfleikurinn gekk hraðar fyrir sig. Leikmenn West Brom vörðust af krafti og sýndu góða frammistöðu. Salah minnkaði muninn í 2-3 12 mínútum fyrir leikslok en nær komst Liverpool ekki. Rauði herinn féll því úr leik í 4. umferð ensku bikarkeppninnar þriðja árið í röð. Þetta var jafnframt annað tap Liverpool í röð eftir sigurinn frækna

Stóru málin

eftir helgina í enska boltanum

Stærstu úrslitin
West Brom gerði góða ferð á Anfield og sló Liverpool úr leik í 4. umferð ensku bikarkeppninnar. Jay Rodriguez skoraði tvívegis í 2-3 sigri West Brom sem hefur unnið þrjá af síðustu fjórum leikjum sínum. Útlitið hjá liðinu er því aðeins bjartara en fyrir nokkrum vikum.

Hvað kom á óvart?
D-deildarlið Newport County var átta mínútum frá því að vinna Tottenham á heimavelli sínum, Rodney Parade. Padraig Amond kom Newport í 1-0 á 38. mínútu og þannig var staðan allt þar til Harry Kane jafnaði metin á 82. mínútu og tryggði Tottenham annan leik á Wembley.

Mestu vonbrigðin
West Ham tapaði 2-0 fyrir Wigan Athletic, toppliði C-deildarinnar. Költhetjan Will Grigg skoraði bæði mörk Wigan sem varð bikarmeistari fyrir fimm árum. Arthur Masuaku, leikmaður West Ham, fékk rauða spjaldið fyrir að hrækja á andstæðing. David Moyes, stjóri West Ham, gagnrýndi Masuaku eftir leikinn.

Leikmaður helgarinnar

Michy Batshuayi nýtti tækifæri sitt í byrjunarliði Chelsea vel þegar liðið vann 3-0 sigur á Newcastle United í 4. umferð ensku bikarkeppninnar í gær. Batshuayi skoraði fyrstu tvö mörk Chelsea í leiknum og var afar ógnandi í framlínu Englandsmeistaranna.

Batshuayi hefur fá tækifæri fengið í vetur og Antonio Conte virðist ekki hafa mikla trú á Belganum sem kom frá Marseille fyrir síðasta tímabil. Alls konar framherjar hafa verið orðaðir við Chelsea í þessum mánuði og Conte hefur sagt að takist honum að landa einum slíkum fái Batshuayi að fara á láni frá félaginu.

Batshuayi hefur skorað 10 mörk á tímabilinu. Þrjú þeirra hafa komið í bikarkeppninni en hann skoraði einnig í endurtekna leiknum gegn Norwich City í 3. umferðinni. Belginn hefur alls skorað fimm bikarmörk fyrir Chelsea sem hefur komist í 16-liða úrslit bikarkeppninnar 18 sinnum á síðustu 20 árum. Chelsea komst í úrslitaleikinn í fyrra en tapaði þar fyrir Arsenal. – iþs

FÓLK
Lífsstíll
MÁNUDAGUR 29. JANÚAR 2018

Mannslíf meira virði en hár

Sólborg Guðbrandsdóttir vakti athygli fyrir snoðklippt-an koll við gullfallegt andlit sitt í tengslum við undan-keppni Eurovision 2018 en hárið fauk fyrir börn á flótta.

Frábærar veislur fyrir hópa

Lambalæri bernaise og lambakótelettur 3.600 kr.
Þorramatur og heit og köld sviðaveisla 3.600 kr.
Siginn fiskur og saltfiskur með hömsum 2.900 kr.

Sjávarréttasúpa, smáréttir, salatbar og viðeigandi meðlæti, kaffi og hjónbandssæla innifalið

Lágmark 10 manns.
Nánari upplýsingar á sjavarbarinn.is

SJÁVARBARINN
SEAFOOD RESTAURANT
Grandagarði 9 - Sími 517 3131 - sjavarbarinn.is

Sólborg Guðbrandsdóttir er tvíeggja tvíburasystir og á eineggja tvíburabræður, en aðeins tvö ár voru á milli tvíburafæðinga hjá foreldrum hennar sem hún ber ómælda virðingu fyrir. MYNDIR/VILHELM

Þórdís Lilja Gunnarsdóttir
thordisg@365.is

Ég viðurkenni að hafa átt augnablik þar sem ég hef orðið lítil í mér og saknað þess að vera með hár, en þá reyni ég að minna mig á að ég þurfi ekkert sítt hár til að teljast nóg og með því að snoða mig hafi ég hjálpað öðrum, eins furðulegt og það nú er," segir Sólborg Guðbrandsdóttir, sem lét sólgyllta lokkana fjúka til styrktar Róhingjum sem er hópur múslima sem sótt hafa ofsóknum og hryllilegri meðferð í Mjanmar í Bangladess.

„Viðbragð mitt við spegilmyndinni sem við blasti eftir raksturinn var hversu drullusæt ég væri svona sköllótt," segir Sólborg og hlær.

„Annars hafa viðtökur annarra verið alls konar. Mörgum finnst þetta töff og einhverjum ekki flott og það er allt í lagi. Ég snoðklippti mig ekki til að uppfylla kröfur annars fólks heldur til að hjálpa börnum á flótta. Álit annarra á útliti mínu skiptir mig ekki máli og hefur ekki áhrif á ákvarðanir sem ég kýs að taka," segir Sólborg sem hét því að láta snoða sig ef hún, í slagtogi við fleiri ungmenni sem eru með opið Snapchat, næðu að safna einni og hálfri milljón fyrir UNICEF.

„Það gekk eftir og ég stóð við mitt," segir Sólborg sem á nú fullt í fangi með fólk sem reynir að snerta á henni kollinn.

„Fullorðnar manneskjur þurfa ekki að snerta allt sem þær sjá og ég held að fæstir kæri sig um að ókunnugt fólk strjúki á þeim hausinn óumbeðið. Ég hef lent í því oftar en ég get talið og hef heyrt þetta frá mörgum snoðuðum stelpum. Ætli þetta sé ekki svipað og þegar fólk strýkur magann á óléttum konum, sem er algjörlega óviðeigandi og algjör óþarfi."

Sólborgu þykir gaman að breyta til þegar kemur að útliti.

„Ég hef verið með alla heimsins hárliti og í dag finnst mér gaman að nota hárkollur. Ég get skipt um greiðslu á hverjum degi ef mig langar, án þess að það hafi slæm áhrif á hárið. Annars hefur notkun mín á húfum aukist verulega síðustu mánuði og ég vissi ekki að það væri svona kalt á Íslandi fyrr en hárið fékk að fjúka," segir hún og kímir.

Frá því Sólborg man eftir sér hafði hún verið með sítt hár.

„Ég ákvað samt að mikla þetta ekki fyrir mér því hár er bara hár. Það vex aftur og meira að segja frekar hratt. Það sem skiptir máli í þessu lífi er eitthvað allt annað en að vera síðhærð. Ég tel mig hafa meira fram að færa en hárgreiðsluna mína og það er ótrúlega kaldhæðið og skrýtið að sitja í viðtali í stóra herberginu mínu, sem er með hita og rafmagni, vitandi af allri fjölskyldunni minni óhultri innan heimilisins. Sú eina og hálfa milljón sem safnaðist í staðinn fyrir ómerkilegt hár hefur kannski lítið að segja þegar fólk missir ástvini sína í stríðsástandi sem við hin lokum bara augunum fyrir. Hárið mitt er ekki neins virði, en mannslíf er það."

Fallegt og berskjaldað

Sólborg syngur eigin lagasmíð í Söngvakeppninni 2018 en lagið samdi hún með velska lagahöfundinum Rob Price og Tómasi Helga Wehmeier, sem flytur lagið með henni.

„Ég sendi lag í keppnina í fyrra sem komst ekki í gegn, en þegar manni tekst ekki eitthvað sem maður ætlar sér í fyrsta skiptið þá reynir maður aftur þangað til það tekst. Ég hef lagt hart að mér síðastliðið ár til að komast þangað sem ég vil vera og mun halda því áfram," segir Sólborg.

Lagið er Ég og þú og er eitt tólf laga af rúmlega 200 sem valin voru til þátttöku í undankeppni Eurovision í ár.

„Upprunalega hafði Rob samband við Tómas eftir að hafa séð hann í Voice. Þeir ákváðu að búa til lag fyrir Eurovison og Tómas stakk upp á að það yrði dúett og þar kom ég inn. Við fórum svo til London í ágúst til að semja lagið og tókum það upp daginn eftir. Allt var það frekar mikil keyrsla en ferðin var algjör draumur," segir Sólborg og lýsir laginu sem fallegu, berskjölduðu og hreinskilnu.

„Mér finnst gaman að syngja með Tómasi en lagið er frekar ólíkt tónlistinni sem ég syng vanalega. Mér finnst bæði gaman að syngja og rappa og ég leitast við að syngja og semja lög sem eru svolítil blanda af því. Það höfðar líka til mín að vera beinskeytt og ákveðin í textum og næstu lög sem ég gef út verða í þeim dúr."

Frá barnsaldri hefur Eurovision fangað hug og hjarta Sólborgar.

„Ég er sannur aðdáandi og flestar keppnirnar hef ég horft á í sófanum heima með fjölskyldunni minni. Við elskum öll tónlist og það er gaman að ræða atriðin fram og til baka með þeim," segir Sólborg. Uppáhaldslag hennar úr Eurovision er vinningslagið frá því í fyrra, Amar Pelos Dois með Salvador Sobral. „Mér finnst lagið dásamlegt og hann sem tónlistarmaður líka."

> **Sú eina og hálfa milljón sem safnaðist í staðinn fyrir ómerkilegt hár hefur kannski lítið að segja þegar fólk missir ástvini sína í stríði sem við lokum bara augunum fyrir.**

Sólborg kveðst ekki flýta sér að verða síðhærð aftur og þess vegna fari hún snoðklippt utan ef Ég og þú skyldi sigra í keppninni heima.

„Mér finnst þessi hárgreiðsla bæði flott og þægileg, en hárgreiðslan mín í Eurovision væri algjört aukaatriði þegar kemur að keppninni sjálfri. Ég ætla bara að gera mitt besta í undankeppninni 10. febrúar og það sem gerist í kjölfarið á því verður algjör bónus."

Tvöfaldir söngelskir tvíburar

Sólborg er Keflvíkingur og kemur úr söngelskri fjölskyldu. Faðir hennar er Guðbrandur Einarsson, tónlistarmaður og forseti bæjarstjórnar í Reykjanesbæ. Móðir hennar er Margrét Sumarliðadóttir hárgreiðslumeistari sem snoðaði svo fallegan kollinn á Sólborgu. Stóri bróðir Sólborgar er leikarinn Davíð Guðbrandsson og hún á tvíburasystur. Þær eru tvíeggja en svo á hún líka eineggja tvíburabræður sem eru tveimur árum yngri en tvíburasysturnar.

„Það er enginn í þessum heimi sem ég virði meira en foreldra mína, og margir hafa velt því fyrir sér hvort geðheilsa foreldra minna sé enn í lagi eftir að hafa verið með fjögur grenjandi smábörn á bleium á sama tíma," segir Sólborg broshýr. Hún þekkir heldur ekki annað en að alast upp með mörgum systkinum og á líflegu heimili.

„Ég held það sé mismunandi eftir tvíburum hversu samrýmdir þeir eru. Við Sigríður systir erum mjög ólíkar en samt sem áður bestu vinkonur og ég held að við verðum það alltaf. Hún býr yfir kostum sem ég hef ekki og öfugt, og við erum duglegar að kenna hvor annarri og vera til staðar þegar hin þarf á því að halda. Bræður mínir eru hins vegar ótrúlega líkir," segir Sólborg, en til gamans má geta að Sigríður syngur bakrödd í Ég og þú og Davíð samdi textann. „Davíð er ótrúlega flinkur og klár og ég leita mikið til stóra bróður míns þegar mig vantar aðstoð, bæði þegar ég bý til lög og með annað í lífinu."

Sólborg hefur í nægu að snúast þessa dagana. Hún starfar sem blaðamaður á Víkurfréttum og stendur nú í ströngu við að þjálfa lið Fjölbrautaskóla Suðurnesja fyrir MORFÍS-keppnina, en í því liði var hún sjálf síðastliðin þrjú ár.

„Það er nóg að gera en mér finnst það gaman. Við syngjum öll í fjölskyldunni og bræður mínir sömdu meðal annars jólalag þegar þeir voru tíu ára gamlir sem við systkinin sungum saman. Ég hef líka lent í því að taka sjónvarpsviðtal við pabba fyrir Víkurfréttir þannig að við pabbi höfum þurft að starfa saman á fleiri sviðum en í tónlistinni," segir hún og hlær, lífsglöð og kát.

Fylgstu með Sólborgu á Instagram undir solborgg og á Snapchat undir sunnykef.

Fólk er kynningarblað sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: 365 miðlar
Ábyrgðarmaður: Elmar Hallgríms Hallgrímsson

Umsjónarmenn efnis: **Elín Albertsdóttir,** elin@frettabladid.is, s. 512 5349 | **Ragnheiður Tryggvadóttir,** heida@frettabladid.is, s. 512 5367 | **Oddur Freyr Þorsteinsson,** oddurfreyr@frettabladid.is, s. 512 5368 | **Sigríður Inga Sigurðardóttir,** sigriduringa@frettabladid.is, s. 512 5372 | **Starri Freyr Jónsson,** starri@frettabladid.is, s. 512 5358 | **Þórdís Lilja Gunnarsdóttir,** thordisg@frettabladid.is s. 512 5338

Sölumenn: **Atli Bergmann,** atli@frettabladid.is, s. 512 5457 | **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@frettabladid.is, s. 512 5429 | **Ólafur H. Hákonarson,** olafurh@frettabladid.is, s. 512 5433 | **Ruth Bergsdóttir,** ruth@frettabladid.is, s. 512 5439 ,

FRÉTTABLAÐIÐ

89%

af lesendum dagblaða* á höfuðborgarsvæðinu á aldursbilinu 18–49 ára lesa Fréttablaðið daglega.



*Fréttablaðið og Morgunblaðið.

Heimild : Prentmiðlamæling Gallup okt. - des. 2017.

Allt sem þú þarft ...

Verkirnir eru horfnir

Nutrilenk Gold, -Active og -gel eiga það öll sameiginlegt að hjálpa til við að draga úr stirðleika og verkjum í liðum. Gold getur hjálpað gegn brjóskvefsrýrnun, Active smyr stirða liði og gelið er kælandi og bólgueyðandi.

Nutrilenk Gold og Active eru liðbætiefni sem þarf vart að kynna en þúsundir Íslendinga hafa notað þau gegn eymslum og stirðleika í liðum með góðum árangri í mörg ár. Nutrilenk hefur verið eitt mest selda liðbætiefnið hér á landi lengi og það fjölgar stöðugt í hópi þeirra sem dásama virknina og eru tilbúnir að deila árangrinum með öðrum. „Nú eru Nutrilenk vörurnar orðnar þrjár en fyrir ári síðan kom á markað Nutrilenk gel sem hefur slegið rækilega í gegn. Um er að ræða fullkomna þrennu þar sem vörurnar vega hver aðra upp og reynist mörgum afar vel að nota þær allar saman," segir Hrönn Hjálmarsdóttir, heilsumarkþjálfi hjá Artasan. Gelið er bæði fyrir liði og vöðva og er einnig hægt að nota það eitt og sér. Að sögn Hrannar eru hannyrðakonur á meðal þeirra sem bera því vel söguna en það getur dregið úr verkjum og aukið liðleika í fingrunum.

„Fann ótrúlega fljótt mun"

Erna Geirlaug Árnadóttir er 42 ára innanhússarkitekt sem hreyfir sig mjög mikið. Hún hreyfir sig alla daga og tekur vel á í hverju því sem hún tekur sér fyrir hendur. Hún ákvað að prófa Nutrilenk Gold eftir að liðverkir fóru að hrjá hana og hefur þetta að segja:

„Ég er búin að æfa mikið síðustu ár; hlaupa, stunda stöðvaþjálfun, tabata og fleira og varð alltaf þreytt og aum í liðum og beinum eftir æfingar. Mér var bent á að prufa Nutrilenk Gold og byrjaði á því að taka 6 töflur á dag í nokkrar vikur. Ég fann ótrúlega fljótt mun til hins betra svo ég ákvað að prófa að taka líka eina töflu af Nutrilenk Active því ég var enn með verki og eymsli í höndum. Active virkar eins og smurning fyrir liðina en ég fann mikinn mun á mér og eru verkirnir nú horfnir. Í dag tek ég fjórar Gold og eina Active daglega."

> **Ég mæli hiklaust með öllum Nutrilenk vörunum en án þeirra gæti ég ekki hreyft mig eins mikið og ég geri í dag, verkjalaus.**
>
> Erna Geirlaug Árnadóttir

Notar gelið á axlir og hné

Erna Geirlaug notar nú orðið allar Nutrilenk vörurnar og segir þær virka vel saman.

„Ekki má gleyma Nutrilenk gelinu sem ég nota á axlir og hné en það kælir og dregur úr bólgum. Ég get því hiklaust mælt með öllum Nutrilenk vörunum. Án þeirra gæti ég ekki hreyft mig eins mikið og ég geri í dag, verkjalaus."

Sölustaðir: Apótek, heilsuhús og heilsuhillur verslana.

Erna Geirlaug segir vörurnar virka vel saman. Með þeirra hjálp getur hún æft að vild, án verkja.
MYND/EYÞÓR

Til eru þrjár mismunandi gerðir af Nutrilenk vörum. Þær virka mjög vel saman.

Nutrilenk er notað gegn eymslum og stirðleika í liðum.

Hair, Skin & Nails

Eru hár og húð líflaus og neglurnar farnar að brotna og klofna?
Hvað þarf til að breyta því?

- **MSM sem er græðandi fyrir húð og styrkjandi fyrir hár**
- **Kísil sem örvar efnaskipti og myndun frumna, eykur þéttleika og teygjanleika.**
- **Aloe Vera sem er ríkt af vítamínum og amínósýrum og er rakagefandi**
- **Biotin, kopar og sink sem viðhalda heilbrigðu hári og húð**
- **Kelp, kalk, E & C vítamín**

Þessi ofurblanda getur breytt því en hún er sérstaklega samsett til að stuðla að fallegri húð, sterkum nöglum og líflegu hári.

natures aid

Fæst í apótekum, heilsubúðum og heilsuhillum verslana.

SLYSAVARNAFÉLAGIÐ LANDSBJÖRG

Farsælt starf í 90 ár

MÁNUDAGUR 29. JANÚAR 2018 **AFMÆLISBLAÐ** SLYSAVARNAFÉLAGSINS LANDSBJARGAR

1928
2018

Sérþekking björgunarsveita hefur nýst lögreglu á ögurstundu

Sigríður Björk Guðjónsdóttir
lögreglustjóri á höfuðborgarsvæðinu



„Fagmennska, jákvæðni, ósérhlífni og dugnaður eru þau orð sem í hugann koma þegar ég hugsa um Slysavarnafélagið Landsbjörg.“

Slysavarnafélagið Landsbjörg hefur um árarаðir verið einn mikilvægasti samstarfsaðili lögreglunnar í landinu. Brýnustu sameiginlegu verkefni okkar eru að sjálfsögðu björgunarstarf undir hatti almannavarnaskipulagsins en leit að fólki, skipulag og öryggisgæsla á bæjarhátíðum og stuðningur við ýmis verkefni koma fljótt í hugann. Það er sama hvaða dagur er eða hvenær dags, fjöldi sjálfboðaliða er ávallt reiðubúinn til að einhenda sér í þau verkefni sem þeim eru falin. Það er mikill mannauður sem starfar í björgunarsveitunum og lögreglan hefur fengið að njóta ýmiss konar sérþekkingar á ögurstundu sem annars væri lítt aðgengileg.

Fagmennska, jákvæðni, ósérhlífni og dugnaður eru þau orð sem í hugann koma þegar ég hugsa um Slysavarnafélagið Landsbjörg, hvort sem um er að ræða veðurham og aðgerðir honum tengdar í samstarfi við lögregluna a Vestfjörðum, gerð viðbragðsáætlana og flugatvik í samstarfi við lögregluna á Suðurnesjum eða víðtæka leit að fólki og björgunarstörf í umdæmi lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu. Ný aðgerðastjórnstöð í Skógarhlíð fyrir viðbragðsaðila á höfuðborgarsvæðinu, sem stofnuð var fyrir rúmu ári, hefur einungis styrkt samstarfið og við njótum loks góðrar aðstöðu fyrir öll verkefni.

Fyrir hönd lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu færi ég ykkur öllum sem starfið undir merkjum Landsbjargar okkar bestu þakkir fyrir samstarfið til þessa og við hlökkum til áframhaldandi samvinnu.

Liðsmenn björgunarsveita eru ávallt til taks.

Með samstöðu og samvinnu eflist hver og einn og samfélagið allt

Guðni Th. Jóhannesson
forseti Íslands

Á þessum tímamótum færi ég Slysavarnafélaginu Landsbjörg heillaóskir og þakkir fyrir fórnfúst þjóðþrifastarf í áranna rás.

Nú eru níutíu ár frá því að Slysavarnafélag Íslands var stofnað, forveri Landsbjargar. Ætíð hafa liðsmenn björgunarsveita verið boðnir og búnir að hjálpa nauðstöddum. Fólk hefur lagt fram krafta sína í baráttu við náttúruöflin og verið til taks að nóttu sem degi, allan ársins hring. Þeir sem vinna á vegum Landsbjargar, konur og karlar, ungir sem aldnir, styrkja jafnframt eigið þrek og eigin hug.

Ég hvet alla til að leggja Slysavarnafélaginu Landsbjörg lið á þann hátt sem hver og einn kýs. Með samstöðu og samvinnu eflist hver og einn, og samfélag okkar um leið.

Mikilvægur þáttur í almannavarnakerfi Islands

Slysavarnafélagið Landsbjörg hefur í níutíu ár sinnt leit og björgun. Sérkenni og grunnur björgunarsveitanna er hið óeigingjarna sjálfboðastarf sem yfir 10 þúsund félagsmenn inna af hendi.

Sigríður Á. Andersen
dómsmálaráðherra

Nýr þjónustusamningur kveður á um 147 milljóna króna fjárframlag ríkisins til Landsbjargar.

Björgunarsveitirnar eru ómissandi í íslensku samfélagi. Þúsundir sjálfboðaliða um allt land eru ávallt reiðubúnar að standa upp frá sínum daglegu störfum og ganga út í erfiðar aðstæður eða válynd veður til að koma löndum sínum og útlendingum í neyð til aðstoðar.

Starf björgunarsveitanna er dæmigert einstaklingsframtak. Það hófst fyrst fyrir um níutíu árum og hefur verið mikilvægur þáttur í almannavarnakerfi Íslands síðan og verður áfram. Björgunarsveitirnar gegna lykilhlutverki við leit og björgun í samvinnu við lögreglu, landhelgisgæslu og aðra viðbragðsaðila hér á landi og hefur samvinna þessara aðila reynst góð og okkur öllum til gagns.

Sérkenni og grunnur björgunarsveitanna er hið óeigingjarna sjálfboðastarf sem yfir 10 þúsund félagsmenn inna af hendi þegar þörfin kallar. Sveitirnar fjármagna sig með ýmsum hætti eins og með flugeldasölu, sölu á Neyðarkallinum og með styrktarmannakerfinu Bakverðinum. Landsmenn hafa mætt fjáröflun björgunarsveitanna með mikilli velvild og þannig lagt sitt af mörkum til að styrkja stoðir sveitanna. Þannig tengjast björgunarsveitirnar beint þeim sem þær eru settar á stofn til að hjálpa í neyð. Það er að mínu mati mikilvægt að rjúfa ekki þessi tengsl.

> **Landsmenn hafa mætt fjáröflun björgunarsveitanna með mikilli velvild og þannig lagt sitt af mörkum til að styrkja stoðir sveitanna. Þannig tengjast björgunarsveitirnar beint þeim sem þær eru settar á stofn til að hjálpa í neyð.**

Stjórnvöld hafa líka leitað til björgunarsveitanna. Í mörg ár hefur verið í gildi þjónustusamningur ríkisins við landssamtök þeirra, Slysavarnafélagið Landsbjörg. Nú stendur fyrir dyrum að endurnýja hann með samningi sem gildir til ársins 2020 og kveður á um 147 milljóna króna fjárframlag ríkisins til Landsbjargar. Því til viðbótar er um 33 milljóna króna framlag til viðhalds á björgunarskipum Landsbjargar en samtökin reka 13 björgunarskip umhverfis landið í samráði við Landhelgisgæsluna. Björgunarskipin eru lykileiningar þegar kemur að leit og björgun á sjó í nánd við landið.

Ég vona að samstarfið við Slysavarnafélagið Landsbjörg verði jafngott til framtíðar og ég óska því og björgunarsveitunum öllum velfarnaðar í störfum þeirra á þessum tímamótum.

Útgefandi: 365 miðlar | **Ábyrgðarmaður:** Slysavarnafélagið Landsbjörg | **Veffang:** Visir.is

Styrkur félagsins er fólkið

Slysavarnafélagið Landsbjörg er 90 ára í dag. Tíð sjóslys leiddu til stofnunar þess en hlutverkin hafa breyst og þróast í takt við samfélagið síðan. Í dag er félagið öflugt og nýtur mikils trausts.

Í dag, á 90 ára afmæli Slysavarnafélagsins Landsbjargar, er full ástæða til að líta yfir sögu og þróun félagsins, sem hefur sinnt fjölbreyttum verkefnum í gegnum tíðina og áunnið sér traust almennings.

Hófst með vitundarvakningu

„Forsögu Slysavarnafélagsins Landsbjargar má rekja til stofnunar Slysvarnafélags Íslands, sem var stofnað með formlegum hætti 29. janúar 1928. Aðdragandinn var langur og þörfin var fyrst og fremst vegna allra sjóslysanna sem urðu þessum tíma," segir Smári Sigurðsson, formaður félagsins. „Þetta byrjar með vitundarvakningu vegna þeirra, en tíu árum fyrr, haustið 1918, var fyrsta björgunarsveitin stofnuð í Vestmannaeyjum og má segja að þar með hafi saga skipulegs björgunarstarfs hafist á Íslandi.

Slysavarnafélagið Landsbjörg skiptist annars vegar í björgunarsveitirnar sem fara í útköll þegar eitthvað hefur gerst og hins vegar í slysavarnadeildir sem sinna fyrst og fremst forvörnum," segir Smári. „Á fyrri tíma voru slysavarnadeildirnar fyrst og fremst mannaðar konum og þær höfðu öll spjót úti til að safna peningum til forvarnastarfsins en einnig til kaupa á búnaði til björgunarstarfa, s.s. línubyssum, fatnaði, slöngubátum og hvaðeina. Einnig höfðu slysavarnadeildirnar forgöngu um kaup á björgunarskútum og fjármögnuðu jafnvel byggingu sundlauga og sundkennslu. Þannig að hlutur kvenna í stofnun og framgangi þessa félags er mjög mikill og mikilvægur.

Fyrstu árin snerust verkefnin aðallega um bjarganir tengdar sjóferðum," segir Smári. „Síðan breyttist félagið í takt við þjóðfélagið. Slysum á sjó fækkaði og þegar leið á öldina fóru björgunarsveitirnar að sinna ýmsum öðrum verkefnum meðfram eiginlegum leitar- og björgunarstörfum s.s. sjúkragæslu á mannamótum og fleira.

Félagið hefur einnig haft forgöngu um ýmis þjóðþrifamál tengd slysavörnum og má þar af nokkrum nefna stofnun Tilkynningaskyldu íslenskra skipa, Umferðarráð, sundkennslu, slysavarnir ferðamanna og svo framvegis. Eitt stærsta slysavarnaverkefni félagsins er þó Slysavarnaskóli sjómanna en með

Smári Sigurðsson, formaður Slysavarnafélagsins Landsbjargar, er ánægður með stöðu félagsins í dag.
MYND/JÓHANN ÓLAFUR HALLDÓRSSON

stofnun hans var grettistaki lyft varðandi öryggisfræðslu sjómanna og teljum við okkur eiga mikinn þátt í þeim einstaka árangri að nú sé hægt að vitna til fjögurra ára þar sem engin banaslys hafa orðið á hafinu í kring um Ísland en það eru árin 2008, 2011, 2014 og 2017. Þessi árangur hefur vakið mikla athygli og hefði sennilega einhvern tímann þótt óraunhæf draumsýn."

Safnanir og sameining

„Félagið gerði mikið til að safna fyrir og hvetja til kaupa á fyrstu björgunarþyrlunni til landsins," segir Smári. „Áherslan á að kenna skyndihjálp og mennta björgunarsveitarmenn jókst líka með árunum. Í kringum 1960 voru svo keypt almennileg björgunarskip.

Landssamband flugbjörgunarsveita og Landssamband hjálparsveita skáta sameinuðust í félagið Landsbjörg árið 1991 en árið 1999 sameinuðum við Landsbjörg og Slysavarnafélag Íslands og þar með varð Slysavarnafélagið Landsbjörg til eins og við þekkjum félagið í dag," segir Smári. „Það var mjög merkilegur og mikilvægur áfangi sem jók skilvirknina mikið. Síðan þá hefur félagið verið gríðarlega stórt og öflugt.

Eftir aldamótin 2000 var farið í heilmikið átak til að sjá til þess að það væru til björgunarskip allt í kringum landið," segir Smári. „Þá voru keypt 13 skip sem eru enn í rekstri en kominn er tími á að endurnýja. Það er mikið og metnaðarfullt verkefni félagsins næsta áratuginn.

Núna snúast verkefnin aðallega

Það eru um 4.000 manns á útkallsskrá björgunarsveitanna og um það bil 10.000 meðlimir í félaginu í heild.

um náttúruhamfarir, veðrið, samgöngur og leit að fólki," segir Smári. „En mikilvægi félagsins er ekkert minna en það var áður, þótt eðli verkefna hafi sumpart breyst, og félagið er drifið áfram af sömu hugsjón og brautryðjendurnir lögðu upp með fyrir 90 árum. Félagið nýtur gríðarlegs trausts í samfélaginu en við verðum líka að vera minnug þess á hverjum degi að það traust og sú sterka ímynd sem félagið nýtur er ekki keypt heldur hefur verið byggð upp af hugsjónafólki í 90 ár."

Erfitt en mannbætandi starf

„Erfiðustu verkefnin eru að koma að alvarlegum slysum. Þeim verkefnum hefur fjölgað síðustu ár, þar á meðal verkefnum sem tengjast umferðarslysum," segir Smári. „Svo hafa líka komið upp mjög tæknilega krefjandi verkefni tengd björgunum.

En sem betur fer er skemmtilegt, mannbætandi og gefandi að vera hluti af þessum samtökum, sem eru náttúrulega mögnuð," segir Smári. „Við tökum líka þátt í fjölmörgum skemmtilegum verkefnum þar sem við erum í snertingu við fólk og mannlífið. Styrkur félagsins er fólkið, hugsjónin og skipulagið og hjá okkur er hægt að finna þversnið af þjóðfélaginu og alls kyns kunnáttu. Þessi fjölbreytileiki er mikill styrkur.

Það eru um 4.000 manns á útkallsskrá björgunarsveitanna," segir Smári. „En það eru um það bil 10.000 meðlimir í félaginu í heild. Félagsmenn leggja sitt af mörkum til félagsins með ómældum tíma, ýmist í æfingar, útköll eða fjáraflanir. Það er ekki ofsagt að á bak við hverja klukkustund í útkalli liggi að lágmarki 12 klukkustundir sem varið hefur verið í fjáraflanir, menntun, þjálfun, æfingar og umhirðu tækjabúnaðar. Þannig að tíminn er kannski það mikilvægasta sem við gefum af okkur. En við veljum þetta hlutverk og erum stolt af því."

Ýmsar leiðir til fjáröflunar

„Flugeldasalan er mjög stór partur af tekjuöflun björgunarsveitanna," segir Smári. „Við vildum gjarnan að við þyrftum ekki að fjármagna meirihlutann af rekstri björgunarsveitanna með þessum hætti, en við fylgjum öllum settum reglum og höfum ekki fundið aðrar leiðir ennþá til að fjármagna þetta, þótt ég vildi að svo væri. Þrátt fyrir það er flugeldasalan ekki eina fjáröflunarleiðin og nú höfum við byggt Bakvarðasveitina okkar upp á síðastliðnum fjórum árum, en hún samanstendur af einstaklingum og fyrirtækjum sem styðja við bakið á starfsemi félagsins með mánaðarlegum framlögum. Félagar í Bakvarðasveitinni, sem við köllum stærstu björgunarsveitina, eru nú rúmlega 16 þúsund manns og þeim fer fjölgandi.

Síðan seljum við Neyðarkallinn og björgunarsveitirnar eru með alls konar aðrar fjáraflanir í sinni heimabyggð. Við erum líka hluthafar í Íslandsspilum í félagi við Rauða krossinn á Íslandi og SÁÁ og fáum tekjur af þeirri starfsemi," segi Smári.

Stendur styrkum fótum

„Staða félagsins er mjög sterk í dag," bætir Smári við. „Við njótum trausts og velvildar í samfélaginu, mikilvægi félagsins hefur ekkert minnkað og okkur gengur vel að fá nýtt fólk til liðs við okkur, þrátt fyrir að nýliðar þurfi að fara í gegnum tveggja ára prógramm til að komast í björgunarsveit.

Fram undan er að halda áfram þessu góða starfi og að endurnýja björgunarskipin, sem er stórt og mikið verkefni sem við ráðum ekki við ein," segir Smári. „En þjóðin stendur vel við bakið á okkur og veit hvað við þurfum að gera. Það er svo okkar sem félagið skipum að vera áfram traustsins verð og halda hugsjóninni á lofti."

Vill gefa til baka

Kristín Ármannsdóttir
bakvörður Slysavarnafélagsins Landsbjargar

Ég gerðist bakvörður í kjölfar slyss. Ég fótbrotnaði á Fimmvörðuhálsi í ágúst 2016 og kalla þurfti björgunarsveitir út frá Fljótshlíð, Hellu og Hvolsvelli. Alls lögðu 40 manns af stað til að bjarga mér. Mér fannst þetta svo mikil fyrirhöfn mín vegna. Björgunarsveitafólkið hafði rifið sig af stað frá fjölskyldum sínum og hafði ferðast í einn og hálfan tíma þegar ljóst varð að þyrlan gat sótt mig en það hafði verið tvísýnt að hún gæti lent. En þegar það kom í ljós gat fólkið snúið við.

Ég varð ákveðin í að reyna einhvern veginn að borga til baka, þó ég geri það aldrei til fulls en mér fannst að það minnsta sem ég gæti gert væri að gerast bakvörður.

Ómetanlegt starf

Kristján Sverrisson
bakvörður Slysavarnafélagsins Landsbjargar

Slysavarnafélagið Landsbjörg vinnur ómetanlegt starf, í öllum veðrum, en fær að mínu mati ekki nægilegan fjárstuðning frá ríkinu. Þess vegna gerðist ég bakvörður, maður vill leggja sitt af mörkum. Öll framlög halda starfinu gangandi og maður veit að þetta skiptir máli.

Sem bakvörður fæ ég reglulega tölvupóst með fréttum af starfinu og finn að mitt framlag skiptir máli. Einnig kaupi ég eingöngu flugelda af björgunarsveitum. Það er lítið mál að gerast bakvörður. Ég læt einfaldlega taka fasta upphæð af greiðslukorti.

BAKVARÐASVEITIN

Vilt þú verða félagi í stærstu björgunarsveit landsins?

Stuðningur Bakvarðasveitar Slysavarnafélagsins Landsbjargar er einn af hornsteinum félagsins. Sem félagi í Bakvarðasveitinni leggur þú þitt af mörkum til að tryggja öryggi og bjarga mannslífum.

Sendu tölvupóst á **bakvardasveit@landsbjorg.is** eða skoðaðu vefsíðuna okkar **www.landsbjorg.is/bakvordur** til að gerast bakvörður.

Stiklað á stóru í 90 ára sögu.

Hér er upptalning nokkurra merkra viðburða, aðgerða og áfanga í sögu Slysavarnafélagsins Landsbjargar.

1906 — Björgunarfélag Vestmannaeyja stofnað. Fyrstu skipulögðu félagssamtökin á sviði björgunar og slysavarna á Íslandi. Málaflokkurinn þokast enn áfram, einkum með komu björgunar- og varðskipsins Þórs til Vestmannaeyja 1920.

1912 — „Margur drukknar nærri landi af því að hvergi eru til björgunarbátar eða önnur björgunartæki. Við verðum að leita skynsamlegra úrræða". Guðmundur Björnsson landlæknir í fyrirlestri sem olli straumhvörfum.

1918 — Hörmulegt sjóslys við Viðey er kútterinn Ingvar ferst 7. apríl með 20 manna áhöfn fyrir augum Reykvíkinga. Umræðan um aðgerðir í björgunarmálum fer á flug.

1928 — Slysavarnafélag Íslands stofnað 29. janúar.

1928 —
Togarinn Jón forseti ferst við Stafnes í febrúarlok og með honum 15 manns. 10 komast lífs af. Þetta slys varð hvati þess að félagið eignaðist sinn fyrsta sérhæfða björgunarbát.

1929 —
Björgunarbáturinn Þorsteinn keyptur frá The Royal Navy Life-boat Institution og er staðsettur í Sandgerði.

1930 — Fyrsta kvennadeildin stofnuð í Reykjavík.

1931 —
Fluglínutæki notuð til björgunar í fyrsta skipti hér á landi þann 24. mars þegar franski togarinn Cap Fagnet strandaði við bæinn Hraun austan Grindavíkur.

1932 — Hjálparsveit skáta í Reykjavík stofnuð í kjölfar verkefna skáta á Alþingishátíðinni 1930.

1938 —
Björgunarskútan Sæbjörg kemur til landsins 20. febrúar. Sæbjörg var fyrsta sérsmíðaða björgunarskip félagsins.

1947 —
Tólf skipbrotsmönnum bjargað þegar togarinn Dhoon strandar 12. desember undir Látrabjargi. Þetta er talin ein frænasta björgun hér á landi. Félagið fékk Óskar Gíslason kvikmyndagerðarmann til að gera heimildarmynd um björgunina. Sú mynd var byggð m.a. á raunverulegum, kvikmyndatökum frá björgun togarans Sargon, 1948.

1949 —
Félagið fékk þyrlu „helikofter flugvél" tímabundið til landsins í því skyni að reyna notagildi hennar.

1950 — Flugbjörgunarsveitin í Reykjavík stofnuð í kjölfar Geysisslyssins.

1950 —
Fimm manns bjargað af Vatnajökli eftir 6 daga dvöl á jöklinum í kjölfar brotlendingar flugvélarinnar Geysis á Bárðarbungu 14. september.

1991 — Landssamband hjálparsveita skáta og Landssamband flugbjörgunarsveita sameinast í Landsbjörg - landssamband björgunarsveita.

1991 — Mannskætt sjóslys er Eldhamar GK strandar í brotsjó við Grindavík. Fimm skipverjar farast en einn kemst lífs af.

1995 —
Mannskætt snjóflóð fellur 16. janúar við Súðavík við Álftafjörð. Á fjórða hundrað björgunarsveitarmanna auk annarra viðbragðsaðila tekur þátt í björgunaraðgerðum við afar erfið veðurskilyrði og aðstæður.

1995 —
Snjóflóð fellur á Flateyri við Önundarfjörð 26. október. Viðtækar björgunaraðgerðir en erfiðleikar vegna veðurs og sjólags valda vanda í samgöngum og hamla björgunarstarfi í upphafi. 20 manns farast.

1995 — Flugvélin TF-ELS ferst á Tröllahálsi í Eyjarfirði. Þrír látast.

1996 — 112 EINN EINN TVEIR
Neyðarlínan. Samræmd neyðarsímsvörun hefst 1. janúar.

1997 — 
Umfangsmiklar björgunaraðgerðir úr lofti og landi þegar flutningaskipið Víkartindur strandar 5. mars skammt austan Þjórsárósa.

1998 — Þýsk einkaflugvél með tveimur mönnum ferst við Hornafjörð. Mikil leit gerð að vélinni.

1999 — Slysavarnafélagið Landsbjörg
Slysavarnafélag Íslands og Landsbjörg sameinast í ein heildarsamtök þann 2. október.

2000 — 
Hekla gýs 26. febrúar og fór fjöldi fólks að skoða gosið. Eftir að færð spilltist seinnipart dags hófust umfangsmiklar björgunaraðgerðir í ófærð þegar bílar festust bæði á Hellisheiði og í Þrengslum.

2000 —
Tveir stórir jarðskjálftar ríða yfir Suðurland, 17. og 21. júní. Mælast þeir 6,5 og 6,6 á Richterskala.

2004 —
Togarinn Baldvin Þorsteinsson EA 10 strandar í Skarðsfjöru. Mannbjörg.

90 1928 2018

Björgunarsveitir hefja flugeldasölu í fjáröflunarskyni.

Botnvörpungurinn Elliði sekkur út af Jökuldjúpi. Mannbjörg.

Breska risaolíuskipið Clam strandar 26. febrúar. 27 farast en 23 er bjargað með fluglínutækjum.

Landsamband hjálparsveita skáta og Landsamband flugbjörgunarsveita stofnuð.

Mannskæð snjóflóð falla á Neskaupsstað þann 20. desember.

Belgíski togarinn Pelagus strandar við Vestmannaeyjar. Sex skipverjar bjargast en fjórir láta lífið, þarf af tveir björgunarmenn.

Slysavarnaskóli sjómanna stofnaður.

1950 1955 1962 1968 1968 1971 1973 1974 1981 1982 1983 1985 1986

Tilkynningaskylda íslenskra skipa stofnuð.

Þann 31. mars strandar togarinn Jón Baldvinsson á Reykjanesi og allri áhöfn hans bjargað eða 42 mönnum. Stærsta björgun hér á landi sem framkvæmd hefur verið með fluglínutækjum.

23. janúar hefst eldgos í Eyjum og þar með mesta björgunaraðgerð Íslendinga, fyrr og síðar.

Umfangsmikil og viðtæk leit er flugvélin TF-ROM brotlendir 27. maí við Holtavörðuheiði. Fjórir farast.

Snjó- og aurflóð falla á Patreksfirði þann 22. janúar.

Umfangsmiklar og erfiðar leitar- og björgunaraðgerðir í apríl þegar flugvélin TF-ORM ferst í Ljósufjöllum á leið sinni frá Ísafirði til Reykjavíkur.

Ný og glæsileg björgunarmiðstöð vígð í Skógarhlíð í Reykjavík 26. mars.

Tveir falla 24 metra niður í sprungu á Langjökli. Tæknilega erfið aðgerð. Einn ferst en öðrum bjargað.

Afar flókin og erfið leit í júníbyrjun að tveimur konum við Bleiksárgljúfur á Suðurlandi. Meðal annars voru notaðir drónar við leitina.

Mikill mannskapur tók þátt í umfangsmikilli leit í janúar á höfuðborgarsvæðinu og Reykjanesi.

Rússneska flutningaskipið Wilson Muuga strandar við Hvalsnes á Reykjanesi. Skipverjar bjargast, en danskur björgunarmaður ferst.

Gos hefst á Fimmvörðuhálsi 21. mars og í Eyjafjallajökli að morgni 14. apríl. Mjög fjölbreytt og umfangsmikið verkefni.

Mörg og fjölbreytt verkefni vegna ófærðar um allt land í janúar.

2004 2006 2006 2008 2010 2010 2010 2011 2014 2016 2017 2017 2018

Jeppi fellur í sprungu á Hofsjökli. Gífurlega erfið og flókin björgun á 30 metra dýpi. Einum bjargað og einn lést.

Stór jarðskjálfti ríður yfir Suðurland þann 29. maí.

Íslenska alþjóðabjörgunarsveitin fer 14. janúar til Haítí til þátttöku í alþjóðlegum björgunaraðgerðum vegna jarðskjálftanna sem þar urðu. Sveitin var fyrst björgunarsveita á vettvang.

Eldgos hefst í ágúst í Holuhrauni, 10 km. norðan Vatnajökuls.

Flókið og erfitt björgunarstarf er maður lést eftir fall undir íshellu í Landmannalaugum.

Rúta með 46 manns valt á þjóðvegi 1 og lenti utan vegar í Eldhrauni vestan Kirkjubæjarklausturs 27. desember. 300 manns komu að umfangsmiklum björgunaraðgerðum. 2 létust og allmargir slösuðust.

Hver einstaklingur skiptir máli

Sævar Logi Ólafsson, sagnfræðingur og skjalavörður, er nánast alinn upp í björgunarsveit. Hann hefur ekki tölu á hversu mörgum útköllum hann hefur sinnt en segir verkefnin fjölbreytt og lærdómsrík.

Sævar Logi Ólafsson er formaður Hjálparsveitar skáta í Hveragerði. „Ég byrjaði í skátunum um leið og ég hafði aldur til. Þegar ég varð eldri var það nánast sjálfkrafa þróun að fara yfir í unglingadeild hjálparsveitarinnar og varð ég fullgildur félagi 18 ára. Foreldrar mínir og eldri bróðir voru í sveitinni svo þetta var eðlilegt skref fyrir mig," segir hann um tildrög þess að hann hóf þátttöku sem sjálfboðaliði.

„Ég hef ekki tölu á hversu mörgum útköllum ég hef sinnt en þau skipta hundruðum. Sum útköll eru sérlega minnisstæð. Fyrsta endurlífgunin sem ég kom að rennur mér t.d. seint úr minni. Sem betur fer lendum við þó ekki oft í þeim aðstæðum að þurfa að endurlífga fólk," segir Sævar en hann hefur ótal sinnum tekið þátt í leit að fólki og nokkrum sinnum komið að erfiðum slysum. Eftir slíka reynslu

> **Fyrsta endurlífgunin sem ég kom að rennur mér seint úr minni.**

skiptir félagastuðningurinn miklu máli. „Við fáum líka aðstoð fagfólks til að vinna úr erfiðum útköllum," segir hann.

Fær fullan stuðning

Þegar Sævar er spurður hvort þátttaka í björgunarsveitarstarfi hafi áhrif á daglegt líf hans segir hann svo vera og það felist aðallega í því að hann þurfi oft að rjúka út í tíma og ótíma. „Það getur verið erfitt fyrir fjölskylduna þegar öll plön breytast með stuttum fyrirvara en konan mín hefur fullan skilning á því. Ég er skjalavörður hjá Héraðsskjalasafni Árnesinga og mæti einnig miklum skilningi í vinnunni, sem ég er þakklátur fyrir. Ég fæ að fara þegar ég verð að fara," segir Sævar sem er menntaður sagnfræðingur með meistaragráðu í framhaldsskólakennslu.

Fjallamennska og fjölbreytt verkefni

Undanfarin ár hefur hann verið í hópi undanfara og sérhæft sig í fjallamennsku og fjallabjörgun. „Við stofnuðum hóp undanfara hér fyrir austan fjall, þvert á björgunarsveitir, og ég var í forsvari fyrir þann hóp þar til nýlega þegar ég tók við sem formaður Hjálparsveitar skáta í Hveragerði. Björgunarsveitin sinnir ótrúlega fjölbreyttum verkefnum. Hellisheiðin hefur leikið stórt hlutverk í starfinu og við höfum farið í ófá útköll upp á heiðina að bjarga fólki úr bílum vegna veðurs. Þeim hefur þó fækkað eftir að Vegagerðin fór að loka heiðinni fyrr vegna veðurs. Hins vegar hefur útköllum í Reykjadal fjölgað eftir að ferðamenn uppgötvuðu staðinn. Þangað höfum við farið í mörg útköll til leitar eða björgunar," upplýsir Sævar. „Í fámennum björgunarsveitum skiptir hver einstaklingur miklu máli. Hver og einn þarf að geta gengið í öll verk og bjargað sér í þeim aðstæðum sem geta komið upp og hafa breiða þekkingu á því sem þarf að gera."

Sævar þarf stundum að breyta plönum með stuttum fyrirvara en hann nýtur til þess stuðnings fjölskyldunnar og vinnuveitanda. „Ég fæ að fara þegar ég verð að fara," segir hann.

Fyrsti fundurinn kveikti áhugann

Steinar Guðlaugsson er nýliði hjá Björgunarsveitinni Ársæli. Hann fór á kynningarfund hjá sveitinni aðeins 13 ára gamall og eftir það varð ekki aftur snúið.

Steinar Guðlaugsson er enginn venjulegur 18 ára nemi við Verslunarskóla Íslands. Hann starfar af miklum krafti innan björgunarsveitanna og hefur tekið þátt í unglingastarfinu í fimm ár, þar af undanfarið ár sem umsjónarmaður. „Ég var ekki nema sex ára þegar ég sá frétt í sjónvarpinu sem tengdist starfi björgunarsveitanna og sagði að þetta langaði mig að gera þegar ég yrði stór. Það var svo mamma sem benti mér á að björgunarsveitin Ársæll væri með kynningarfund úti á Granda, sem ég fór á og sé ekki eftir því. Starfið í unglingadeildinni er það skemmtilegasta sem ég hef gert á ævi minni. Þetta er frábært starf og einstaklega góður félagsskapur," segir Steinar.

Rústabjörgun í Rússlandi

Í unglingastarfinu gefst tækifæri til að ferðast um landið og öðlast innsýn í hvernig ber að varast þær hættur sem íslensk náttúra býr yfir. Eftir fyrsta árið tók Steinar þátt í áskorun sem var samstarfsverkefni Slysavarnafélagsins, Bandalags íslenskra skáta og írskra skáta. Gengið var frá Úlfljótsvatni og upp á Hellisheiði og segir Steinar það hafa verið mjög lærdómsríkt. „Næsta verkefni var æfing í rústabjörgun í Rússlandi árið 2015.

Um 50 björgunarsveitir um landið eru með unglingastarf.

Við undirbjuggum okkur vel hér heima, lærðum grunnatriði í rústabjörgun og fyrstu hjálp. Verkefnið í Rússlandi var mjög stórt í sniðum og fólst í að bjarga fólki úr flaki flugvélar, lestar og þyrlu við mjög raunverulegar aðstæður. Ég lærði ótrúlega margt í þessari ferð. Við sem fórum saman út erum nánir vinir í dag og höfum haldið hópinn," segir Steinar.

> **Ég var ekki nema sex ára þegar ég sá frétt í sjónvarpinu sem tengdist starfi björgunarsveitanna og sagði að þetta langaði mig að gera þegar ég yrði stór.**

„Starfið í unglingadeildinni er það skemmtilegasta sem ég hef gert á ævi minni. Þetta er frábært starf og einstaklega góður félagsskapur," segir Steinar.

Öflugt unglingastarf

Markmið unglingadeildarstarfs björgunarsveitanna er að þjálfa upp björgunar- og slysavarnafólk framtíðarinnar. Það er gert með kynningum eða námskeiðum í leitartækni, fyrstu hjálp, almennri ferðamennsku, rötun, notkun áttavita, kortalestri og fleiru. „Mér fannst svo gaman í unglingastarfinu að mig langaði að hjálpa öðrum krökkum að upplifa það sama. Allt sem ég hef lært í gegnum starfið með björgunarsveitinni er hagnýtt og mun koma mér vel um alla framtíð og ekki síður í daglegu lífi, t.d. allt sem ég kann í fyrstu hjálp. Ég hef líka lært gríðarlega mikið í fjallamennsku, eins og hvernig á að haga sér á fjöllum, búa sig undir fjallaferðir, lesa á áttavita og fleira spennandi," segir Steinar.

Fasteignir.is

VÍSIR.IS FRÉTTABLAÐIÐ

5. TBL. MÁNUDAGUR 29. JANÚAR 2018

heimili fasteignasala – á traustum grunni

Bogi Pétursson lögg.fasteignasali

Finnbogi Hilmarsson lögg. fasteignasali

Guðbjörg G. Blöndal lögg. fasteignasali

Jón Bergsson hdl. og lögg. fasteignasali

Brynjólfur Snorrason lögg. fasteignasali

Gunnlaugur A. Björnsson lögg. fasteignasali

Ásdís Írena Sigurðardóttir skrifstofustjóri

Hafdís Una Guðnýjardóttir lögfræðingur

Félag Fasteignasala

Finndu okkur á Facebook

530 6500 Grensásvegi 3 | Opið mán. – fös. frá kl. 9–17 | www.heimili.is 530 6500

Fagleg þjónusta - Vönduð vinnubrögð

Ingólfur Geir Gissurarson
Framkvæmdastjóri, lögg. fasteignasali og leigumiðlari
896 5222

Heiðar Friðjónsson
Sölustjóri
Löggiltur fasteignasali B.Sc
693 3356

Herdís Valb. Hölludóttir
Lögfræðingur og löggiltur fasteignasali
694 6166

Úlfar F. Jóhannsson
hdl. Lögfræðingur. Löggiltur Fasteignasali. Skjalagerð.

Margrét Sigurgeirsdóttir
Skrifstofustjóri
margret@valholl.is
588 4477

Pétur Steinar Jóhannsson
Aðstoðarm. fasteignasala Snæfellsnesi
893 4718

Anna F. Gunnarsdóttir.
Lita og innanhús Stílisti.
Löggiltur fasteignasali
892 8778

Sturla Pétursson
Löggiltur fasteignasali
899 9083

Snorri Snorrason
Löggiltur Fasteignasali. Útibú Höfn í Hornafirði.
895-2115

Framúrskarandi fyrirtæki 2015 - 2016

VALHÖLL FASTEIGNASALA Síðan 1995

Nútímaleg, kraftmikil og framsækin fasteignasala sem byggir á áratuga reynslu starfsmanna!

Síðumúla 27 | Sími 588 4477 | www.valholl.is

Tvær sérhæðir í Vesturbænum

Híbýli fasteignasala s. 585-8800 kynnir: Heil húseign á eftirsóttum stað á Tómasarhaga í Vesturbæ Reykjavíkur.

Eignin er á tveimur fastanúmerum, þ.e. efri og neðri sérhæð.

Neðri sérhæðin skiptist í forstofu, eldhús, stóra stofu með útgengi á svalir. Í svefnálmu er baðherbergi með glugga, hjónaherbergi og tvö barnaherbergi.

Efri sérhæðin: Svefnherbergi á stigapalli, gestasnyrting, forstofa, eldhús, stofa með útgengi á svalir. Í svefnálmu er baðherbergi með glugga, hjónaherbergi og tvö barnaherbergi.

Kjallari er óskiptur, þar eru fjögur góð herbergi, inntaksrými og flísalagt baðherbergi með sturtuklefa.

Unnt væri að útbúa litla einstaklingsíbúð í kjallara með sér inngangi.

Bílastæði fyrir hvora hæð eru undir svölum og hluta húss. Hægt væri að loka stæðunum þannig að hvor hæð um sig fengi bílskúr.

Frábær staðsetning, sjávarútsýni úr stofum beggja hæða. Eign sem býður upp á mikla möguleika.

Opið hús í dag frá kl 16.30 til 17.30 – Tómasarhagi 28, 107 Reykjavík.

Nánari upplýsingar á skrifstofu Híbýla í síma 585-8800 eða á netfanginu hibyli@hibyli.is

Ingibjörg Þórðardóttir, löggiltur fasteignasali, s. 864-8800 / ingibjorg@hibyli.is

Ólafur Már Ólafsson, löggiltur fasteignasali, s. 865-8515 / olafur@hibyli.is

Opið hús í dag frá kl 16.30 til 17.30 – Tómasarhagi 28, 107 Reykjavík.

Fasteignasala Mosfellsbæjar

Einar Páll Kjærnested
lögg. fasteignasali.
einar@fastmos.is

KJARNA - ÞVERHOLTI 2 • 270 MOSFELLSBÆ • SÍMI: 586 8080 • FAX: 586 8081
WWW.FASTMOS.IS

Brekkugata 17 og 19 - 210 Garðabær

Mjög falleg 212,8 m2 Parhús á tveimur hæðum ásamt bílskúr – með fallegu útsýni - tilbúið til innréttinga. Gott skipulag. 5 svefnherbergi. Eignin er staðsett í nýju hverfi í Urriðarholti í Garðabæ. Húsið stendur á góðum stað með fallegu útsýni og sést vel yfir Garðabæ og Reykjavík. **V. 75,9 m.**

Ástu-Sólliljugata 14A, 16 og 16A

Raðhús á einni hæð – tilbúið til afhendingar- Fullfrágengið að utan og rúmlega fokhelt að innan. Falleg og vel skipulögð raðhús á einni hæð ásamt bílskúr. Húsið er allt með mikilli lofthæð sem hægt er að vinna með við nánari útfærslur á skipulagi.

Ástu-Sólliljugata 14A	**176,5 m2.**	**V. 56,7 m.**
Ástu-Sólliljugata 16	**176,5 m2.**	**V. 56,7 m.**
Ástu-Sólliljugata 16A	**184 m2.**	**V. 58,7 m.**

Furugrund 70 - 200 Kóp.

Vel skipulögð og björt 73,6 m2. 3ja herbergja endaíbúð með frábæru útsýni á 5. hæð í lyftuhúsi á mjög góðum stað í Kópavogi. Eignin skiptist í tvö svefherbergi, forstofuhol, baðherbergi, eldhús, stofu og borðstofu. Íbúðinni fylgir sérgeymsla í sameign. **V, 39,7 m.**

Gerplustræti 8 -270 Mos.

Ný fullbúin 67,0 m2, 2-3ja herbergja íbúð á efstu hæð í 3ja hæða lyftuhúsi við Gerplustræti 8 í Mosfellsbæ. Stórar svalir í suður með fallegu útsýni. Gott skipulag. Gólfefni eru fallegt harðparket og flísar. Rúllugardínur í gluggum. **V. 37,5 m.**

Kvíslartunga 90, 108, 110 og 112

230 m2 raðhús - tilbúin til innréttinga - á tveimur hæðum. Á jarðhæð er forstofa, bílskúr, 3 svefnherbergi, baðherbergi, þvottaherbergi, og geymsla. Á efri hæðinni er hjónaherbergi, baðherbergi, eldhús, og stofur. **V. 62,5 og 64,9 m.**

Bjartahlíð 9 - 270 Mosfellsbær

Opið hús í dag mánudag frá kl. 17:00 til 17:30

Fallleg 104,2 m2 3ja herbergja íbúð á jarðhæð ásamt 28 m2 bílskúr. Íbúðin skiptist í forstofu, hol, baðherbergi með baðkari og sturtu, þvottahús, tvö rúmgóð svefnherbergi, eldhús, stofu, borðstofu og sólstofu. Góð hellulögð verönd í suður. Vinsæll staður í grónu hverfi, stutt í sund, skóla og leikskóla. **V. 48,9 m**

Litlikriki 76 - 270 Mosfellsbær

Opið hús þri. 30 . janúar frá kl. 17:00 til 17:30

Mjög falleg 74,0 m2, 2ja herbergja íbúð á efstu hæð, ásamt bílastæði í bílageymslu, í 4ra hæða lyftuhúsi. Mjög fallegt útsýni. Fallegar innréttingar og gólfefni. Frábær staðsetning efst í hlíðinni í Krikahverfinu í Mosfellsbæ. Stutt í miðbæ Bosfellsbæjar. **V. 37,9 m.**

Dalatangi 8 - 270 Mosfellsbær

Mig langaði að taka samfélagslega ábyrgð og gera meira en að borga mánaðarlega upphæð til góðgerðarmála," segir Svanfríður Anna Lárusdóttir um tilurð þess að hún skráði sig í Slysavarnadeildina í Reykjavík fyrir nokkrum árum og seinna gerðist hún einnig félagi í björgunarsveitinni Kili á Kjalarnesi.

„Áður hafði ég búið í sjávarplássi úti á landi þar sem sjórinn tók sinn toll og séð hvað starf Slysavarnafélagsins Landsbjargar er ótrúlega mikilvægt. Sem Íslendingur fann ég líka þörf til að taka til í eigin ranni, frekar en að borga með barni í Afríku, þótt ég geri það nú líka," segir hún og hlær.

Svanfríður situr í stjórn Slysavarnafélagsins Landsbjargar. Hún segir verkefnin gefandi og félagsskapinn góðan.

„Það sem er einstakt við Slysavarnafélagið Landsbjörg er að þar starfar fólk á öllum aldri. Elstu konurnar í slysavarnadeildinni eru um nírætt, hafa tekið þátt í starfinu frá fermingu og koma enn að smyrja flatkökur. Við finnum því verkefni fyrir alla og hvert einasta handtak skiptir máli."

Á landsvísu starfa 33 slysavarnadeildir að mismunandi verkefnum eftir því hver þörfin er í nærsamfélaginu. Ungbarnagjafir með bæklingi fyrir nýja foreldra, reykskynjarar fyrir fermingarbörn, björgunarvesti á bryggjur, bæjaryfirvöldum er bent á hættur á opnum leiksvæðum og svo mætti lengi telja.

Svanfríður Anna Lárusdóttir er í stjórn Landsbjargar. MYND/ANTON BRINK

„Slysavarnadeildirnar vinna einnig saman á landsvísu og verkefnin eru mörg," segir Svanfríður. „Við tökum meðal annars þátt í landsverkefninu Vertu snjall undir stýri, gefum árlega endurskinsmerki í grunn- og framhaldsskóla og gefum öryggisvesti í leikskóla landsins í samstarfi við 112 og fleiri fyrirtæki með nokkurra ára millibili. Þá förum við í árvissar heimsóknir til eldri borgara, sem við köllum Glöggt er gests augað, og ræðum við þá um slysavarnir."

Metta mörg hundruð munna

Verkefni slysavarnadeilda landsins eru ekki á allra vitorði þrátt fyrir að vera órjúfanlegur hluti af starfi björgunarsveitanna.

„Slysavarnadeildin í Reykjavík, eins og fleiri deildir, er oft kölluð út þegar um stærri útköll er að ræða til að sinna matarþörf björgunarfólks. Þá eldum við og sendum frá okkur mat til 250 sjálfboðaliða sem standa í flugeldasölu á milli jóla og nýárs, og það er sjálfboðaliðavinna frá morgni til kvölds, björgunarsveitunum að kostnaðarlausu. Á Menningarnótt höfum við undanfarin ár staðið vaktina frá morgni fram á nótt og gefið lögreglu og öðrum viðbragðsaðilum heita súpu og tilheyrandi veitingar," upplýsir Svanfríður.

Slysavarnadeildir landsins eru sömuleiðis duglegar við fjáraflanir, hvort sem það er flugeldasala, sala á Neyðarkallinum eða aðrar fjáraflanir sem styðja við umfangsmikinn rekstur björgunarsveitanna.

„Við komum víða við og undanfarin fjögur sumur hafa félagar úr okkar röðum tekið þátt í hálendisvakt björgunarsveitanna. Þar sinna félagarnir slysavörnum og leiðbeina ferðamönnum, og leggja þannig sitt af mörkum við slysavarnir ferðamanna þó að við látum svo þjálfað björgunarsveitafólk um erfiðari verkefnin á fjöllum."

Vantar fleiri í Landsbjörg

Slysavarnadeildir landsins hafa undanfarin misseri styrkt starf sitt með ráðstefnuhaldi sem gefið hefur góða raun.

„Árangurinn er mjög góður," segir Svanfríður. „Eftir ráðstefnuna Slysavarnir 2017, sem haldin var í október síðastliðnum, settum við saman vinnuhóp frá nokkrum hagsmunaaðilum með það að markmiði að halda á lofti nauðsyn þess að frekari fókus verði settur á slysaskráningu. Við höfum séð á ráðstefnum ytra að það vantar mikið upp á ítarlegri úrvinnslu á skráningu og þótt slys í flokknum slys á heimilum og í frístundum, svo dæmi sé tekið, séu skráð er erfitt að átta sig á um hvers konar slys er að ræða. Til að mynda sjáum við ekki hversu mörg börn komast í eiturefni á heimilum, detta á hjólum, á skíðum eða slasa sig í sumarbústöðum. Við leggjum því áherslu á að skráningarnar verði ítarlegri því brýnt er að við getum sinnt slysavörnum sem best og þannig komið í veg fyrir fleiri slys."

Í vinnslu er vefurinn slysavarnir.is.

„Þar leggjum við áherslu á slysavarnir á heimili og í frístundum og er hugmyndin að vefurinn verði öflug upplýsingaveita um það hvernig hægt er að koma í veg fyrir slys og hvað ber að gera ef þau ber að höndum," upplýsir Svanfríður.

Að lokum minnir Svanfríður á að það sé alltaf pláss fyrir nýja og góða félaga á öllum aldri.

„Við köllum því til almennings að skrá sig sem félaga og hjá mörgum sveitum og deildum eru einnig starfandi unglingadeildir. Slysavarnadeildin í Reykjavík og björgunarsveitin Ársæll deila húsnæði í Gróubúð á Grandagarði og þar er starfandi unglingadeild. Unglingar frá sextán ára aldri geta skráð sig á haustin og svo valið hvort þeir fara í björgunarsveit eða slysavarnadeild átján ára. Sá skóli er frábær leið til forvarna, unglingarnir læra um ferðamennsku og björgunarstörf og taka þátt í slysavarnaverkefnum."

Launin eru þakklæti

Reynir Arnórsson á Djúpavogi hefur í 40 ár staðið vaktina sem slysavarnamaður og björgunarsveitarmaður. Hann segir jólamatinn geta beðið ef fólk er í nauðum á aðfangadagskvöld.

Ég átta mig ekki á því hvað það var sem dró mig í slysavarnastörfin en kannski var ástæðan sú að ég var sjálfur dálítill glanni sem krakki og slysavarnir urðu mér mikið áhugamál þegar ég var sjálfur farinn að ala upp börn," segir Reynir sem gekk til liðs við slysavarnadeildina á Djúpavogi árið 1978 en deildin var stofnuð árið 1940 af kraftmiklum hugsjónakonum þar í bæ.

„Á landsvísu voru slysavarnadeildirnar stofnaðar af konum sem settu á fót björgunarsveitir til að fara á stjá ef voða bar að höndum. Slysavarnadeildirnar hafa allar götur síðan verið öflugur styrkur björgunarsveitanna, bæði hvað varðar fjáraflanir og þegar útköll eiga sér stað."

Margt hafi breyst á þeim fjörutíu árum sem Reynir hefur starfað við slysavarnir.

„Á upphafsárunum var aðallega hugað að sjómönnum og rekinn áróður fyrir því hvernig standa ætti að slysavörnum til sjós og lands. Í dag eru verkefnin orðin víðtækari. Við gerum bílbeltakannanir, fylgjumst með hjálmanotkun barna og skoðum öryggisaðstæður í nærumhverfinu til að sjá hvar slysahættur liggja. Slysavarnir eru í raun slysaeftirlit og nokkrum sinnum yfir árið er gengið um bæjarfélagið til að koma úrbótum á framfæri þar sem hætturnar finnast og liggja."

Mjúk ábending virkar betur

Slysavarnadeildin á Djúpavogi var brautryðjandi í kaupum reiðhjólahjálma handa grunnskólabörnum en síðastliðin ár hafa Kiwanisklúbbarnir tekið við keflinu og gefið hjálma í samstarfi við Eimskip.

„Við afhendingu hjálmanna héldum við reiðhjóladag og sýndum börnunum hvernig nota ætti hjálmana og ræddum við þau um slys og slysagildrur. Við hvetjum foreldrana líka til að nota hjálma til að gefa börnunum gott fordæmi. Það er slæmt að ekki fáist í gegn að allir séu skyldugir til að nota hjálm á reiðhjóli, rétt eins og að allir eiga að nota öryggisbelti í bílum. Í starfi mínu sem umferðarfulltrúi Austurlands vissi ég um slys þar sem fullorðin kona datt á hjóli og lenti í óafturkræfum skaða vegna þess að hún var ekki með hjálm," segir Reynir sem kveðst ekki mundu þora að hjóla hjálmlaus um Djúpavog.

„Bæði öryggisins vegna en líka vegna þess að krakkarnir kalla þá á eftir mér. Ég kalla reyndar líka í þau og hrósa þeim sem nota hjálma. Sú hvatning skiptir þau máli og hefur jákvæð áhrif."

Slysavarnadeildirnar standa líka fyrir verkdögum þar sem fylgst er með því fyrir utan leik- og grunnskóla hvort foreldrar komi með börn sín í öryggisbúnaði.

„Á Djúpavogi eru fáar götur en við erum fljót að láta í okkur heyra ef hraðakstur á sér stað í bænum okkar. Hér voru til dæmis sett upp skilti af mæðrum sem báðu ökumenn að fara gætilega því í götunum byggju mörg börn. Ég held að svo mjúkar ábendingar nái betur til fólks en steyttur hnefi."

Einn meðal fjörutíu kvenna

Eitt skemmtilegasta tímabilið í slysavarnadeildinni segir Reynir hafa verið þegar hann einn karla fékk að sitja kvennaráðstefnu slysavarnakvenna á Eiðum og kynntist þar því mikilvæga starfi sem þær sinna.

Reynir Arnórsson í Björgunarsveitinni Báru á Djúpavogi. MYND/INGI RAGNARSSON

„Þá voru konurnar gallharðar á því að engir karlar fengju að mæta en ég var svo heppinn, sem einn af upphafsmönnum ráðstefnanna, að fá að mæta þangað einn með fjörutíu hressum og kátum konum. Þær komu alls staðar að og spurðu hver aðra frétta úr sínum deildum. Ein svaraði því til að þær hefðu gert ósköp lítið en þegar betur var að gáð kom í ljós að deildin hafði verið með beltakönnun, hjálmaskoðun og leiðbeiningar um slysavarnir. Þessar duglegu konur berja sér aldrei á brjóst þótt þær vinni stórkostlegt starf utan síns vinnutíma og ég spurði hreinlega hvernig stæði á því að þær gerðu lítið úr starfi sínu sem við hin njótum góðs af og erum öruggari þar sem við förum um," segir Reynir um óeigingjarnt og hljótt sjálfboðastarf slysavarnakvenna.

Reynir hefur nú dregið sig hægt og rólega út úr björgunarsveitinni og hugar meira að slysavörnum.

„Slysavarnadeildirnar fara ekki um og biðja fólk að gæta sín á þröskuldum heldur leita uppi slysagildrur. Margt verður á vegi okkar yfir árið og eftirfylgni um úrbætur er mikil. Víða um land hafa slysavarnadeildir og björgunarsveitir keypt saman björgunarvesti, sem komið hefur verið fyrir á bryggjum í áberandi skáp. Þessi vesti geta börn tekið og sett á sig þegar þau fara á bryggjuna, til dæmis til að veiða."

Gefur mikið að bjarga fólki

Í fjörutíu ára starfi í björgunarsveit og slysavörnum á Djúpavogi hefur Reyni ekki leiðst eitt augnablik.

„Það hefur verið gefandi og skemmtilegt að vinna með einstöku fólki sem vill láta gott af sér leiða og er umhugað um náungann. Fjölskyldan hefur líka sýnt þessu starfi mikinn skilning. Við konan eigum sex uppkomin börn og heima hefur aldrei verið kvartað þótt ég hafi þurft að hlaupa frá borðhaldi á aðfangadagskvöld til að hjálpa fólki í nauðum. Ein jólin kom útkall vegna bíls sem lenti utan vegar í hríðarbyl í Berufirði en engin slys urðu á fólki. Spyr þá dóttir mín hvort ég ætli nú samt ekki að borða jólamatinn. Nei, svaraði ég, maturinn bíður eftir mér en fólkið verður ekki látið bíða eftir björgunninni. Mér er sama hver á í hlut, ef einhverjum líður illa og er í miklum vanda get ég borðað þegar ég kem heim," segir Reynir, og launin eru þakklæti.

„Það að bjarga manneskju gefur mikið en björgunarsveitar- og slysavarnafólk nærist á þakklætinu. Því er mikilsvert að því sé þakkað fyrir björgunarstörfin."

Reynir segir ótrúlegt hvað margt ferðafólk taki áhættu og haldi áfram upp fjallvegi þótt lokað sé með slá og blikkandi ljósum og skiltum sem útskýra á mörgum tungumálum að vegurinn sé ófær og lokaður.

„Ég er hissa á að fólk þori að láta reyna á þetta því ég er ekki kjarkmeiri maður en svo að væri ég í útlöndum við veg sem væri lokaður í myrkri og snjó, mundi ég ekki þora að halda áfram. Við þurfum að vera mun grimmari í lokunum og hálkuvörnum og koma skilaboðum strax í snjalltæki ferðafólks svo að það fari rétta leið. Það er sú slysavörn sem ég vil að fái framgang sem fyrst."

Öflugt öryggisnet um allt land.

Björgunar-, slysavarna- og unglingadeildir Slysavarnafélagsins Landsbjargar eru staðsettar hringinn í kringum landið og mynda þannig þétt öryggisnet.

27
snjóflóða-, víðavangs- og sporhundar

4.548
er fjöldi björgunarfólks á útkallsskrá

23.019
tóku þátt í námskeiðum Björgunarskólans 2013-2017

10.000
eru skráðir félagar í Slysavarnafélaginu Landsbjörg

25.000
flugeldagleraugu eru gefin börnum árlega

632
eru virkir í slysavarnadeildum félagsins

800.000
ferðamenn heimsóttu vefsíðuna safetravel.is á síðasta ári

1.200-1.800
er fjöldi útkalla sem björgunarsveitirnar fara í árlega

50.000
nemendur hafa sótt Slysavarnaskóla sjómanna frá upphafi

20.000
ferðamenn nýttu sér ferðaáætlanir Safetravel á síðasta ári

430.000
ferðamenn fengu afhent prentað fræðsluefni frá Safetravel á síðasta ári

3.357
nemendur sóttu Slysavarnaskóla sjómanna á síðasta ári

70
bjarganir á sjó eru unnar árlega

13
stór björgunarskip

2.500
endurskinsmerki hafa slysavarnadeildir gefið börnum árlega

90 1928 2018

3.000
manns hefur verið bjargað úr sjávarháska frá stofnun félagsins

24
leitardrónar

210
námskeið eru haldin af Slysavarnaskóla sjómanna á hverju ári

25
bílar

989
eru starfandi í unglingadeildum

2008
var fyrsta árið frá upphafi sem ekki varð banaslys á sjó

832
björgunarmenn tóku þátt í fjölmennustu aðgerðinni á síðasta ári

SLYSAVARNAFÉLAGIÐ LANDSBJÖRG

93 Björgunarsveitir

33 Slysavarnadeildir

54 Unglingadeildir

3-5
útköll eru að meðaltali á hverjum degi

421
er fjöldi námskeiða Björgunarskólans á síðasta ári

104
harðbotna- og slöngubátar

9.000
endurskinsvesti eru afhent leikskóla- og grunnskólabörnum árlega af slysavarnadeildum

4.000
ferðamönnum var liðsinnt á hálendisvakt félagsins síðasta sumar

136
vélsleðar

700
starfsmenn í ferðaþjónustu hafa sótt öryggisnámskeið Safetravel

227
sérbúnir jeppar og bílar

36
er meðalaldur björgunarsveitarfólks

Björgunarskip

Slysavarnaskóli sjómanna

Óskaplega gefandi starf

Þegar Anna Lyck Filbert hóf störf sem sjálfboðaliði hjá björgunarsveitinni Kili fann hún að hún gat gert meira gagn. Hún sótti ýmis námskeið og sinnir nú fjölbreyttum verkefnum fyrir sveitina.

Anna Lyck Filbert hefur starfað sem sjálfboðaliði hjá björgunarsveitinni Kili á Kjalarnesi frá árinu 2002 en þá var sveitin endurvakin eftir nokkurra ára dvala. Hún segir að sig hafi vantað smá tilbreytingu í líf sitt sem heimavinnandi húsmóðir á sínum tíma en þau hjónin eiga fimm börn. „Ég reiknaði með að geta liðsinnt með því t.d. að hella upp á kaffi, aðstoða við fjáraflanir og fleira. Fljótlega fann ég að ég gat gert meira gagn og tók því ýmis námskeið og kynnti mér starfið sem mér fannst bæði göfugt, fjölbreytt og spennandi.“

Hún segir að á þeim tíma hafi ekki verið algengt að byrja í slíku starfi á gamals aldri en henni var strax afskaplega vel tekið. „Eitt leiddi af öðru og í dag hrærist ég mikið í þessum heimi sem er orðinn stór hluti af lífi mínu. Þótt starfið geti verið mjög krefjandi er það líka afskaplega gefandi og ég reikna með að halda áfram í björgunarsveitarstarfi með einum eða öðrum hætti, meðan ég geri gagn og hef ánægju af.“

„Eitt leiddi af öðru og í dag hrærist ég mikið í þessum heimi sem er orðinn stór hluti af lífi mínu. Þótt starfið geti verið mjög krefjandi er það líka afskaplega gefandi,“ segir Anna Lyck Filbert.

Nýtist í starfinu

Anna segist hafa verið heppin með að fjölmörg námskeið sem voru og eru í boði vöktu áhuga hennar og hafa nýst í starfinu. „Eftir grunnnámskeið finna flestir hvar þeirra áhugasvið liggur og geta sótt sér frekari menntun. Hjá mér hefur það verið fyrsta hjálp, sjóbjörgun, leitartækni og aðgerðamál. Mikil þjálfun hlýst af því að taka þátt í aðgerðum og umgangast aðra viðbragðsaðila.“

Í dag starfar hún bæði með eigin björgunarsveit og með svæðisstjórn í aðgerðamálum og því eru verkefnin mjög fjölbreytt. „Ég fer til skiptis á vettvang eða get verið í stjórnstöð á meðan á útkalli stendur. Helstu verkefni eru leitir á landi og sjó, óveður og ófærð, bráðaveikindi og slys en á því sviði er björgunarsveitin mín með samstarfssamning við Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins. Einnig er stór hluti starfsins innra starf, þar sem við sinnum slysavörnum, fjáröflunum, viðhaldi á búnaði, fundum o.fl.“

> **Helstu verkefni eru leitir á landi og sjó, óveður og ófærð, bráðaveikindi og slys.**

Mikill skilningur

Eins og fyrr segir eiga þau hjónin fimm börn en Anna hóf að starfa sem sjálfboðaliði þegar yngsta barnið var fimm ára. „Maki minn og börn hafa ávallt haft skilning á þessu brölti mínu og haldið heimilinu gangandi, þegar ég hef stokkið í burtu. Án þeirra stuðnings og baklandsins heima hefði ég aldrei getað enst svona lengi. Elstu börnin tvö hafa um tíma verið virk í björgunarsveitarstarfi með mér og maðurinn minn sér um heimasíðu sveitarinnar svo þetta hefur í mörg ár verið partur af heimilislífinu.“

Öryggismál eitt af mikilvægustu verkefnum ferðaþjónustunnar

Vefsíðan Safetravel er rekin af Slysavarnafélaginu Landsbjörg og er hluti af stærra verkefni sem einfaldlega kallast Safetravel. Þar taka höndum saman opinberar stofnanir, ferðaþjónustuaðilar og fyrirtæki sem hafa það að markmiði að bæta forvarnir og minnka slys í ferðamennsku og ferðaþjónustu hér á landi. Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir, ráðherra ferðamála, segir hér frá aðkomu ráðuneytisins að verkefninu.

Hvert er mikilvægi Safetravel?

„Reynsla, fagmennska og metnaður Slysavarnafélagsins Landsbjargar er ómetanleg auðlind fyrir Íslendinga í mörgu tilliti. Það birtist meðal annars í Safetravel-verkefninu. Öryggismál eru eitt af mikilvægustu viðfangsefnum ferðaþjónustunnar og Safetravel gegnir að mínu mati gríðarlega mikilvægu hlutverki hvað það varðar. Þess vegna var það eitt af mínum fyrstu embættisverkum sem nýr ráðherra, fyrir u.þ.b. einu ári, að auka stuðning ráðuneytis ferðamála við verkefnið.“

Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir, ráðherra ferðamála

Samstarf ráðuneytisins og undirstofnana við Safetravel hefur verið mikið síðustu árin, hvernig horfir ráðherra á mikilvægi þess?

Rauði þráðurinn í Safetravel-verkefninu er upplýsingar og fræðsla.



Safetravelappið í símanum.

„Ef eitthvert eitt orð einkennir þá nálgun sem þarf að beita á málefni ferðaþjónustunnar þá er það „samstarf“. Við höfum bætt okkur í því á undanförnum árum en viljum gera enn betur og það á við um Safetravel eins og önnur verkefni, en samstarfið þar hefur verið einkar gott.“

Rauði þráðurinn í Safetravel verkefninu eru upplýsingar og fræðsla, er ætið nauðsyn á slíku? „Já, og þörfin fer vaxandi. Bæði vegna þess að við fáum í auknum mæli gesti frá ólíkum menningarheimum og einnig vegna þess að þeir koma í auknum mæli um vetur, þegar aðstæður eru viðsjárverðar og framandi mörgum gestum okkar. Tæknilegar lausnir geta ábyggilega auðveldað okkur verkefnið en sjálf þörfin fyrir upplýsingar og fræðslu mun ábyggilega vaxa frekar en minnka.“

Hvernig sér ráðherra framtíðina varðandi samstarf ráðuneytisins við Safetravel? „Ég vænti þess að við eigum áfram gott samstarf hér eftir sem hingað til. Eins og ég sagði áðan er þekking og fagmennska Landsbjargar ómetanleg auðlind. Við viljum freista þess að njóta áfram góðs af henni og frekar treysta og efla það samstarf heldur en hitt.“

Dugnaður, fórnfýsi og fagmennska

Haraldur Johannessen
ríkislögreglustjóri

Í Slysavarnafélaginu Landsbjörg koma saman nokkrir þættir sem Íslendingar geta verið stoltir af; vilji til góðra verka og fórnfýsi, fagmennska og skilvirkt skipulag, dugnaður og frjálst framtak. Enginn þarf að efast um hvern hug Íslendingar bera til björgunarsveitanna sem saman starfa undir merki Slysavarnafélagsins Landsbjargar. Þjóðin er þakklát þeim þúsundum sjálfboðaliða sem sinna leit og björgun, á sjó jafnt sem landi, oftar en ekki við mjög krefjandi aðstæður.

Sem ríkislögreglustjóri undirritaði ég fyrir hönd embættisins samning við Slysavarnafélagið Landsbjörg og Rauða kross Íslands árið 2012. Sá samningur er mikilvægur þar sem kveðið er á um hlutverk þessara félaga í heildarskipulagi hjálparliðs vegna almannavarna á hættu- og neyðartímum. Ákvæði þessa samnings skilgreina m.a. tengsl stjórnskipulags Slysvarnafélagsins Landsbjargar við skipulag almannavarna vegna aðgerða á hættu- og neyðartímum. Samningurinn markaði þáttaskil í samstarfi embættis ríkislögreglustjóra og þessara tveggja félaga. Hann hefur reynst réttnefnt gæfuspor rétt eins og sú ákvörðun að sameina Slysavarnafélag Íslands og Landsbjörg, landssamband björgunarsveita, árið 1999. Framsýni mótaði þá ákvörðun alla.

Lögreglan í landinu og björgunarsveitirnar eiga með sér gefandi og farsælt samstarf. Frá sjónarhóli lögreglunnar er það ómetanlegt að geta leitað til þeirra fórnfúsu kvenna og karla sem jafnan hlýða kallinu samstundis þegar þörf krefur. Ljóst er að án þessara fjölmennu sveita sjálfboðaliða væri skipulag almannavarna ekki eins öflugt og raun ber vitni.

Ég vona að náin samvinna lögreglunnar og Slysavarnafélagsins Landsbjargar vari um ókomin ár þannig að þjóðin fái áfram notið þess aukna öryggis sem er og verður markmið þessa samstarfs.

Lögreglan og björgunarsveitirnar eiga með sér farsælt samstarf

Skólinn var bylting í öryggismálum

Slysavarnaskóli sjómanna tók til starfa árið 1985. Markmið skólans er að efla öryggisfræðslu sjómanna. Fræðslan uppfyllir íslenskar og alþjóðlegar kröfur um þjálfun sjómanna. Skólinn hefur gjörbreytt öryggismálum sjómanna.

Gunnar Tómasson er formaður skólanefndar Slysavarnaskólans. Hann starfaði upphaflega sem formaður björgunarsveitarinnar í Grindavík og sat í stjórn Slysavarnafélagsins. Gunnar hefur rekið útgerðarfyrirtæki í Grindavík og öryggismál sjómanna hafa alltaf verið honum hugleikin.

Gunnar er meðal þeirra sem tóku þátt í að stofna Slysavarnaskóla sjómanna árið 1985 og mótuðu hann í upphafi. „Eftir að lög voru samþykkt um öryggismál sjómanna árið 1991 var ákvæði um að skólinn þyrfti að hafa starfandi skólanefnd sem skipuð væri hagsmunaaðilum, það er sjómannasamtökunum og Slysavarnafélaginu, sem ég er fulltrúi fyrir," segir hann. „Þegar skólinn var settur á fót varð bylting í öryggismálum sjómanna. Fjöldi námskeiða er í boði á hverju ári og tækninni fleygir sífellt fram í öryggisbúnaði skipa. „Sjómenn þurfa að fara á öryggisfræðslunámskeið á fimm ára fresti og hafa þeir verið ákaflega ánægðir með námskeiðin," segir Gunnar.

Gunnar fyrir utan Slysavarnaskólann í Reykjavíkurhöfn. MYND/ANTON BRINK

Löng saga björgunarsveita

Þegar Gunnar rifjar upp söguna bendir hann á að þegar Slysavarnafélagið var stofnað árið 1928 var engin skipulögð öryggisfræðsla eða björgunarstarf fyrir sjómenn. Félagið réð til sín erindreka sem fóru um landið til að þjálfa björgunarsveitirnar í meðferð björgunartækja. Einnig héldu þeir fundi með sjómönnum til að ræða öryggismál," útskýrir hann.

„Það má reyndar skoða söguna frá árinu 1888 til 1892 þegar séra Oddur V. Gíslason fékk styrk frá Alþingi til þess að ferðast um landið og ræða öryggismál sjómanna. Hann hvatti sjómenn til að læra sundtökin og kenndi þeim á þau öryggistæki sem voru til á þeim tíma. Sjálfur hafði hann kynnst þessum búnaði á ferð sinni erlendis. Það má því segja að Oddur hafi verið brauðryðjandi á þessu sviði. Hann stofnaði bjargráðanefndir víða um land. Þær tóku á ýmsum öryggismálum og hvöttu sjómenn að læra að synda. Einnig börðust þær fyrir betri lendingarstöðum fyrir árabáta sem þá voru notaðir og settu upp innsiglingavörður til að merkja siglingaleiðir. Þegar Oddur flutti síðan til Kanada, eins og margir Íslendingar, lögðust nefndirnar fljótlega niður," greinir Gunnar frá.

„Jón E. Bergsveinsson erindreki Slysavarnafélagsins ferðaðist síðan um landið eftir að Slysavarnafélagið var stofnað og fetaði þar í fótspor Odds með því að stofna slysavarnadeildir um landið, sem sinntu slysavarna- og björgunarstarfi á sínu landsvæði. Ætli það hafi ekki verið upp úr 1945 sem sérstakar björgunarsveitir voru stofnaðar innan slysavarnadeildanna. Almenningur um allt land ákvað að standa vel að öryggis- og björgunarstarfi á sjó og landi. Það var upphafið að björgunarsveitum eins og þær starfa í dag," segir Gunnar og bendir á að mikið vatn hafi runnið til sjávar síðan hvað varðar allan björgunar- og öryggisbúnað.

Fræðsla og þjálfun skipta máli

Allt frá stofnun Slysavarnafélagsins til ársins 1985 fóru erindrekar félagsins um landið til að fara yfir öryggisbúnað sjómanna og funduðu með þeim um öryggismál um borð. Síðan var Slysavarnaskóli sjómanna stofnaður 1985 og árangurinn hefur sannarlega komið í ljós, fræðslan og þjálfunin hefur skipt sjómenn öllu máli. Ef vel er að verki staðið fara hlutirnir vel," segir Gunnar. „Því miður verða enn slys um borð en þeim hefur líka sem betur fer fækkað. Árvekni sjómanna úti á sjó má þakka það. Svo má ekki gleyma þyrlum og björgunarskipum sem hafa sinnt björgunarmálum með frábærum árangri. Fjölmargir aðilar hafa stuðlað að verulega auknu öryggi sjómanna eins og t.d. Samgöngustofa, Landhelgisgæslan og Rannsóknarnefnd sjóslysa.

Varðskipinu Þór var fyrst breytt í björgunarskóla fyrir Slysavarnaskólann en hann sigldi umhverfis landið með námskeið. Árið 1998 fékk skólinn Akraborgina til umráða og þá varð aðstaðan mun betri en áður. „Akraborgin, sem í dag heitir Sæbjörg, er enn í notkun, en hún er ekki með fullt haffæri í dag svo skólinn er staðsettur í höfninni í Reykjavík. Við viljum gjarnan fá betri stað undir skólann og það er alltaf í skoðun," segir Gunnar.

Skipin eru komin til ára sinna.

Komið að endurnýjun skipaflotans

Otti Rafn Sigmarsson
stjórnarmaður Slysavarnafélagsins Landsbjargar

Í skipaflota Slysavarnafélagsins Landsbjargar eru 13 skip. Skipin voru keypt á árunum 1998-2008 og voru þá orðin 25-30 ára gömul. Þetta eru góð skip og vel viðhaldið en þau elstu eru orðin fertug og komið er að endurnýjun. Í dag er einnig aukin krafa um lægri rekstrarkostnað, meiri ganghraða, þægilegri aðbúnað fyrir áhöfn og fleira.

Gert er ráð fyrir að endurnýjunarferlið muni taka um áratug. Þetta er kostnaðarsamt og mikið verkefni og er fjármögnun ekki farin af stað. Horft er til skipasmíðastöðva bæði erlendis og innanlands og allir möguleikar skoðaðir. Best væri að geta framleitt skipin hér á landi, klæðskerasniðin að þörfum björgunarsveitanna.

» Endurnýjun flotans verður kostnaðarsamt og viðamikið verk.

Námskeið til fyrirmyndar

Jónas Jóhannsson, skipstjóri á Geir ÞH frá Þórshöfn, hefur reglulega nýtt sér Slysavarnaskóla sjómanna ásamt áhöfn sinni. Jónas er gríðarlega ánægður með skólann.

Jónas segir að reynslan af Slysavarnaskólanum sé gríðarlega góð. „Hugsunarháttur skipverja breyttist mikið eftir námskeiðið. Áður en við fórum í skólann gerðum við okkur ekki eins vel grein fyrir öllum þeim hættum sem eru um borð en nú erum við meðvitaðri um þær," segir hann.

„Ég finn það vel þegar við erum komnir út á sjó að fræðslan og þjálfunin hefur áhrif á alla skipverja. Við lærum alls kyns reglur um notkun á björgunarbátum, til dæmis hvernig á að snúa þeim við, einnig um það þegar menn eru hífðir upp í þyrlu. Mannskapurinn er saman í þjálfun sem er mjög gott. Ef þannig aðstæður sköpuðust, sem maður vonar að gerist ekki, þá eru menn að minnsta kosti undir það búnir," segir Jónas og bætir við að sem betur fer hafi þeir verið heppnir á Geir ÞH.

„Hitt er annað mál að þjálfun og fræðsla er mjög mikilvæg fyrir sjómenn. Til dæmis varðandi eldvarnir, reykköfunartæki og fleira. Maður gerir sér ekki grein fyrir því hvað eldhættan er víða fyrr en á námskeiðinu og rétt viðbrögð

Jónas skipstjóri við hlið Geirs ÞH sem liggur við bryggju á Þórshöfn.

geta skipt sköpum. Það eru margar aðrar hættur um borð sem þarf að varast, skyndihjálpin er mikilvæg, til dæmis endurlífgun eða viðbrögð við alvarlegum veikindum. Við erum með hjartastuðtæki og förum vel yfir öll slík öryggistæki. Sömuleiðis er kennd notkun á flotgöllum og öllum björgunarbúnaði," segir Jónas en áhöfnin á Geir ÞH fer fimmta hvert ár á námskeið hjá Slysavarnaskólanum.

„Áhöfnin fór síðast í desember og fékk þá einkanámskeið í tvo daga. Í upphafi eru námskeiðin í fimm daga en síðan í tvo daga á fimm ára fresti. Einnig hafa þeir komið hingað og haldið námskeið um borð hjá okkur. Það var mjög gott að vera í eigin umhverfi. Þessi námskeið eru til fyrirmyndar." Jónas var að vinna að viðhaldi bátsins heima á Þórshöfn þegar við ræddum við hann, en næsti veiðitúr er áætlaður 1. febrúar. Geir ÞH er gerður út á dragnót og net. Átta manns starfa um borð og veiðar eru að mestu stundaðar við Norður- og Austurland.

Náið samstarf við björgunarsveitir

Georg Lárusson
forstjóri Landhelgisgæslunnar

„Landhelgisgæsla Íslands sinnir öryggisgæslu og björgun á hafi úti," segir í fyrstu grein laga um Landhelgisgæsluna og segir það sitt um hver séu mikilvægustu verkefni stofnunarinnar. Það er hins vegar erfitt að ímynda sér hvernig hún gæti sinnt þessu hlutverki án samstarfs við björgunarsveitir um allt land.

Saga Landhelgisgæslunnar og Slysavarnavarnafélagsins Landsbjargar er raunar því sem næst samofin. Landhelgisgæslan var stofnuð 1926 en Slysavarnafélag Íslands 1928 og allar götur síðan hefur samvinnan þarna á milli verið bæði gjöful og gæfurík. Þótt Landhelgisgæslan búi yfir öflugum skipum og loftförum kemur ekkert í staðinn fyrir þéttriðið net vel þjálfaðra björgunarsveita hringinn í kringum landið enda er tíminn einn mikilvægasti þátturinn þegar kemur að leit og björgun. Því eru það oftar en ekki björgunarsveitir Slysavarnafélagsins Landsbjargar sem eru fyrstar á vettvang þegar sjófarendur lenda í háska. Björgunarsveitirnar gegna því lykilhlutverki í viðbúnaði Landhelgisgæslunnar vegna leitar og björgunar á sjó.

Samstarf Landhelgisgæslunnar og Slysavarnafélagsins Landsbjargar nær raunar yfir mun fleiri svið. Landhelgisgæslan er til

Gjöful og gæfurík samvinna.

dæmis stolt af því að taka þátt í starfi Slysavarnaskóla sjómanna, sem á svo veigamikinn þátt í að sjóslysum hefur fækkað jafn mikið hér við land eins og raun ber vitni. Og þegar kemur að leit og björgun á landi hafa þyrlusveit Landhelgisgæslunnar og björgunarsveitirnar ávallt unnið saman eins og einn hugur og ein hönd.

Við óskum Slysavarnafélaginu Landsbjörg til hamingju með stórafmælið og þökkum kærlega fyrir níutíu ára ánægjulega samfylgd.

Sterk saman

Við erum stolt af samstarfi okkar við
Slysavarnafélagið Landsbjörg og teljum
mikilvægt að það hafi öfluga bakhjarla í sínu starfi.

Við óskum félaginu til hamingju með 90 ára
mikilvægt starf fyrir land og þjóð.

vodafone SJÓVÁ ICELANDAIR GROUP olís

Aðalstyrktaraðilar Slysavarnafélagsins Landsbjargar

AÐEINS 2 ÍBÚÐIR Í BOÐI!

995 þúsund kr. út og þú átt þína eigin íbúð!

TIL SÖLU stúdióíbúðir 25 - 47 fm verð 15.9 til 22.9
auðveld kaup aðeins 5% útborgun

VERÐDÆMI

ÍBÚÐ	VERÐ	LÁN FRÁ BANKA	LÁN FRÁ SELJANDA	ÚTBORGUN AÐEINS
29,5 fm	15,9 m	90%	5%	795.000
47 fm	23,9 m	90%	5%	1.195.000

KÁRSNESBRAUT 106

Opið hús í dag kl. 17.30

STAKFELL
FASTEIGNASALA | 1984

535-1000
BORGARTÚNI 30 / 105 REYKJAVÍK
stakfell@stakfell.is / www.stakfell.is

FÉLAG FASTEIGNASALA
Þorlákur Ómar Einarsson
LÖGGILTUR FASTEIGNASALI

Aukin lífsgæði á 16 vikum

Rannsóknir hafa sýnt fram á að inntaka á Bio-Kult Original dregur verulega úr einkennum iðrabólgu og tíðni verkjakasta lækkar um rúmlega 70%. Góðgerlar hafa góð áhrif á meltinguna.

Þarmaflóran samanstendur af meira en 1.000 tegundum örvera sem vega hátt í 2 kíló. Hún gegnir gríðarlega mikilvægu hlutverki þegar kemur að heilsufari okkar og eins og nafnið gefur til kynna er hún að stórum hluta staðsett í þörmunum og meltingarveginum. Meltingarvegurinn nær frá munni og til endaþarms og gegnir þarmaflóran sama hlutverki hjá okkur öllum. Þar sem hún verður fyrir áhrifum frá ytra umhverfi í formi fæðu og lyfja upplifa flestir ýmiss konar óþægindi einhvern tímann á lífsleiðinni.

Ristilkrampar og iðrabólga (IBS)

Þegar þarmaflóran (örveruflóran) í meltingarveginum verður fyrir hnjaski og það kemst ójafnvægi þar á koma fram óþægindi sem geta verið af ýmsum toga.

Þetta er t.d.:

- Uppþemba
- Brjóstsviði
- Harðlífi/niðurgangur
- Sveppasýkingar
- Blöðrubólga
- Ristilkrampar
- Iðrabólga (IBS)

Mataræði, lyf og streita

Það er ýmislegt sem getur valdið ójafnvægi á þarmaflórunni þannig að við finnum fyrir fyrir því. Slæmt mataræði hefur mikil áhrif og eins og alltaf eru unnin matvæli og sykur þar fremst í flokki. Lyf eins og sýklalyf, sýrubindandi lyf og gigtarlyf eru slæm fyrir þarmaflóruna og svo getur streita einnig haft alvarlegar afleiðingar í þörmunum, eins og víða annars staðar í líkamanum.

Fjölmargar rannsóknir sýna fram á kosti þess að taka inn Bio-Kult Original gegn hinum ýmsu kvillum.

Bio Kult minnkar einkenni iðrabólgu

„Vísindalegum rannsóknum á þarmaflóru okkar mannanna fleygir hratt fram og þurfum við sífellt að vera að endurskoða viðhorf okkar og sjónarmið því skilningur okkar á hlutverki hennar í líkama okkar er sífellt að aukast. Framleiðendur Bio-Kult gerlanna hafa látið gera mikið af tvíblindum, klínískum rannsóknum sem sýna fram á ótrúlega jákvæða virkni gerlanna þegar kemur að því að draga úr þeim einkennum sem nefnd voru hér áður. Nýlega voru birtar niðurstöður rannsóknar sem gerð var á hópi fólks sem þjáðist af iðrabólgu og voru þær afar áhugaverðar," segir Hrönn Hjálmarsdóttir, heilsuráðgjafi hjá Artasan.

> **Einkenni iðrabólgu (IBS) minnka verulega með Bio Kult Original.**

70% minni verkir

Í rannsókninni var 360 manna hóp skipt til helminga og fékk annar hópurinn Bio-Kult original sem inniheldur 14 mismunandi gerlastofna á meðan hinir fengu lyfleysu (placebo). Tekin voru 4 hylki á dag í 16 vikur áður en árangurinn var metinn. Marktækur munur var á hópunum en iðraverkir þeirra sem tóku inn Bio-Kult Original höfðu minnkað um nærri 70% (samanborið við 47% í samanburðarhópnum). Einnig hafði tíðni verkjakasta hjá Bio-Kult hópnum dregist saman um rúm 70%. Í lok rannsóknar voru 34% þeirra sem höfðu fengið Bio-Kult Orginal einkennalausir á meðan það voru einungis 13% í samanburðarhópnum.

Hrönn Hjálmarsdóttir heilsuráðgjafi.

Mismunandi tegundir

Fjölmargar rannsóknir eru til sem hafa sýnt fram á kosti þess að taka inn Bio-Kult gegn hinum ýmsu kvillum. Til dæmis hefur verið hægt að draga úr einkennum barnaexems, laga hægðir, hvort sem um harðlífi eða niðurgang er að ræða, minnka ristilkrampa og bæta lifrarstarfsemi sjúklinga með (non-alcoholic) fitulifur. Bio-Kult vörurnar hafa verið framleiddar með tilliti til þessara einkenna m.a. og hefur hver vara sitt sérkenni.

Við erum öll einstök

Uppruni, búseta, mataræði, líferni, hreyfing og svefn eru allt þættir sem móta okkur sem einstaklinga og hafa þeir líka áhrif á þarmaflóruna. Þarmaflóran hefur ekki bara líkamleg áhrif á okkur því rannsóknir hafa sýnt að hún hefur einnig áhrif á andlegu hliðina.

Talið er að hátt í 90% af serótóníni (gleðihormóninu) séu framleidd í þörmunum og getur því ójafnvægi aukið líkur á kvíða og þunglyndi. Heilbrigð þarmaflóra er grunnurinn að góðri heilsu og verður hver og einn að reyna að finna sitt jafnvægi. „Ég er mikill talsmaður þess að allir taki inn góðgerla til að hjálpa til við að halda jafnvægi í þörmunum. Fjöldi örvera í meltingarveginum er gríðarlega mikill og ekki er hægt að greina hvert tilfelli fyrir sig nákvæmlega. Sem betur fer eru góðgerlar til inntöku hættulausir með öllu og mega allir aldurshópar taka þá inn," segir Hrönn.

40+
FEMARELLE REJUVENATE

- Minnkar skapsveiflur
- Stuðlar að reglulegum svefni
- Eykur orku
- Eykur teygjanleika húðar
- Viðheldur eðlilegu hári

Selma Björk er mjög ánægð með áhrifin af Femarelle

50+
FEMARELLE RECHARGE

- Slær hratt á einkenni (hitakóf og nætursviti minnka)
- Stuðlar að reglulegum svefni
- Eykur orku
- Eykur kynhvöt
- Hefur engin áhrif á vef í brjóstum eða legi

Femarelle skiptir Valgerði miklu máli

60+
FEMARELLE UNSTOPPABLE

- Inniheldur kalsíum og D3-vítamín,
- Stuðlar að heilbrigðri slímhúð legganga
- Eykur liðleika
- Stuðlar að reglulegum svefni
- Eykur orku sem stuðlar að andlegu jafnvægi

Eva Ólöf er hressari þegar hún notar Femarelle

Lífið ætti ekki að taka stakkaskiptum við það að eldast - vertu með okkur

Elskaðu.Lifðu.Njóttu.

Femarelle vörulínan

Smáauglýsingar

512 5000
Afgreiðsla smáauglýsinga og sími er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

FORD MUSTANG GT Árgerð 2005, ekinn 91 Þ.km, 8 cyl, sjálfskiptur. Einn fallegasti sportbíll landsins, valinn fallegasti Mustanginn! Verð 3.790.000 kr. Raðnr. 257409 á BILO.is

Höfðahöllin
Funahöfða 1, 110 Rvk.
Sími: 567 4840
www.bilo.is

Bílar til sölu

DÍSEL OG 4X4
Ford Ranger díesel 2005 double cab með húsi,ekinn 294þ.5 gíra.góð dekk, smurbók,góður vinnuþjarkur sem á nóg eftir.Verð 690þ.uppl. 820-5181

Hópferðabílar

RÚTUR TIL SÖLU
Ýmsar stærðir og gerðir. Verð frá 990.000 kr. Nánari uppl. veitir Óskar í síma: 699-3219

Hjólhýsi

HOBBY HJÓLHÝSI 2018 STÓRSPARNAÐUR!
Kauptu beint frá Þýskalandi. Við aðstoðum þig. Allar fyrirspurnir sendist á: kriben@simnet.is s. 863 4449.Ath takmarað magn.

Viðgerðir

Almennar bílaviðgerðir. Sérgrein bremsuviðgerðir. Renni diska og skálar. Fljót og góð þjónusta. Bergfinnur ehf. 892 7852

Hjólbarðar

NÝJU SAILUN DEKKIN Á FRÁBÆRU VERÐI.
Einnig úrval notaðra dekkja. Tökum notuð uppí ný. Vaka s. 567 6700

Varahlutir



Þjónusta

Pípulagnir

PÍPULAGNIR
Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð. Uppl. í s. 699-6069

Rafvirkjun

RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

RAFLAGNIR OG DYRASÍMAKERFI S. 896 6025
Tilboð dyrasímakerfi, töfluskipti. Löggildur rafverktaki. rafneisti@simnet.is

VERSLUNARTÆKNI
www.verslun.is
Allt hjá okkur

Sýningarsalur við Dragháls

Carrier
UMHVERFISVÆNT KÆLIKERFI

Green Refrigeration System
GREEN® & COOL

CO2Y

Green & Cool er nýjung á sviði umhverfisvænna kælikerfa og notar eingöngu **íslenskan koltvísýring** sem kæliefni. - Auk þess að vera umhverfisvænt er það sjálfbært og öruggt. **Green & Cool** notar vélbúnað sem nýtir orkuna mun betur, kælar og frystar eru t.d. lokaðir með gegnsæum hurðum og lokum - því helst hitastig jafnar og heldur varan gæðum og útliti mun lengur en ella. **Green & Cool** er nú þegar komið í nokkrar matvöruverslanir á Íslandi.

Allt hjá okkur

Framúrskarandi fyrirtæki 2016
VR Fyrirmyndar fyrirtæki 2017

www.verslun.is

Draghálsi 4 - 110 Reykajvík
Sími: 535 1300
Fax: 5351305 - verslun@verslun.is

Hreingerningar

Hreingerningaþjónusta Þvegillinn 5 44 44 46

Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

VY-ÞRIF EHF.

Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Húsaviðhald

HÚSAVIÐGERÐIR

Trésmíði • múrverk • málun, blikk • háþrýstiþvottur, og þakklæðningar.

ÖRUGG OG FAGLEG ÞJÓNUSTA.

UPPL. Í SÍMA 858 3300

ALHLIÐA FASTEIGNAVIÐHALD

- MÚRVINNA
- FLÍSALAGNIR
- SMÍÐAVINNA
- MÁLNINGARVINNA

TILBOÐ ÞÉR AÐ KOSTNAÐARLAUSU !

Uppl. í s: 788 8870 eða verk@murumogsmidum.is

Múrum og smíðum ehf

FLÍSALAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK

Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994

Spádómar

ÞÓRA FRÁ BREKKUKOTI SPÁMIÐILL

-SPÁI Í SPIL
-OG KRISTALSKÚLU
-HEILUNAR TÍMAR
-FYRIRBÆNIR
-ALGJÖR TRÚNAÐUR

Sími 618 3525
www.engill.is

Nympha-dora
Tarot-lestur og Kristalkúla með leiðsögn að handan
VISA 562 8211 EURO

SPÁSÍMINN 908 5666

Stjörnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

Önnur þjónusta

Borgarafl ehf - Kranaleiga
Gott verð
Sími 660 1701 eða 660 1704

Keypt & Selt

Til sölu

HUMARSALAN

Hágæða Hornafjarðarhumar og sjávarfang. SÉRFRÆÐINGAR Í SJÁVARFANGI Heimsending. www.humarsalan.is Pöntunarsími: 867 6677

Óskast keypt

KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR

Alla virka daga í verslun okkar Laugavegi 61 Jón & Óskar

jonogoskar.is s.552-4910

Til bygginga



HARÐVIÐUR TIL HÚSABYGGINGA. SJÁ NÁNAR Á: VIDUR.IS

Vatnsklæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolía. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í símum 660 0230 og 561 1122.

Skólar & Námskeið

Námskeið

ICELANDIC, ENGLISH & NORWEGIAN F. FOREIGNERS - ENSKA - NORSKA

Levels/Stig: I, II, III, IV, V: ÍSLENSKA f. útlendinga, NORSKA, ENSKA f. Fullorðna: Start/Byrja: 5/2, 5/3, 2/4, 30/4. 28/5, 25/6: 4 weeks/vikur x 5 days/daga. 2-6 students/nem. Morn/Aftern/Evening. Morgna/Síðd/Kvölds. Aukatímar: STÆ/EÐL: www.iceschool.is - ff@icetrans.is - Fullorðinsfræðslan-IceSchool, Ármúli 5. 108 s. 5571155 / 8981175.

Húsnæði

Húsnæði í boði

ÍBÚÐ TIL LEIGU. LAUS STRAX.

Til leigu er glæsileg 4 herb íbúð í Sjálandshverfi í Garðabæ. Íbúðin er 148 m2 á 3 hæð (Penthouse) með stæði í bílakjallara.

Uppl. veitir Jón Þór gsm 893-1116.

TIL LEIGU NÝLEGT 133 - 1.000 FM ATVINNUHÚSNÆÐI Í REYKJAVÍK

133 fm bil með allt að 9 m lofthæð, stórar innkeyrsludyr, góð malbikuð lóð, og greið aðkoma.

Nánari upplýsingar veitir Sverrir í s. 661 7000

ÍBÚÐ TIL LEIGU

Glæsileg 4ra herb. íbúð til leigu á Seltjarnarnesi, frábært útsýni laus 1. febrúar. Uppl. í s. 775 1400

Geymsluhúsnæði

GEYMSLUR.IS
SÍMI 555-3464

Geymslur af öllum stærðum. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

WWW.GEYMSLAEITT.IS
FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR

á minna en 7 m2. Ódýrt eftir það. S: 564-6500

Hönnun

HÖNNUN

VERKFRÆÐITEIKNINGAR

Tek að mér að gera verkfræðiteikningar af íbúðarhúsum og sumarhúsum. Fast verð. Upplýsingar í síma 783 4180 eða kjartangardars@gmail.com

Atvinna

Atvinna óskast

VANTAR ÞIG SMIÐI, MÚRARA, MÁLARA EÐA AÐRA STARFSMENN?

Höfum á skrá menn sem geta hafið störf með skömmum fyrirvara.

Proventus starfsmannaþjónusta - proventus.is

Sími 551-5000

Netfang proventus@proventus.is

Verkleigan vinna@verkleigan.is S: 780-1000

VANTAR ÞIG STARFSMENN?

Erum með smiði, aðstoðarmenn við smiði, verkamenn, flísara, múrara og aðra iðnaðarmenn sem geta byrjað strax. Við finnum réttu mennina fyrir þig. Verkleigan sími: 780-1000 vinna@verkleigan.is

Ábyrg og áreiðanleg kona í leit af vinnu. Ég get þrifið heimilið sem og vinnustaðinn á góðu verði. Hafið samb. í 7842200 eða kristinakaraliute@gmail.com

GEFÐU HÆNU
gjofsemgefur.is
907 2003
Hjálparstarf kirkjunnar

ONRS-2018-01 / 29.01.2018

Útboð

Orka náttúrunnar ohf. óskar eftir tilboðum í:

Sandblástur

Sandblásturinn felur í sér að að fjarlægja harðar kísilúrfellingar af á rótorum, leiðiskóflum, ásþéttihúsum og öðrum búnaði.

Útboðið er auglýst á Evrópska efnahagssvæðinu.

Nánar lýst í útboðsgögnum „ONRS-2018-01 Sandblástur"

Útboðsgögn er hægt að sækja án greiðslu á vefsíðu OR https://www.or.is/utbod

Tilboð verða opnuð hjá Orku náttúrunnar ohf. Bæjarhálsi 1, 110 Reykjavík, þriðjudaginn 06.03.2018 kl. 11:00.

ORKA NÁTTÚRUNNAR
Bæjarhálsi 1, 110 Reykjavík · Sími 591 2700 · www.on.is
Allar fyrirspurnir vegna útboðs skal senda á utbod@on.is

Ef þú ert með rétta starfið — erum við með réttu manneskjuna

Ráðgjafar okkar búa yfir víðtækri þekkingu á atvinnulífinu og veita trausta og persónulega ráðgjöf.

capacent

www.capacent.is

eik á Englandi styðst sjálfur við myndbandsupptöku. NORDICPHOTOS/GETTY

anum?

með myndbandsdómgæsluna var mismikil.

West Brom er fyrsta gestaliðið sem skorar þrjú mörk í fyrri hálfleik á Anfield síðan Real Madrid gerði það í leik í Meistaradeild Evrópu í október 2014.

Við vissum ekki hvað var verið að skoða og af hverju leikurinn var stöðvaður.

Alan Pardew

á Manchester City fyrir tveimur vikum. Báðir tapleikirnir komu gegn tveimur neðstu liðum ensku úrvalsdeildarinnar, West Brom og Swansea City.

Aðalumræðuefnið eftir leik var samt myndbandsdómgæslan og þau áhrif sem hún hafði á leikinn. Alan Pardew, knattspyrnustjóri West Brom, gaf myndbandsdómgæslunni ekki háa einkunn eftir leikinn.

„Dómarinn talaði ekkert við okkur eins og í NFL þar sem er alveg skýrt hvenær myndbandsdómgæslunni er beitt. Við vissum ekki hvað var verið að skoða og af hverju leikurinn var stöðvaður," sagði Pardew sem þurfti að gera tvær breytingar á liði sínu í fyrri hálfleik. Hann rekur meiðslin sem viðkomandi leikmenn urðu fyrir til tafanna sem urðu á leiknum.

„Það tók 4-5 mínútur að fá niðurstöðu í vítaspyrnumálið. Svo leikmenn fóru úr því að vera á fullu í kyrrstöðu. Eftir það meiddist leikmaður hjá mér aftan í læri."

Jürgen Klopp, stjóri Liverpool, var jákvæðari í garð myndbandsdómgæslunnar og sagði að það væri eðlilegt ýmsir vankantar væru á framkvæmd hennar í byrjun.

„Þetta mun breyta hlutunum. Er það skemmtilegt að West Brom fagni marki og einhver segi þeim svo að það standi ekki? En ég held að þetta sé það sem við viljum. Ef mark á að vera dæmt af á að dæma það af. Það er eðlilegt að þetta taki lengri tíma í upphafi," sagði Klopp.

Þessi fyrstu kynni Englendinga af myndbandsdómgæslunni voru ekki góð. Eins og áður sagði fékkst rétt niðurstaða en tafirnar á leiknum urðu alltof miklar og allt flæði datt úr leiknum. Myndbandsdómgæslan er góðra gjalda verð en framkvæmdin á henni verður að vera miklu betri en á Anfield á laugardagskvöldið. **ingvithor@frettabladid.is**

ANNAÐ SILFUR Í SAFNIÐ

HANDBOLTI Lærisveinar Guðmundar Guðmundssonar í landsliði Barein enduðu í 2. sæti á Asíuleikunum í handbolta sem lauk í gær.

Barein mætti fjölþjóðaliði Katar í úrslitaleiknum í Suwon í Suður-Kóreu. Strákarnir hans Guðmundar voru yfir í hálfleik, 16-17, en urðu á endanum að sætta sig við tveggja marka tap, 33-31. Bareinar hafa lent í 2. sæti á síðustu þrennum Asíuleikum.

Guðmundur tók við þjálfun bareinska landsliðsins á síðasta ári og gerði samning fram yfir Asíuleikana. Óvíst er hvert framhaldið hjá Guðmundi verður en hann hefur m.a. verið orðaður við íslenska landsliðið sem hann stýrði á árunum 2001-04 og 2008-12.

Undir stjórn Guðmundar unnu Íslendingar til tveggja verðlauna

Guðmundur Guðmundsson

á stórmótum; silfurs á Ólympíuleikunum í Peking 2008 og brons á Evrópumótinu í Austurríki tveimur árum síðar. Guðmundur tók við danska landsliðinu 2014 og gerði það að Ólympíumeisturum í Ríó 2016. Þessi þrautreyndi þjálfari hefur því unnið til fernra verðlauna á stórmóti; einna gullverðlauna, tvennra silfurverðlauna og einna bronsverðlauna.

Lærisveinar Dags Sigurðssonar í japanska landsliðinu enduðu í 6. sæti á Asíuleikunum. **– iþs**

Caroline Wozniacki smellir kossi á bikarinn góða. NORDICPHOTOS/GETTY

FYRSTI SIGUR WOZNIACKI

TENNIS Eftir langa bið hrósaði danska tenniskonan Caroline Wozniacki loks sigri á stórmóti um helgina. Hún vann þá sigur á Opna ástralska meistaramótinu eftir að hafa lagt Simonu Halep að velli í úrslitaleiknum; 7-6 (7-2) 3-6 6-4.

Wozniacki var að vonum ánægð með að hafa loksins brotið ísinn og unnið sitt fyrsta risamót, í 43. tilraun.

„Nú fæ ég þessa spurningu aldrei aftur," sagði sú danska. „Ég bíð bara eftir spurningunni hvenær ég ætli að vinna annan titilinn minn. Ég er mjög ánægð og ætla að njóta augnabliksins."

Wozniacki er fyrsti Daninn sem vinnur risamót í einliðaleik.

Í karlaflokki hrósaði Roger Federer sigri eftir að hafa unnið Marin Cilic í úrslitaleiknum; 6-2 6-7 (5-7) 6-3 3-6 6-1.

Þetta var sjötti sigur Federers á Opna ástralska og 20. sigur hans á risamóti á ferlinum. Þrátt fyrir að vera orðinn 36 ára gefur Svisslendingurinn ekkert eftir.

„Ég hef unnið þrjá risatitla á síðustu 12 mánuðum. Ég trúi þessu ekki sjálfur," sagði Federer. Næstum fimm ár liðu á milli risatitils númer 17 og 18 hjá honum en Federer hefur unnið þrjú af síðustu fimm risamótum sem hann hefur keppt á.

„Ég þarf að viðhalda hungrinu og þá geta góðir hlutir gerst. Aldur er bara tala." **– iþs**

NÁÐI LÁGMARKI FYRIR EM

SUND Eygló Ósk Gústafsdóttir, íþróttamaður ársins 2015, gerði góða hluti í lauginni á Reykjavíkurleikunum um helgina. Hún vann til þrennra gullverðlauna og náði lágmarki í 100 metra baksundi fyrir EM í 50 metra laug sem fer fram í Glasgow í Skotlandi í ágúst.

Eygló, sem keppir nú fyrir Neptune frá Svíþjóð, synti á 1:02,22 mínútu í úrslitum í 100 metra baksundi. Lágmarkið fyrir EM er 1:02,73. Signhild Joensen frá Færeyjum endaði í 2. sæti á 1:03,22.

Eygló hafði einnig betur gegn Joensen í úrslitum í 50 metra baksundi. Hún kom í bakkann á 29,67 sekúndum en Joensen synti á 30,33.

Eygló hrósaði sömuleiðis sigri í 50 metra skriðsundi á tímanum 27,00 sekúndum. Renate Knutsen frá Noregi varð önnur á 27,20.

Þá náði Kristín Helga Hákonardóttir úr Breiðabliki lágmarki í 50 metra skriðsundi fyrir Norðurlandameistaramót æskunnar í sumar. **– iþs**

Nýjast

Olís-deild kvenna

Fram - Stjarnan 37-25

Fram: Ragnheiður Júlíusdóttir 7, Elísabet Gunnarsdóttir 6, Þórey Rósa Stefánsdóttir 6, Marthe Sördal 4, Lena Margrét Valdimarsdóttir 4, Steinunn Björnsdóttir 4, Sigurbjörg Jóhannsdóttir 3, Hildur Þorgeirsdóttir 3.
Stjarnan: Ramune Pekarskyte 9, Hanna G. Stefánsdóttir 7, Þorgerður Anna Atladóttir 4, Stefanía Theodórsdóttir 2, Þórey Anna Ásgeirsdóttir 2, Elena Birgisdóttir 1.

Efri		Neðri	
Valur	24	Stjarnan	13
Haukar	22	Selfoss	7
Fram	20	Grótta	4
ÍBV	18	Fjölnir	4

JÚLÍAN SETTI EVRÓPUMET



Júlían J. K. Jóhannsson setti Evrópumet í +120 kg flokki í réttstöðulyftu á Reykjavíkurleikunum í gær. Júlían lyfti 372,5 kg í réttstöðulyftunni. Hann hrósaði sigri í karlaflokki en hann fékk 496,58 Wilks-stig í stigakeppninni. Bretinn Jordan McLaughlin varð annar með 493,48 stig og samlandi hans, Michael Pennington, þriðji með 484,8 stig. Carola Garra frá Ítalíu vann í kvennaflokki með 504,5 stig. Hún er í -63 kg flokki og lyfti samanlagt 467,5 kg. Ellen Ýr Jónsdóttir varð í 2. sæti með 373,7 stig. Í 3. sæti varð Arna Ösp Gunnarsdóttir með 359,6 stig. Hún er nýbyrjuð að keppa í kraftlyftingum og bætti sinn persónulega árangur verulega um helgina.

FRÁBÆR LOKAHRINGUR

Ólafía Þórunn Kristinsdóttir lék frábærlega á lokadegi Pure Silk-Bahamas mótsins í gær. Þetta var fyrsta mót keppnistímabilsins á LPGA-mótaröðinni, þeirri sterkustu í heimi. Mótshald um helgina fór úr skorðum vegna óveðurs á Paradísareyju. Ólafía hóf gærdaginn á að spila síðustu sex holurnar á öðrum hring. Hún lék þær á fjórum höggum undir pari og komst í gegnum niðurskurðinn. Ólafía gaf hvergi eftir á þriðja og síðasta hringnum, lék hann á fimm höggum undir pari og tapaði ekki höggi. Glæsileg spilamennska. Hún lék hringina þrjá á mótinu á samtals einu höggi undir pari. Þegar Fréttablaðið fór í prentun var Ólafía í 24.-30. sæti en nokkrir kylfingar áttu enn eftir að ljúka leik.

SANDRA LIND BIKARMEISTARI

Sandra Lind Þrastardóttir og stöllur hennar í Hørsholm 79ers urðu danskir bikarmeistarar í körfubolta á laugardaginn. Hørsholm vann þá sjö stiga sigur á SISU, 71-64, í úrslitaleik. Þetta er í fimmta sinn sem Hørsholm verður bikarmeistari. Sandra Lind lék í tæpar 11 mínútur í úrslitaleiknum, skoraði tvö stig og tók fimm fráköst. Landsliðskonan frá Keflavík er á sínu öðru tímabili hjá Hørsholm. Í fyrra komst liðið í úrslit um danska meistaratitilinn en tapaði fyrir Virum GO Dream. Hørsholm situr í efsta sæti dönsku úrvalsdeildarinnar með 26 stig, átta stigum meira en Stevnsgade Basketball sem er í 2. sæti.

FRÉTTABLAÐIÐ

TÍMAMÓT

29. JANÚAR 2018 MÁNUDAGUR

Merkisatburðir

1845 Hrafninn eftir Edgar Allan Poe kemur fyrst út á prenti í dagblaðinu New York Evening Mirror.

1905 Jarðskjálfti verður á Suðvesturlandi með upptök við Kleifarvatn, 5,5 á Richter.

1928 Slysavarnafélag Íslands er stofnað.

1936 Hafnaboltahetjan Babe Ruth er vígður inn í frægðarhöll hafnaboltans.

1959 Eurovision-undankeppnin Melodi-festivalen er haldin í fyrsta sinn í höfuðborg Svíþjóðar, Stokkhólmi.

1961 Körfuknattleikssamband Íslands er stofnað.

2000 Vísindavefurinn er opnaður af forseta Íslands, Ólafi Ragnari Grímssyni.

2009 Framsóknarflokkurinn gefur það út að hann styðji minnihlutastjórn Samfylkingar og Vinstri grænna gegn því að þeir samþykki að boða til stjórnlagaþings.

†

Hjörtína Dóra Vagnsdóttir

Laugatúni 26,
Sauðárkróki,

lést 23. janúar sl. Útförin fer fram frá Sauðárkrókskirkju föstudaginn 1. febrúar kl. 14.00.

Blóm og kransar afþakkaðir, þeim sem vilja minnast hennar er bent á Landsbjörg.

Ólafur S. Pálsson
Páll Arnar Ólafsson — **Linda Hlín Sigbjörnsdóttir**
Eva Hjörtína Ólafsdóttir — **Hjörtur Skúlason**
barnabörn og barnabarnabörn.

†

Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Ármann Óskarsson

flugvirki,
Espilundi 9, Garðabæ,

lést föstudaginn 19. janúar síðastliðinn. Útförin fer fram frá Vídalínskirkju föstudaginn 2. febrúar kl. 13.

Guðlaug Gunnarsdóttir
Jón Agnar Ármannsson
Gunnar Skúli Ármannsson — **Helga Þórðardóttir**
Óskar Ármannsson — **Bára Elíasdóttir**
barnabörn og barnabarnabörn.

†

Þökkum innilega auðsýndan hlýhug og vináttu við andlát og útför ástkærrar systur okkar,

Höllu Jónsdóttur

tanntæknis,
Garðabraut 10, Akranesi.

F.h. aðstandenda,

Kristrún Jónsdóttir
Ingibjörg Jóna Jónsdóttir

†

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir og amma,

Guðbjörg Jónína Steinsdóttir

Álftamýri 45,

lést á Hjúkrunarheimilinu Eir föstudaginn 19. janúar 2018. Útför hennar fer fram frá Háteigskirkju föstudaginn 2. febrúar kl. 13.00.

Kærar þakkir eru færðar starfsfólki Hjúkrunarheimilisins Eir fyrir góða umönnun og velvild.

Gunnsteinn Olgeirsson
Guðný Arndís Olgeirsdóttir
Óskar Rúnar Olgeirsson — **Jónína Ómarsdóttir**
Guðbjörg Olga Kristbjörnsdóttir
Ómar Þór Óskarsson
Auður Óskarsdóttir — **Jón Sighvatsson**
Olgeir Óskarsson — **Ylfa Rakel Ólafsdóttir**
Stella Björg Óskarsdóttir

„Ég held ég sé alltaf í draumastarfinu hverju sinni og finnst eiginlega mjög fátt leiðinlegt," segir Rikka afmælisbarn. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Fertug fagnar á toppnum

Fjölmiðlakonan geðþekka Friðrika Hjördís Geirsdóttir heldur upp á fertugsafmæli í dag með sínum nánustu. Lítur björtum augum fram á veginn enda margt á döfinni. Til að mynda fjallganga á hæsta fjall Afríku, vinnuferð til Alicante og nýtt verkefni í fjölmiðlum.

Ég komst fyrir slysni að því að það væri verið að skipuleggja eitthvað fyrir mig, svo ég ætla bara að leyfa því að gerast," segir fjölmiðlakonan Friðrika Hjördís Geirsdóttir, en hún fagnar í dag fertugsafmæli sínu. Það sé í raun ágætt að losna undan því oki að fagna afmælinu sem einhverri „sjálfshátíð" – mikilvægast sé að umkringja sig nánum vinum af tilefninu.

Friðrika, eða Rikka eins og hún er yfirleitt kölluð, segist ætla að fagna stórafmælinu með pompi og prakt út árið, sem verður svo sannarlega viðburðaríkt.

Fram undan er ferðalag til Afríku í haust. Þar mun hún ásamt manni sínum Haraldi Erni Ólafssyni klífa Kilimanjaro sem er hæsta fjall álfunnar. Þau eru bæði þaulreyndir fjallgöngugarpar og fóru til að mynda í grunnbúðir Everestfjalls árið 2016. Hún segir fjallgöngur hafa verið áhugamál hjá sér til lengri tíma. „Já, ég var meira að segja að rifja það upp um daginn að fyrstu launin sem ég fékk útborguð fóru í gönguskó. Fjallgöngur hafa því alltaf fylgt mér að vissu leyti."

Rikka nýtur sín einnig á gönguskíðum og segir félagsskapinn skipta öllu máli.

„Það safnast alltaf saman svo jákvæður og skemmtilegur hópur sem nærandi er að vera í kringum," segir hún en bætir við að í henni blundi keppnismanneskja. Hún hafi einmitt brotist fram þegar hún og Haraldur voru nýbúin að kynnast og fóru á gönguskíðanámskeið.

„Þar braust keppnismanneskjan fram. Það átti náttúrlega engan rétt á sér þar sem hann hefur klárað afrek á gönguskíðum sem fæstir gera," segirRikka á léttum nótum.

Þá mun Rikka í apríl halda Dale Carnegie námskeið fyrir hóp Íslendinga í Alicante á Spáni.

„Það verða sem sagt námskeið fyrir hádegi en frjáls tími eftir hádegi. Það er því tilvalið að slá tvær flugur í einu höggi og næra bæði líkama og sál." Leyndardómsfull tilkynnir hún blaðamanni að á döfinni sé einnig nýtt verkefni sem lítið megi gefa upp um. Það tengist þó fjölmiðlum og mun líta dagsins ljós á næstunni.

Annars segist Rikka njóta lífsins og líða vel í eigin skinni. „Ég hef verið ótrúlega heppin hingað til að fá að vinna með dásamlegu fólki og fengið að læra svo margt. Ég held ég sé alltaf í draumastarfinu hverju sinni og finnst eiginlega mjög fátt leiðinlegt. Ég man til dæmis aldrei eftir því að hafa sagt að mér leiðist." **danielfreyr@frettabladid.is**

ÞETTA GERÐIST: 29. JANÚAR 1990

Réttarhöld hefjast yfir skipstjóra Exxon Valdez

Þó svo að Joseph Hazelwood, skipstjóri olíuskipsins Exxon Valdez, hafi ekki verið undir stýri þegar skipið strandaði á rifi við Alaska voru engu að síður haldin réttarhöld yfir honum. Talið var að Hazelwood hefði verið undir áhrifum áfengis á sama tíma og 40 til 140 milljón lítrar af hráolíu láku í hafið. Olíulekinn átti sér stað 24. mars árið 1989 en hann er eitt mesta umhverfisslys sögunnar af manna völdum og hafði töluverð áhrif á vistkerfi svæðisins.

Grunur lék á því að Hazelwood hefði legið áfengisdauður í koju sinni þegar skipið strandaði. Fyrir réttarhöldin komu fjölmörg vitni sem staðfestu að sögusagnirnar um skipstjórann væru uppspuni. Hazelwood hefði í raun verið allsgáður. Var hann þó dæmdur til samfélagsþjónustu og að greiða 50.000 dali vegna gáleysis og stöðu sinnar á skipinu.

Árið 2009, 20 árum eftir lekann, sendi hann íbúum Alaska hjartnæma afsökunarbeiðni en benti einnig á að hann hefði verið einn gerður að blóraböggli og það þætti honum leitt.

„Sannleikurinn er til staðar og það getur hver sem er kynnt sér. Ég veit að sagan um mig er meira spennandi en hún er ekki sönn," sagði Hazelwood. **– dfb**

Olíulekinn úr Exxon Valdes olli gríðarlegru umhverfisslysi.

FRÉTTABLAÐIÐ

Fréttablaðið eykur þjónustu sína.

Þú getur nálgast frítt eintak af Fréttablaðinu á
eftirfarandi stöðum víðsvegar um landið:

N1 · olís · Samkaup · BÓNUS · nettó · FJÖRÐUR

FRÉTTABLAÐIÐ
mest lesna dagblað landsins.

VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

Mánudagur

Suðvestan og vestan 3-10 og él á vestanverðu landinu en víða léttskýjað austan til. Snýst í suðaustan 5-10 í kvöld. Frostlaust með suður- og vesturströndinni, en frost annars 1 til 10 stig, kaldast norðaustan til.



Þriðjudagur

Reykjavík	Ísafjörður	Akureyri
1° 6	-3° 8	-6° 2
Egilsstaðir	**Kirkjubæjarkl.**	**Hveravellir**
-5° 4	-1° 5	-4° 5

Miðvikudagur

Reykjavík	Ísafjörður	Akureyri
1° 6	-2° 12	-3° 4
Egilsstaðir	**Kirkjubæjarkl.**	**Hveravellir**
-1° 11	-2° 9	-6° 6

LÉTT

6		8	5				4	1
3							7	
	4	5	3	6			9	
8	6		1	9		5		
	5	2						4
1								
2	8				3			9
		6	7		5	2		8
	3	7		8	2			

MIÐLUNGS

		1		5		4		9
2				4	6			
9			7	8				
	6		2	9		5		
3	8		4				6	2
		7		3	8			
		3					7	1
		2	1					
				2		3		

ÞUNG

7			8				1	6
		6			7			9
				4			8	
1				3				
	8	4	2	1				7
				5	3	2		
	1		7	8			6	5
	2	3						

Krossgáta

LÁRÉTT
1. vís
5. svelgur
6. möndull
8. slaga
10. skóli
11. að
12. tegund
13. tónlist
15. lykkja
17. upphefð

LÓÐRÉTT
1. skekkjumörk
2. sjá eftir
3. vefnaðarvara
4. farvegir
7. sálmabók
9. rugla
12. fótabúnaður
14. amboð
16. umhverfis.



LÁRÉTT: 1. vítur, 5. iða, 6. ás, 8. krussa, 10. ma, 11. til, 12. sort, 13. rokk, 15. krókur, 17. fræmi.
LÓÐRÉTT: 1. vikmörk, 2. iðra, 3. tau, 4. ræsir, 7. saltari, 9. stokka, 12. skór, 14. orf, 16. um.

Skák Gunnar Björnsson

Salwe átti leik gegn Marco í Ostende árið 1907.
Hvítur á leik
1. Rf6+ gxf6 2. Be6+ 1-0.
Magnus Carlsen sigraði á Tata Steel-mótinu sem lauk í Sjávarvík í gær. Hann og Giri komu jafnir í mark en heimsmeistarinn vann úrslitaeinvígi.
www.skak.is: Friðriksmót hjá Vin og í KR.

7	6	2	8	9	5	4	1	3
4	8	3	7	1	6	2	5	9
5	1	9	2	3	4	6	7	8
9	2	8	5	4	3	1	6	7
6	4	1	9	7	8	5	3	2
3	5	7	6	2	1	8	9	4
8	9	4	1	6	7	3	2	5
1	7	5	3	8	2	9	4	6
2	3	6	4	5	9	7	8	1

7	5	9	4	6	1	2	8	3
8	4	2	9	7	3	1	5	6
1	6	3	5	2	8	7	9	4
9	7	4	1	3	5	6	2	8
2	8	1	6	9	4	5	3	7
5	3	6	7	8	2	9	4	1
6	2	7	3	4	9	8	1	5
3	9	5	8	1	7	4	6	2
4	1	8	2	5	6	3	7	9

8	2	9	3	5	6	4	1	7
3	1	6	7	8	4	2	5	9
7	4	5	9	1	2	3	6	8
5	7	1	8	2	9	6	3	4
2	9	4	1	6	3	7	8	5
6	8	3	5	4	7	9	2	1
9	3	8	2	7	5	1	4	6
1	6	2	4	9	8	5	7	3
4	5	7	6	3	1	8	9	2

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

Pondus

Eftir Frode Øverli



Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman





Hvað? Hvenær? Hvar? Mánudagur

hvar@frettabladid.is

29. JANÚAR 2018

Viðburðir

Hvað? Þjóðsögur og þorrinn – lestur og leikur
Hvenær? 10.00
Hvar? Bókasafni Seltjarnarness
Þegar þorrinn er genginn í garð eru þjóðsögurnar dregnar fram fyrir börnin og verkefni sem tengist okkar íslensku sögum og hefðum á þessum árstíma.

Hvað? Opin tónskáldakynning
Hvenær? 17.00
Hvar? Söngskólinn í Reykjavík
Bjarki Sveinbjörnsson tónlistarfræðingur kynnir tónskáldið Sveinbjörn Sveinbjörnsson. Frítt inn og allir velkomnir.

Hvað? Afmælispartý - Bjór á 50 kr.
Hvenær? 11.00
Hvar? Stúdentakjallaranum
Félagsstofnun stúdenta sem rekur Stúdentakjallarann á 50 ára afmæli í ár og það verður sko að halda upp á það við hvert einasta tækifæri. Síðasta mánudaginn í hverjum mánuði 2018 verður bjór á 50 krónur allan daginn.

Sýning Kristínar Dóru er opin á opnunartíma Hins hússins til 9. febrúar.

Hvað? Geðheilbrigðisvika HR – Mót hækkandi sól
Hvenær? 12.00
Hvar? Háskólanum í Reykjavík
Andri Hauksteinn Oddsson og Halldóra Björg Rafnsdóttir sálfræðingar kynna niðurstöður rannsóknar á geðheilsu háskólanema á Íslandi. Kynning á sálfræðiþjónustu HR.

Sýningar

Hvað? Kann frekar vel við þig en samt ekki – Kristín Dóra
Hvenær? 09.00
Hvar? Hinu húsinu
Áhrif popptónlistar á mannshugann eru eins og áhrif hita á eitt stakt poppkorn, það stækkar, fær nýjan tilgang og verður aldrei eins. Á sýningunni skoðar Kristín Dóra sannleikann og hreinskilnina í poppinu. Lagið Hlið við hlið með Friðriki Dór var Kristínu mikill innblástur og er titill sýningarinnar fenginn úr því.

Hvað? Fagra veröld
Hvenær? 09.00
Hvar? Mokka-Kaffi, Skólavörðustíg
Á sýningunni Fagra veröld er viðfangsefni Kristjáns Jóns íslenska náttúran. Þetta eru léttar vatnslitamyndir af því sama sem Jónas orti um í hulduljóðum sínum, blómum og gróðri.

Hvað? Myrkraverk
Hvenær? 10.00
Hvar? Kjarvalsstöðum
Á sýningunni eru verk listamanna sem hafa fengið innblástur úr þjóðsögum og ævintýrum eða skapað sinn eigin huliðsheim. Hvort tveggja endurspeglar mannlega tilvist, samskipti, tilfinningar og hugarástand. Sýningin er uppfull af dularfullum og spennandi verkum sem kveikja á ímyndunaraflinu einmitt á myrkasta tíma ársins.

Hvað? Kjarval: Líðandin – La durée
Hvenær? 10.00
Hvar? Kjarvalsstöðum
Á sýningunni eru mörg sjaldséð verk, einkum frá fyrri hluta starfsævi Jóhannesar Sveinssonar Kjarval (1885-1972).

Hvað? Í hlutarins eðli – skissa að íslenskri samtímalistasögu [1.0]
Hvenær? 10.00
Hvar? Hafnarhúsinu
Efnisheimurinn er viðfangsefni nokkurra valinna verka úr safneign Listasafns Reykjavíkur. Náttúrufyrirbæri, manngerðir hlutir og ýmiss konar efni liggja til grundvallar með tilliti til eiginleika, eðlis, merkingar og gildis. Sýningin er hluti nokkurs konar skissuvinnu Listasafns Reykjavíkur að íslenskri samtímalistasögu. Hugmyndin er að safnið haldi áfram að velja verk úr safneigninni og setja í samhengi tilrauna til að skrifa listasöguna jafnóðum.

Sýningin Í hlutarins eðli – skissa að íslenskri samtímasögu stendur yfir í Hafnarhúsinu.

Hvað? Undir – Steingrímur Gauti Ingólfsson
Hvenær? 12.00
Hvar? Bókasafni Mosfellsbæjar
Fyrsta sýning nýs árs í Listasal Mosfellsbæjar er Undir, einkasýning Steingríms Gauta Ingólfssonar. Steingrímur Gauti er fæddur árið 1986 og hefur verið virkur í sýningarhaldi síðan hann útskrifaðist úr Listaháskólanum árið 2015. Í Listasalnum eru sýnd ný verk, en Steingrímur Gauti gerir aðallega tilraunakennd abstraktmálverk.

ENDURNÝJUN OG VIÐHALD
Löggiltur rafverktaki
Sími:
696 5600
rafsol@rafsol.is
RAFSÓL
Síðumúla 34 • 108 Reykjavík
Sími 696 5600 • rafsol@rafsol.is

TUDOR RAFGEYMAR
Alltaf öruggt start fyrir kuldann í vetur.

TUDOR High Tech rafgeymar.
Í allar gerðir faratækja.
Endurhlaðast allt að 50% hraðar (Carbon boost).
Nýjar blýgrindur (3DX) = Lengri ending.
Alveg lokaðir og viðhaldsfríir.
Mikið kaldræsiþol, örugg ræsing í miklum kulda.
Góðir fyrir bíla með miklum aukarafbúnaði.
Mikið úrval - Traust og fagleg þjónusta alla leið.
SKORRI
SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM
TUDOR TUDOR
Bíldshöfða 12 • 110 RVK • 577 1515 • www.skorri.is

BÍÓ PARADÍS
HAPPY HOUR Á BARNUM 17-19
Óþekkti hermaðurinn 17:30, 20:00
Three Billboards Outside Ebbing Missouri 17:30
On Body and Soul 17:30
Call Me By Your Name 20:00, 22:30
Gotowi Na Wszystko Ekstreminator ENG SUB 20:00
Svanurinn ENG SUB 22:30
I, Tonya 22:30

DAGSKRÁ

Mánudagur

THE PATH
KL. 20:40

Glæný sería um Eddie Lane sem gekk í sértrúarsöfnuð og sogaðist inn í heim trúar og öfga. Hann er nú milli steins og sleggju þegar kemur að söfnuðinum því hann hefur kynnst spillingunni sem honum fylgir.

Magnað
Mánudagskvöld
Fáðu þér áskrift á **365.is**

GRAND DESIGNS
KL. 19:50

Smekklegir og töff þættir þar sem fylgst er með skemmtilegum endurbótum á heimilum fólks sem þorir.

THE BRAVE
KL. 21:40

Spennuþættir frá framleiðendum Homeland um einvalalið hermanna í bandaríska hernum, sem berjast fyrir málstað réttlætisins við erfiðar aðstæður á sumum hættulegustu stöðum heims.



S.W.A.T.
KL. 22:20

Það er ekki einfalt að halda uppi lögum og reglu á strætum Los Angeles borgar og það þekkir liðsforinginn Daniel Harrelson sem er í sérsveit lögreglunnar.

YOU´RE THE WORST
KL. 23:05

Þegar þau hittast virðast þau hafa hitt sálufélaga sinn en tíminn leiðir það í ljós hvort samband þeirra gengur upp. Stórskemmtilegir gamanþættir.

NOBODY WALKS
KL. 22:00

Fjölskylda í bænum Silver Lake býður ungri listakonu inn á heimili sitt og þá breytist bragurinn á heimilinu til muna.

AMERICAN HORROR STORY
KL. 22:00

Sögusviðið er bærinn Brookfield Heights og íbúarnir þar skiptast í tvær fylkingar eftir forseta-kosningarnar 2016.

Allt þetta og meira til
á aðeins **333 kr. á dag.**
365.is

STÖÐ 2

07.00 Simpson-fjölskyldan
07.20 Kalli kanína og félagar
07.40 The Middle
08.05 2 Broke Girls
08.30 Ellen
09.15 Bold and the Beautiful
09.35 Doctors
10.20 Masterchef USA
11.00 Friends
11.25 Kevin Can Wait
11.50 Empire
12.35 Nágrannar
13.00 American Idol
13.45 American Idol
15.20 Jamie's Sugar Rush
16.10 The Bold Type
16.55 Bold and the Beautiful
17.20 Nágrannar
17.45 Ellen
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.55 Ísland í dag
19.10 Sportpakkinn
19.20 Fréttayfirlit og veður
19.25 The Mindy Project
19.50 Grand Designs
20.40 **The Path** Þriðja syrpa þessara dramatísku þátta með Aaron Paul (Breaking Bad) í hlutverki Eddie Lane sem kynntist kenningum sértrúarsöfnuðar og sogaðist inn í heim trúar og öfga. Hann er nú milli steins og sleggju þegar kemur að söfnuðinum því hann er hlynntur félagsskapnum en á móti trúaröfgunum og spillingunni sem hann uppgötvaði að honum fylgdi.
21.35 The Brave
22.20 S.W.A.T.
23.05 You're the Worst
23.30 60 Minutes
00.15 Gone Hörkuspennandi þættir sem fjalla um Kit eða Kick Lanigan sem var eitt sinn fórnarlamb mannræningja og Frank Novak sem bjargaði henni á sínum tíma. Í dag vinna þau saman í sérstöku teymi innan bandarísku alríkislögreglunnar sem sérhæfir sig í mannránum og mannshvörfum og eru í nánu samstarfi við fyrrum fulltrúa í leyniþjónustu hersins. Saman ná þau oft einstökum árangri þar sem hvert þeirra hefur eitthvað sérstakt til málanna að leggja.
01.00 Blindspot
01.45 Knightfall
02.30 Bones
03.15 Murder In The First
03.55 The Young Pope
04.45 The Young Pope
05.40 Togetherness

STÖÐ 2 SPORT

08.55 FA Cup - Preview Show
09.25 FA Cup
11.05 FA Cup
12.45 FA Cup
14.25 FA Cup
16.05 FA Cup
17.45 FA Cup
19.25 FA Cup
21.05 Barcelona - Alavés
22.45 Spænsku mörkin
23.15 NFL Gameday
23.40 Football League Show

STÖÐ 2 SPORT 2

07.00 Pro Bowl. AFC - NFC
09.20 Köln - Augsburg
11.00 B. Munchen - Hoffenheim
12.40 Barcelona - Alavés
14.20 Valencia - Real Madrid
16.00 Domino's körfuboltakvöld
17.40 FA Cup - Preview Show
18.10 FA Cup
19.50 FA Cup
21.30 Spænsku mörkin
22.00 Football League Show
22.30 Chicago Bulls - Milwaukee Bucks

STÖÐ 3

18.00 Fresh off the Boat
18.25 Pretty Little Liars
19.10 New Girl
19.35 Modern Family
20.00 Seinfeld
20.25 Friends
20.50 Angie Tribeca
21.15 Empire
22.00 American Horror Story. Cult
22.45 iZombie
23.30 The Strain
00.40 Modern Family
01.05 Seinfeld
01.30 Friends
01.55 Tónlist

STÖÐ 2 KRAKKAR

07.00 Strumparnir
07.25 Hvellur keppnisbíll
07.37 Ævintýraferðin
07.49 Gulla og grænjaxlarnir
08.00 Stóri og litli
08.13 Víkingurinn Viggó
08.27 K3 (1 / 52)
08.38 Mæja býfluga
08.50 Tindur
09.00 Könnuðurinn Dóra
09.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar
09.47 Doddi litli og Eyrnastór
10.00 Áfram Diego, áfram!
10.24 Svampur Sveinsson
10.49 Lalli
10.55 Rasmus Klumpur og félagar
11.00 Strumparnir
11.25 Hvellur keppnisbíll
11.37 Ævintýraferðin
11.49 Gulla og grænjaxlarnir
12.00 Stóri og litli
12.13 Víkingurinn Viggó
12.27 K3 (1 / 52)
12.38 Mæja býfluga
12.50 Tindur
13.00 Könnuðurinn Dóra
13.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar
13.47 Doddi litli og Eyrnastór
14.00 Áfram Diego, áfram!
14.24 Svampur Sveinsson
14.49 Lalli
14.55 Rasmus Klumpur og félagar
15.00 Strumparnir
15.25 Hvellur keppnisbíll
15.37 Ævintýraferðin
15.49 Gulla og grænjaxlarnir
16.00 Stóri og litli
16.13 Víkingurinn Viggó
16.27 K3 (1 / 52)
16.38 Mæja býfluga
16.50 Tindur
17.00 Könnuðurinn Dóra
17.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar
17.47 Doddi litli og Eyrnastór
18.00 Áfram Diego, áfram!
18.24 Svampur Sveinsson
18.49 Lalli
18.55 Rasmus Klumpur og félagar
19.00 Kalli á þakinu

Mörgæsirnar frá Madagaskar kl. 9.24, 13.25 og 17.25

GOLFSTÖÐIN

07.00 Farmers Insurance Open
13.20 Omega Dubai Desert Classic
17.50 Pure Silk Bahamas
19.50 PGA Highlights
20.45 Farmers Insurance Open

STÖÐ 2 BÍÓ

11.30 Jem and the Holograms
13.25 Fjölskyldubíó: Beethoven annar
14.55 Eternal Sunshine of the Spotless Mind
16.40 Jem and the Holograms Frábær mynd frá 2015 sem segir frá fjórum vinkonum sem eftir risasmell einnar þeirra á You Tube er kastað inn í sviðsljós frægðar og frama þegar stærsta útgáfufyrirtæki heims, undir stjórn hinnar eitilhörðu Ericu Raymond, gerir við þær risasamning.
18.40 Fjölskyldubíó: Beethoven annar
20.10 Eternal Sunshine of the Spotless Mind
22.00 Nobody Walks
23.25 The Hangover
01.05 Concussion Dramatísk mynd frá 2016 sem byggð er á sönnum atburðum með Will Smith í aðalhlutverki. Nígeríski læknirinn og meinafræðingurinn Bennet Omalu sýndi fyrstur fram á að endurtekin höfuðhögg sem leikmenn í bandaríska fótboltanum fengu orsökuðu hrörnunarsjúkdóm sem dregið hefði marga þeirra til dauða, þvert á útgefin dánarvottorð. Með önnur hlutverk fara Alec Baldwin, Albert Brooks og David Morse.
03.05 Nobody Walks

RÚV

16.50 Silfrið
17.50 Táknmálsfréttir
18.00 KrakkaRÚV
18.01 Elías
18.12 Millý spyr
18.19 Skógargengið
18.30 Letibjörn og læmingjarnir
18.37 Alvin og íkornarnir
18.48 Gula treyjan
18.50 Krakkafréttir
19.00 Fréttir
19.25 Íþróttir
19.30 Veður
19.35 Kastljós
19.50 Menningin
20.00 Stephen Fry í Mið-Ameríku
20.55 Brúin
22.00 Tíufréttir
22.15 Veður
22.20 Janis Joplin
00.00 Heilaþvottastöðin
00.45 Kastljós
01.00 Menningin
01.10 Dagskrárlok

SJÓNVARP SÍMANS

06.00 Síminn + Spotify
08.00 King of Queens
08.25 Dr. Phil
09.05 The Tonight Show
09.45 The Late Late Show
10.25 Síminn + Spotify
13.10 Dr. Phil
13.50 Superior Donuts
14.15 Scorpion
15.00 The Great Indoors
15.20 The Fashion Hero
16.15 Everybody Loves Raymond
16.40 King of Queens
17.05 How I Met Your Mother
17.30 Dr. Phil
18.15 The Tonight Show
19.00 The Late Late Show
19.45 Playing House
20.10 Jane the Virgin
21.00 The Disappearance
21.50 Blue Bloods
22.35 Chance
23.25 The Tonight Show
00.45 CSI
01.30 Madam Secretary
02.15 The Orville
03.05 The Gifted
03.50 Ray Donovan
04.40 Síminn + Spotify

ÚTVARP

FM 88,5 XA-Radíó
FM 89,5 Retro
FM 90,1 Rás 2
FM 90,9 Gullbylgjan
FM 93,5 Rás 1
FM 95,7 FM957
FM 96,3 FM Suðurland
FM 96,7 Létt Bylgjan
FM 97,7 X-ið
FM 98,9 Bylgjan
FM 99,4 Útvarp Saga
FM 100,5 K100
FM 102,9 Lindin

LIQUI MOLY Vetrarvörur

Olíu bætiefni

Cera Tec

Cera Tec er míkró keramik smurefni sem er bætt út í smurolíur fyrir vélar, loftpressur, dælur og gírskiptingar. Hentar vel fyrir notkun í fólksbílum og vöruflutningabifreiðum (bensín og dísil).
Má blanda við allar mótorolíur sem eru á markaði.
Langtímavirkni, allt að 50.000 km.
ATH: Má ekki nota með blaut kúplingum

Vörunúmer: LM3721

Vélahreinsir

Engine Flush er bætt í olíuna fyrir olíuskipti til að hreinsa smurkerfið. Hreinsuð vél fær betri þjöppun, gildi mengunar-losunar verða lægri og hún nær aftur fullum afköstum við minni eldsneytis-notkun.

Vörunúmer: LM2427

Visco Stabil Seigjujafnari

Visco Stabil ver vélina fyrir sliti við mikið álag með því að viðhalda seigju smurolí-unnar þegar hún hitnar undan álagi. Visco Stabil seigjujafnari hentar einnig til að verja vélina fyrir sliti við kaldræsi. Hjálpar olíunni að smyrja vélina þegar á reynir við háan snúnings-hraða og álag. Hentar vel fyrir slitnar vélar. Virkar með öllum smurolíum.

Vörunúmer: LM2807

Oil Smoke Stop Reykeyðir

Reykeyðir dregur úr smuroliubrennslu vegna óþéttra stimpilhringja og ventlastýringa í bensín- og dísilvélum. Hann kemur í veg fyrir bláan reyk og olíuúða í útblæstri, svo og minnkun seigju í smurolíu. Reykeyðir eykur þjöppun, dregur úr vélarhljóði og verndar gegn óeðlilegu sliti. Lengir líftíma hvarfakúta.

Vörunúmer: LM2808

Dísil bætiefni

Dísilbætiefni fyrir einbunuvélar

Bætist við dísileldsneyti fyrir allar einbunudísilvélar með dæludrifnar innspýtingar. Hentar sérstaklega vel fyrir vélar sem teknar eru úr umferð í lengri tíma í senn og eru geymdar úti eða við erfiðar aðstæður.

Vörunúmer: LM8953

Dísil bætiefni

Super Diesel Additive

Super Dísil bætiefnið hreinsar og sundra óhreinindum, bæta bruna og ver nýjustu dísilvélarnar. Þannig fæst betri smurning fyrir dísilolíu með lágt brennisteinsinnihald og betri bruni í kaldri vél ásamt minni mengun og lykt í útblæstri.
Hentar öllum gerðum dísilvéla.

Vörunúmer: LM2814

Dísil Antigel

Dísil antigel dregur úr vexti parafínkristalla sem geta myndast í kulda og bætir rennslismörk dísilolíu í köldu veðri. Hentar fyrir allar stærðir og gerðir af díslil vélum.

Vörunúmer: LM8929

Sótagnasíuvörn

Dregur úr myndun sótagna og lengir þannig endingu sótagnasíu dísilvéla.

Með reglulegri notkun Diesel Particulate Filter Protection frá Liqui Moly helst sótagna-sía dísilvéla hreinni og komist er hjá miklum viðgerða-kostnaði og verkstæðistímum.

Vörunúmer: LM7180

Bensín bætiefni

Innspýtingarhreinsir

- Hreinsar eldsneytisleifar úr innspýtingarkerfum
- Fjarlægir kolefnisútfellingar og aðrar útfellingar á spíssum, innspýtingar-ventlum og inntaksventlum og öðrum hlutum eldsneytiskerfis
- Virkar á öll innspýtingar-kerfi
- Hentar mjög vel á bifreiðar með hvarfakúta
- Tryggir besta gang vélar og lága eldsneytisnotkun vegna nákvæmrar eldsneytis-skömmtunar og úðamyndunar
- Tryggir lágmarksmengun í útblæstri

Vörunúmer: LM1803

Bætiefni fyrir tvinnbíla

Fyrir tvinnökutæki með bensínvélum.
Setjið bætiefnið beint á tankinn.
Einn brúsi nægir fyrir 75 lítra af bensíni.

Vörunúmer: LM1001

Bensín bætiefni

Speed Tec bensín bætiefni

Speed Tec Benzin er hátækni, hrein-bruna bætiefni sem bætir hröðun og bruna á tilteknu álagssviði. Efnið er samræmanlegt við allar útfærslur bensíns og bætiefna. Speed Tec Benzin bætir hröðun ökutækis umtalsvert. Bætiefni í allar tví- og fjór-gengisvélar, sérstak-lega í vélknúnum ökutækjum, einnig mótorhjólum. Varan bætir hröðunareiginleika véla og veldur mýkri virkni.

Vörunúmer: LM3720

Ýmsar vörur

Kontakt úði

Notað til hirðu og viðhalds (hreinsun og vörn) í öllum rafbúnaði ökutækja svo sem á stungutengi og leiðslu-sambönd, perustæði, tengibox, rofabúnað, raflíða, kveikistraumsdeila, snerturofa, ræsa, rafala, vör, rafgeymapóla og loftnet og til að smyrja viðkvæman vélbúnað.

Vörunúmer: LM3110

Umhirða bílsins

Vatnskassahreinsir 300m

Bætið hreinsinum út í kælivatnið. Hafið kveikt á kælikerfinu. Leyfið vélinni að ganga í 10-30 mínútur í venjulegum gangi.
Tappið hreinsinum af og skolið kælikerfið með vatni. Fyllið á kælikerfið samkvæmt leiðbeiningum frá framleiðanda.
300 ml af hreinsinum er nóg fyrir 10 lítra af vatni.

Vörunúmer: LM2829

Gúmmíumhirða staukur 75ml

Hristið brúsann vel fyrir notkun. Ef meðhöndla á lítil svæði, úðið á klút og berið á. Þegar stór svæði eru meðhöndluð skal úða beint á svæðið og nudda með klúti. Regluleg notkun gefur mestan árangur.

Vörunúmer: LM7182

Lása úði 50ml

Lásaúðinn var hannaður til að smyrja og verja lásinn að innan. Ásamt því að afþýða ísingu innan í lásnum.

Eiginleikar:
- Varanleg ryðvörn
- Skemmir ekki plast, gúmmí og lakk
- Góðir smureiginleikar
- Frábært til af-ísingar
- Minnkar núning og slit

Sérhannað fyrir smurningu og afþýðingu á lásum, hurðarlömum og speglum.

Vörunúmer: LM1528

Stilling
Allt fyrir bílinn

Stilling hf. | Sími 520 8000 | www.stilling.is | stilling@stilling.is



Njóttu þess að fara í sund / sjósund

Verndaðu eyrun með **Ear Band-It Ultra** eyrnaböndum og eyrnatöppum

Fyrirbyggjandi vörn gegn eyrnabólgu og nauðsynlegt fyrir þá sem eru með rör í eyrum eða viðkvæm eyru.
Til í þremur stærðum.

Fæst í apótekum, barnavöruverslunum og Útilíf

Bjartir litir munu einkenna förðunartískuna

KÓNGABLÁIR, FJÓLUBLÁIR OG BLEIKIR KOMA STERKIR INN AÐ MÍNU MATI.

Förðunarfræðingurinn **Fanney Dóra** fer yfir förðunartískuna fyrir sumarið 2018. Hún segir léttan farða verða aðalmálið í sumar og að skærir litir muni ráða ríkjum.

Það sem að ég held að verði mikið í tísku er létt andlitsförðun, að mínu mati eru hlýju mánuðirnir rétti tíminn til að vera með léttari farða og leyfa húðinni að skína í gegn," segir förðunarfræðingurinn Fanney Dóra Veigarsdóttir þegar hún er spurð út í hvernig förðun verði í tísku í sumar.

Fanney segir að skarpar skyggingar muni víkja fyrir smá sólarpúðri og kinnalit. Hún spáir því svo að bjartir litir verði vinsælir í sumar. „Kóngabláir, fjólubláir og bleikir koma sterkir inn að mínu mati. Allt sem er hlýtt, bjart og litríkt.

Svo hefur grafískur eyeliner verið að koma sterkur inn á tískupöllunum fyrir þetta ár," segir Fanney og tekur augnförðunina á sýningu Ulla Johnson sem dæmi.

Fanney Dóra Veigarsdóttir

Annars mælir Fanney með að fólk prófi sig bara áfram án þess að vera of upptekið af því að elta tískustrauma. „Fólk er í auknum mæli farið að prófa sig áfram með alls konar mynstur og liti án þess að það sé endilega í tísku. Það finnst mér geggjað, að allir séu bara að gera sitt." **gudnyhronn@frettabladid.is**

Frægir í nærmynd
Oprah Winfrey

Fullt nafn: **Oprah Gail Winfrey**
Fæðingardagur: **29. janúar, 1954**
Maki: **Stedman Graham**
Börn: **Engin**

Þáttastjórnandinn og leikkonan Oprah Winfrey er afmælisbarn dagsins. Hún fæddist á þessum degi árið 1954 sem gerir hana 64 ára gamla. Oprah er þekktust fyrir að stýra spjallþættinum The Oprah Winfrey Show, oftast kölluðum Oprah. Þátturinn var á dagskrá frá árinu 1986 til 2011 og naut mikilla vinsælda.

Oprah fæddist í Mississippi í mikilli fátækt. Hún fékk starf á útvarpsstöð þegar hún var unglingur og þannig hófst ævintýrið. Á síðari árum hefur hún margoft ratað inn á lista yfir ríkustu og valdamestu konur heims.

Oprah hefur undanfarið verið sögð vera að íhuga forsetaframboð en hún hefur þvertekið fyrir það í viðtölum og segist ekki hafa áhuga á að gegna opinberu embætti.

LÍFIÐ ER NÚNA
STUNDUM ÞARF AÐ MÆTA ERFIÐLEIKUM MEÐ BROSI TIL AÐ SIGRAST Á ÞEIM
#LÍFIÐERNÚNA
KRABBAMEIN KEMUR ÖLLUM VIÐ!
LEGGÐU OKKUR LIÐ
www.lifidernuna.is
FÉLAG UNGS FÓLKS SEM GREINST HEFUR MEÐ KRABBAMEIN OG AÐSTANDENDUR
KRAFTUR

DORMA
Láttu draumin rætast

LOKA-VIKAN
Smáratorgi | Holtagörðum | Akureyri | Ísafirði

Janúar útsalan
ALLT AÐ {60%} AFSLÁTTUR

TAMPA
hornsófi með hvíld

Hornsófi. Ljós- eða dökkgrátt slitsterkt áklæði. Hægri eða vinstri tunga
Stærð: 270 x 215 cm
Fullt verð: 169.900

Aðeins 127.425 kr.

TAMPA
U-sófi

Ljós- eða dökkgrátt slitsterkt áklæði.
Hægri og vinstri tunga.
Stærð: 315 x 215/143 cm.
Fullt verð: 189.900 kr.

Aðeins 142.425 kr.

Afgreiðslutími Rvk
Mánudaga til föstudaga kl. 10-18
Laugardaga kl. 11-17
Sunnudaga kl. 13-17 (Smáratorgi)
www.dorma.is

Holtagörðum, Reykjavík
Smáratorgi, Kópavogi
Dalsbraut 1, Akureyri
Skeiði 1, Ísafirði

DORMA
Láttu draumin rætast

„Eitthvað við það að vera í kringum hunda sem róar“

Félagsskapur hunda hefur hjálpað **Söru Bjarnveigu Bjarnadóttur** mikið í baráttunni við kvíða og þunglyndi en hún segir umgengni við þá hafa róandi áhrif.

Ótal rannsóknir hafa sýnt fram á ávinninginn af því að umgangast hunda og gæludýr almennt. Sara Bjarnveig Bjarnadóttir er ein þeirra sem þekkja vel hvaða góðu áhrif hundar geta haft á fólk en henni þykir ómissandi að vera í kringum hunda. „Ég greindist með kvíða, þunglyndi og áráttu- og þráhyggjuröskun þegar ég var 19 ára. En sálfræðingurinn telur að ég hafi verið með kvíða frá því að ég var allavega 6 ára, vegna eineltis sem ég varð fyrir,“ segir Sara sem hefur umgengist hunda frá því að hún var barn. Það hefur hjálpað henni mikið í baráttunni við kvíða og þunglyndi.


Söru þykir ómissandi að umgangast dýr í veikindum sínum.

„Það hafa alltaf verið hundar á heimilinu mínu. Pabbi tók til dæmis að sér labrador-hunda þegar ég var yngri og þjálfaði þá fyrir lögregluna sem fíkniefnahunda. Ég leit aldrei á þá sem vinnuhunda, þeir hjálpuðu mér rosalega þegar mér leið illa þegar ég var krakki,“ segir Sara sem áleit hundana vini sína. „Ég talaði við hundana og þeir hlustuðu alltaf á mig.“

Spurð út í hvernig hundar hjálpa henni í veikindum segir Sara: „Það er eitthvað við það að vera í kringum hunda sem róar fólk niður. Það að klappa hundum, þessi snerting við feldinn, hjálpar mikið,“ útskýrir Sara sem missti bolabítinn sinn, Yrju, fyrir rúmum þremur árum. „Yrja var mér alltaf innan handar þegar mér leið illa.“

Sara, sem er búsett í Noregi núna, á ekki hund í dag en þar sem henni þykir ómissandi að umgangast hunda fær hún að passa hund nágrannans reglulega.

„Nágrannakona mín á hund sem hún bjargaði af heimili þar sem hann varð fyrir ofbeldi. Ég fæ stundum að passa hann. Það tekur hann langan tíma að treysta fólki en af einhverjum ástæðum varð hann strax hrifinn af mér.

Svo á systir mín líka hund, eldri labrador. Og þegar ég er í einhverju þunglyndiskasti þá biður systir mín mig um að fara með hann út,“ segir Sara sem vill vekja athygli á ávinningi þess að umgangast dýr. **gudnyhronn@frettabladid.is**

Hundurinn Yrja hjálpaði Söru mikið á sínum tíma en Sara missti hana árið 2014.

Í íslenskri hönnun á Sundance

Leikstjórinn Ísold Uggadóttir var valin besti alþjóðlegi leikstjórinn á lokahátíð Sundance-kvikmyndahátíðarinnar um helgina en kvikmynd hennar Andið eðlilega var sýnd þar í síðustu viku. Ísold geislaði á rauða dreglinum í íslenskri hönnun. Hún klæddist glæsilegum kjól frá Geysi sem fæst í nokkrum litasamsetningum. Húm hélt svo á sér hita með úlpu frá 66°Norður. **-gha**

Kjóllinn sem Ísold klæddist heitir Lára og er frá Geysi.
NORDICPHOTOS/GETTY

SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI: Elmar Hallgríms Hallgrímsson *elmar@365.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason *gustaf@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@365.is*, Máté Dalmay *mate@365.is* Sigfús Örn Einarsson *sigfus@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.*bergmann@365.is*, Jóhann Waage *johannwaage@365.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@365.is*, Ólafur H. Hákonarson *olafurh@365.is*, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Elín Albertsdóttir *elin@frettabladid.is* og Ragnheiður Tryggvadóttir *heida@frettabladid.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*

Bíll á mynd er, Honda CR-V með aukabúnaði.

CR-V

Á HONDA BETRA VERÐI

Við lögðum af stað með meira. Meira pláss til að gera góða hluti, eiga góða daga, meira af góðum ferðum. Meiri bíl til að treysta á, aflmeiri, hagkvæmari, sparneytnari. Meira af því sem við gerum vel - gert enn betur.
Já, og meira fyrir peninginn.

SÉRVALDIR HONDA CR-V Á SÉRSTÖKU TILBOÐSVERÐI

HONDA CR-V - **VERTU MEIRA TIL Á MEST SELDA BORGARJEPPA Í HEIMI**

VERÐ FRÁ KR. 5.390.000

Bernhard ehf • Vatnagörðum 24-26 • 104 Reykjavík • Sími 520 1100 • www.bernhard.is
Umboðsaðilar: Bernhard, Reykjanesbæ • Bílver, Akranesi • Höldur, Akureyri • Bragginn, Vestmannaeyjum

HONDA

FRÉTTABLAÐIÐ

Við segjum fréttir Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **512 5000** Vísir

Ritstjórn 512 5200 Fax: 512 5301 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Ísafoldarprentsmiðja

ÞÚ GETUR NÁLGAST FRÍTT EINTAK AF FRÉTTABLAÐINU VÍÐSVEGAR UM LANDIÐ.

Óskir þú eftir því að fá blaðið í áskrift, hafðu samband við Póstdreifingu.

FRÉTTABLAÐIÐ
mest lesna dagblað landsins.

Póstdreifing **Dreifing** dreifing@postdreifing.is
Ef blaðið berst ekki 800 1177

BAKÞANKAR

Láru G. Sigurðardóttur

Illgresi

Nú vilja nokkrir þingmenn lögleiða kannabis, sem er vímuefni búið til úr kvenplöntunni Cannabis sativa.

Þeir sem tala fyrir kannabis hafa gjarnan á orði að kannabis gagnist í lækningaskyni. En læknar hafa ekki verið að sækjast eftir lögleiðingu þar sem mikil hætta er á misnotkun. Rannsóknir sýna að flestir kannabisneytendur séu ungmenni sem sækjast eftir að komast i vímu en ekki sjúklingar sem vilja lina þjáningar eins og oft er haldið fram.

Umrætt frumvarp mun vera byggt á skýrslu á vegum Transform hugveitunnar en á bak við hana er Bretinn Danny Kushlick, sem hefur barist í rúm tuttugu ár fyrir því að lögleiða kannabis. Hvorki hann né annar í hans teymi hefur bakgrunn í heilbrigðisvísindum og þegar gluggað er í skýrsluna skín í gegn vanþekking á stefnumótun í heilbrigðis- og lýðheilsumálum. Hvergi kemur fram hvaða áhrif kannabis hefur á heilsu neytenda.

Af þeim fjölmörgum efnum sem finnast í kannabisplöntunni hefur TetraHydroCannabinol (THC) fengið mesta athygli því það veldur mestu geðhrifunum. THC hefur víðtæk áhrif á heilann. Undir áhrifum er fólk líklegra til að lenda í umferðarslysum og við langvarandi neyslu getur kannabis skert greind og getu til að tileinka sé nýja þekkingu. Börn mæðra sem neyta þess á meðgöngu eru í aukinni hættu á þroskaskerðingu og sýnt hefur verið fram á að kannabis eykur líkur á geðklofa, sjálfsvígum, kvíða og þunglyndi, svo eitthvað sé nefnt.

Með lögleiðingu kannabis mun neysla þess aukast og það mun svo auka neyslu annarra fíkniefna – eins og margar rannsóknir sýna. Það getur ekki talist framfaraspor að sá illgresi í jarðveginn þar sem ungmenni okkar eiga að vaxa og dafna.